FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
22. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 26. JANÚAR 2017

# Útboð Arion í kringum páskana

**Stefnt er að hlutafjárútboði um miðjan apríl þar sem Kaupþing hyggst bjóða til sölu hlut sinn í bankanum. Erlendir fjárfestingarsjóðir hafa fundað með yfirstjórnendum FME vegna mögulegra kaupa.**

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur Kaupþings gera ráð fyrir því að almennt hlutafjárútboð Arion banka, þar sem félagið mun bjóða íslenskum og erlendum fjárfestum að kaupa eignarhlut þess í bankanum, fari fram öðrum hvorum megin við páskahelgina um miðjan apríl næstkomandi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Kaupþing á 87 prósent alls hlutafjár í bankanum en óvíst er hversu stóran hlut félagið hyggst selja í útboðinu. Miðað við bókfært eigið fé Arion banka er hlutur Kaupþings metinn á um 180 milljarða. Kaupþing vildi ekkert tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

Fyrirséð er að eftirspurn á meðal erlendra fjárfesta eftir bankanum mun ráða mestu um niðurstöðu hlutafjárútboðsins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa nokkrir alþjóðlegir fjárfestingarsjóðir, sem eiga það sameiginlegt að hafa sýnt Arion banka áhuga, nýlega átt fundi hér á landi með yfirstjórnendum Fjármálaeftirlitsins (FME) í tengslum við möguleg kaup á hlut í bankanum. Þannig áttu fulltrúar bandarísks sjóðs, sem er jafnframt í hópi stærstu kröfuhafa Kaupþings, slíkan fund með FME fimmtudaginn 12. janúar síðastliðinn, samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins.

Heimildarmenn blaðsins, sem þekkja til þess sem rætt hefur verið um á fundunum, lýsa þeim sem upplýsingafundum. Þannig hefur FME meðal annars leitað eftir því að fá upplýsingar frá forsvarsmönnum viðkomandi fjárfestingarsjóða um eignarhald sjóðanna og önnur atriði sem kunna að varða hugsanlegt hæfi þeirra til að eiga virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. **– hae / sjá síðu 14**

**122**
**milljarðar er sú fjárhæð sem færi til ríkisins ef 87% hlutur Kaupþings myndi seljast miðað við bókfært eigið fé.**



„Ábyrgðin er deiluaðila og það er þeirra að semja. Þetta er eins og með aðrar kjaradeilur, það er ekki ríkisins að leysa þær,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Hún ætlar ekki að setja lög á verkfall sjómanna. Upp úr kjaraviðræðum slitnaði fyrr í vikunni. Á meðan liggur flotinn við bryggju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Grunsamleg úlpa í Polar Nanoq



**LÖGREGLUMÁL** Á meðal sönnunargagna sem lögreglan lagði hald á um borð í togaranum Polar Nanoq í síðustu viku var úlpa þriðja skipverjans, sem handtekinn var nokkrum klukkustundum á eftir þeim tveimur sakborningum sem nú eru í haldi.

Heimildir Fréttablaðsins herma að maðurinn hafi gefið sig fram við lögreglu vegna úlpunnar. Maðurinn hafi gleymt úlpunni í bílaleigubílnum sem skipsfélagi hans hafði til umráða. Á laugardeginum hafi það hins vegar vakið athygli hans að búið væri að þvo úlpuna. **– snæ / sjá síðu 4**

## Framtíð margra íbúa í óvissu

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum mjög ósáttir við hvernig þeir fara að þessu. Það eru svo mikil læti og erfiðleikar í kring um þetta að setja gamalt fólk í þá aðstöðu að þurfa að vera í óvissu um hvar það á að vera. En í sjálfu sér þá höfum við ekki beinan áhuga á því að halda þessu áfram vegna þess að þessi rekstur er það erfiður,“ segir Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins Kumbaravogs.

Guðni segir minnst helming íbúanna á Kumbaravogi ekki enn vita hvar þeir muni búa eftir að heimilinu verður lokað 31. mars. Af þrjátíu heimilismönnum á Kumbaravogi segir Guðni aðeins fjóra flutta út nú þegar; þrjá á Eyrarbakka og einn á Fellsenda í Dölum. Til standi að einhverjir fari í Hveragerði, aðrir á Hellu og einn á Eskifjörð. **– gar / sjá síðu 6**

### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason skrifar um vitstola stjórnmál. 17

**SPORT** Ólafía Þórunn brýtur í dag blað í sögu íslensks golfs. 26

**MENNING** Dagskrá Myrkra músíkdaga hefst í dag og stendur fram á laugardagskvöld. 34



**LÍFIÐ** Sumir virðast hafa greiðan aðgang að æskubrunninum. Fréttablaðið tók saman nokkra þekkta íslenska einstaklinga sem alltaf eru mjög unglegir að sjá. 42

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SÓLARLÖND**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









## Veður




Í dag verður hæglætisveður á landinu, úrkomulítið og vægt frost. Dálítil slydda eða rigning á Suðausturlandi og Austfjörðum og frostlaust þar. SJÁ SÍÐU 30

# Fagna ræðu ráðherrans

**STJÓRNMÁL** Náttúruverndarsamtök Íslands fagna þeim ummælum er lúta að umhverfismálum sem féllu í stefnuræðu Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra í vikunni. Vænta þau þess að orðunum fylgi aðgerðir.

Í fréttatilkynningu frá samtökunum segir að forsætisráðherra Íslands hafi í fyrsta sinn lýst því yfir að ein stærsta ógn samtímans væri loftlagsbreytingar.

Náttúruverndarsamtökin vænta þess að fyrrnefnd ummæli Bjarna Benediktssonar vísi til þess að Íslendingar verði að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þeir verði að draga úr losun um allt að fjörutíu prósent fyrir árið 2030. **– þea**

# Konur í atvinnulífinu heiðraðar fyrir störf sín




Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ráðherra afhenti þremur konum viðurkenningar Félags kvenna í atvinnulífinu. FKA viðurkenninguna 2017 fékk Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og einn eigenda Kjöríss. Hólmfríður Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Iceprotein og Protis, fékk hvatningarviðurkenningu. Hafdís Árnadóttir, stofnandi og eigandi Kramhússins, fékk þakkarviðurkenninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Regnbogasilungur. MYND/ORRI VIGFÚSSON

# Veiðimenn kæra sleppingar

**DÓMSMÁL** Landssamband veiðifélaga hefur kært sleppingu regnbogasilunga úr fiskeldi á Vestfjörðum til lögreglu. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu sem sambandið sendi út í gær. Í henni segir að regnbogasilungur hafi veiðst í fjölmörgum ám víða um land undanfarna mánuði. Meðal annars í Vatnsdalsá, Haffjarðará og Hítará á Mýrum.

„Samkvæmt lögum ber að tilkynna um slysasleppingar án tafar til Fiskistofu en ljóst er að engar slíkar tilkynningar hafa borist. Óhugsandi er að fiskur sleppi úr sjókvíum í þeim mæli sem vísbendingar eru um án vitundar rekstrarleyfishafa,“ segir í tilkynningunni. **– þea**

# Bygging 360 íbúða hafin

**REYKJAVÍK** Uppbygging 360 íbúða hverfis á svokölluðum RÚV-reit við Efstaleiti í Reykjavík er hafin. Frá þessu er greint á vefsíðu Reykjavíkurborgar. Gatnagerð og lagnavinna á svæðinu hófst í nóvember.

Tvær nýjar götur verða byggðar upp á svæðinu og hljóta þær heitin Lágaleiti og Jaðarleiti.

Ásamt íbúðunum 360 er gert ráð fyrir 800 fermetrum verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Þá verða lagðir stígar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og byggð yfirbyggð reiðhjólastæði.

„Gert er ráð fyrir fjölbreytileika í íbúðastærðum. Engin ein íbúðargerð verði umfram 35 prósent íbúða á hverri lóð og sameiginlegur fjöldi eins og tveggja herbergja íbúða fari aldrei yfir 60 prósent. Sorphirða verður með nútímalegum hætti og gert er ráð fyrir djúpgámum og endurvinnslukerfi,“ segir á vefsíðu Reykjavíkurborgar. **– þea**

# Viktor Örn náði þriðja sætinu í Frakklandi

**Um 200 Íslendingar stóðu á áhorfendapöllunum í Lyon í gær og hvöttu Viktor Örn Andrésson þegar hann keppti í matreiðslukeppninni Bocuse d'Or. Nokkrir áhorfenda tóku víkingaklappið með hjálma úr myndinni Hrafninn flýgur.**

**STUÐNINGUR** „Að sjálfsögðu tókum við víkingaklappið. Fyrst horfðu allir aðrir stuðningsmenn á okkur en tóku svo undir næst þegar við tókum það. Þetta var algjör snilld,“ segir Ólafur Helgi Kristjánsson, yfirkokkur á Hótel Sögu, en hann var einn af rúmlega 200 Íslendingum sem sátu í áhorfendastúkunni í Lyon þar sem Bocuse d'Or, heimsmeistarakeppni einstaklinga í matreiðslu, fór fram. Keppnin er ein virtasta matreiðslukeppni heims og eru þátttakendur ávallt meðal fremstu matreiðslumanna sinna landa.

Viktor Örn Andrésson keppti fyrir Íslands hönd og hreppti þriðja sæti. Hann hefur hlotið fjölda viðurkenninga, bæði með kokkalandsliði Íslands og í einstaklingskeppni. Hann var kokkur ársins 2013 og matreiðslumaður Skandinavíu ári síðar. Í forkeppninni, sem haldin var í Búdapest í Ungverjalandi, fékk hann sérstök verðlaun fyrir fiskrétt.

„Bocuse d'Or er svo sérstök matreiðslukeppni miðað við allar aðrar því þetta er meira eins og íþróttakappleikur. Á stuðningsmannapöllunum var fólk í stuði með trommur, söngva, lúðra og fána sinna landa. Það var ævintýraleg stemning, algjörlega klikkuð,“ segir Ólafur en hann var nánast raddlaus enda búinn að vera að hvetja í rúma fimm og hálfan tíma.



Keppendur og aðstoðarmenn ásamt hluta Íslendinganna sem sátu á pöllunum og hvöttu Viktor áfram í fimm og hálfan klukkutíma. MYND/ÞRÁINN FREYR VIGFÚSSON

Viktor Örn hafði þann tíma til að matreiða vegan grænmetisrétt og kjötrétt fyrir 24 dómara. Þjálfari Viktors var Sigurður Helgason, sem keppti í þessari keppni fyrir tveimur árum og naut hann aðstoðar Hinriks Lárussonar. Á meðan sungu Íslendingarnir og hvöttu hann áfram. Eina skiptið sem var þagnað var þegar víkingaklappið margfræga var tekið.



Aðalréttur Viktors í keppninni.

„Allir þeir sem komu hingað voru á eigin vegum. Langflestir tengjast matreiðslu því að það er svo stór fimm daga sýning hérna um leið. Keppnin er haldin í tengslum við hana. Keppnin varð 30 ára í ár en Ísland sendi þátttakanda fyrst árið 1999. Það hefur gengið mjög vel hjá okkar kokkum og þeir hafa alltaf endað á meðal tíu efstu. Við höfum einu sinni fengið brons, það var árið 2001,“ segir hann.

Töluverða athygli vöktu hjálmarnir sem Ólafur og félagar hans voru með en það eru trúlega einhverjir frægustu víkingahjálmar Íslandssögunnar. „Það var einn hérna sem bjargaði okkur um hjálmana úr kvikmyndinni Hrafninn flýgur. Við köllum okkur því frekar stuðningsmannasveitina Hrafnarnir en Tólfan,“ segir Ólafur hress og kátur en frekar raddlaus.

benediktboas@365.is

BJARGAÐU EIGIN SKINNI!
★★★★★
AMAZON.DE
ALLT UM LEYNDARDÓMA HÚÐARINNAR




VERÖLD




Nova býður viðskiptavinum sérkjör á snjallsjónvörpum!

**Samsung Smart TV 55"** KU6405

Flatt **149.990 kr.** stgr.

Bogið 55" **159.990 kr.**

Flatt 49" **119.990 kr.**
Bogið 49" **119.990 kr.**

Flatt 65" **269.990 kr.**
Bogið 65" **289.990 kr.**

# Græjaðu þig fyrir glápið!

Snjallasta leiðin til að horfa á sjónvarp er að eignast snjallsjónvarp á tilboði hjá Nova. Þú streymir öllu efni af netinu beint í tækið.

**Tilboð!**

**Apple TV** 32 GB

**19.990 kr.** stgr.

Fullt verð: **24.990 kr.**




## Ljósleiðari hjá Nova!

**100 GB**

| | |
|---|---|
| **Netnotkun** | **3.990 kr.** |
| Aðgangsgjald | 2.680 kr. |
| Leiga á beini | 690 kr. |
| **Samtals** | **7.360 kr.** |

Hver 100 GB umfram 990 kr.

**1000 GB**

| | |
|---|---|
| **Netnotkun** | **5.990 kr.** |
| Aðgangsgjald | 2.680 kr. |
| Leiga á beini | 690 kr. |
| **Samtals** | **9.360 kr.** |

Hver 100 GB umfram 990 kr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

# Úlpa skipverja þvegin um morguninn

**Ekki liggur fyrir játning í máli tveggja skipverja sem sakaðir eru um að hafa banað Birnu Brjánsdóttur. Þriðji skipverjinn gaf sig fram við lögreglu vegna úlpu sem hann gleymdi í rauða Kia Rio bílnum.**

### Svæðið sem rannsókn lögreglu nær til




**LÖGREGLUMÁL** Á meðal sönnunargagna sem lögreglan lagði hald á um borð í togaranum Polar Nanoq í síðustu viku var úlpa þriðja skipverjans, sem handtekinn var nokkrum klukkustundum á eftir þeim tveimur sakborningum sem nú eru í haldi. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins en jafnframt að maðurinn hafi gefið sig fram við lögreglu vegna úlpunnar.

Heimildir Fréttablaðsins herma að maðurinn hafi gleymt úlpunni í bílaleigubílnum sem skipsfélagi hans hafði til umráða. Á laugardeginum hafi það hins vegar vakið athygli hans að búið væri að setja úlpuna í þvott, hann hafi þó ekki velt því meira fyrir sér. Þegar Polar Nanoq var svo snúið við á þriðjudag í síðustu viku hafi farið að renna tvær grímur á manninn og hann hafi gefið sig fram við sérsveitarmenn Ríkislögreglustjóra, sem tóku skipið og handtóku þá grunuðu miðvikudaginn 18. janúar síðastliðinn. Manninum var sleppt að lokinni yfirheyrslu hjá lögreglu og þá staðfesti Grímur Grímsson að búið væri að útiloka aðild mannsins að málinu.

Lögreglan hefur ekki viljað staðfesta hvaða rannsóknargögn voru haldlögð um borð í togaranum en greint hefur verið frá því að skilríki Birnu Brjánsdóttur hafi verið á meðal þess sem fannst við leit lögreglu.



Blóm og kerti hafa verið lögð við Laugaveg 31. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Birnu var ráðinn bani

Lögregla verst nær allra frétta af niðurstöðu réttarmeinafræðings um andlát Birnu. Í gær fengust þó upplýsingar um að kennslanefnd ríkislögreglustjóra, í samstarfi við réttarmeinafræðinginn, hefði tekið af allan vafa um að lík Birnu hefði fundist í flæðarmálinu við Selvogsvita á sunnudag. Þá sagði Grímur Grímsson, sem fer fyrir rannsókninni, að rannsókn réttarmeinafræðingsins staðfesti að um manndráp væri að ræða.

» **Greint hefur verið frá því að skilríki Birnu Brjánsdóttur hafi verið á meðal þess sem fannst við leit lögreglu.**



Þrír voru handteknir um borð í Polar Nanoq. Einum var sleppt að lokinni yfirheyrslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Í gær fóru fram yfirheyrslur yfir Nikolaj Olsen, öðrum manninum sem grunaður er um að hafa banað Birnu. Nikolaj er skipverjinn sem fór aftur um borð í Polar Nanoq þegar rauði bílaleigubíllinn kom aftur að Hafnarfjarðarhöfn á milli sex og hálf sjö á laugardagsmorgun. Thomas Møller Olsen, yngri skipverjinn, var yfirheyrður á þriðjudag en hann er talinn hafa keyrt tæplega 300 kílómetra um Reykjanesið á laugardagsmorgni og hent líki Birnu í sjóinn. Þegar Fréttablaðið ræddi við Grím um miðjan dag í gær stóð ekki til að yfirheyra Thomas þann daginn og játningar lágu ekki fyrir í málinu.

Sérfræðingar Vegagerðarinnar hafa aðstoðað lögreglu við að kanna hafstrauma frá laugardeginum 14. janúar til sunnudagsins 22. janúar, þegar lík Birnu fannst í flæðarmálinu við Selvogsvita. Niðurstaða þeirra hefur leitt til þess að lögregla beinir sérstaklega sjónum sínum að strandlengjunni frá Grindavík til Óseyrarbrúar. Í samtali við Vísi í gær, útskýrði Sigurður Sigurðsson, strandverkfræðingur hjá Vegagerðinni, að ekki væri talið að líkið hefði borist mjög langa leið að þeim stað þar sem það fannst.

**snaeros@frettabladid.is**

# Fátækir fá enga pelsa sem fara í dýraathvörf með blessun PETA

**FÉLAGSMÁL** Fjölskylduhjálp Íslands er hætt við að úthluta fátækum pelsum sem dýraverndunarsamtökin PETA fluttu til landsins í því skyni.

„Skjólstæðingar okkar skipta þúsundum og því getum við ekki gert upp á milli þeirra fjölmörgu sem búa við fátækt á Íslandi. Heimilislausir hafa nú þegar fengið pelsa til að halda á sér hita í óupphituðum húsakynnum og hriplekum kofum,“ segir í tilkynningu Fjölskylduhjálparinnar, sem kveðst munu ráðstafa pelsunum í dýraathvörf hérlendis.

Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálparinnar, upplýsti á þriðjudag að tekist hefði að þvo úr tveimur pelsum umdeildar merkingar sem PETA málaði til að hindra endursölu og þar með að pelsarnir yrðu gerðir að féþúfu. Sonul Badiani Hamment, sem fylgdi PETA-pelsunum hingað til lands, tók slíkt hins vegar ekki í mál og sagðist mundu fara með pelsana aftur utan ef það stæði til.

> **Við erum ánægð með að allir ónotaðir pelsar verði gefnir í dýraathvörf í bæli til að hlúa að særðum og munaðarlausum dýrum.**
>
> Olivia Jordan, fjölmiðlafulltrúi hjá PETA

Eins og kunnugt er var úthlutun pelsanna gagnrýnd harðlega og sögð meðal annars siðferðislega ámælisverð með því að merkja fátækt fólk sem slíkt og nota það í kynningarstarfsemi.

Olivia Jordan, fjölmiðlafulltrúi hjá PETA, segir samtökin áður hafa gefið pelsa með þessum hætti allt frá San Francisco til Sýrlands og ávallt fengið þakkir fyrir. Þau viti af gagnrýni á úthlutun pelsanna hérlendis og séu sátt við ráðstöfun þeirra. „Við erum ánægð með að allir ónotaðir pelsar verði gefnir í dýraathvörf í bæli til að hlúa að særðum og munaðarlausum dýrum,“ segir Olivia sem kveður þessa leið einmitt áður hafa verið farna á Englandi. **– gar**

FIAT



FRUMSÝNING
TIPO
28. - 29. janúar
5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-15

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# DRAUMABÍLLINN ER Í KAUPTÚNI

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

UB



Toyota Land Cruiser 150 GX
Dísel, Sjálfsk.
Á götuna 5.2014 Ekinn 89.000 km.
Verð 6.850.000,-
Rn. 182647

UB



Toyota Yaris Live
Bensín, Beinsk.
Á götuna 5.2013 Ekinn 88.000 km.
Verð 1.550.000,-
Rn. 182698

BNB



Toyota Prius Plug-in Hybrid
Rafmagn/Bensín, Sjálfsk.
Á götuna 9.2016 Ekinn 1.500 km.
Verð 4.490.000,- Rn. 990779
Betra verð 3.990.000,-

BNB



Toyota Aygo X-Play
Bensín, Beinsk.
Á götuna 6.2016 Ekinn 29.000 km.
Verð 1.670.000,- Rn. 990609
Betra verð 1.500.000,-

UB



Toyota RAV4 GX Plus
Bensín, Sjálfsk.
Á götuna 5.2015 Ekinn 75.000 km.
Verð 4.350.000,- Rn. 450259
Betra verð 3.890.000,-

BNB



Toyota Proace Langur GX
Dísel, Sjálfsk.
Á götuna 9.2013 Ekinn 56.000 km.
Verð 3.290.000,- Rn. 990749
Betra verð 2.950.000,-

BNB



Toyota Yaris Live
Bensín, Beinsk.
Á götuna 6.2016 Ekinn 22.000 km.
Verð 1.970.000,- Rn. 990643
Betra verð 1.830.000,-

UB



Toyota Corolla S/D Active
Bensín, Beinsk.
Á götuna 5.2015 Ekinn 36.000 km.
Verð 2.990.000,-
Rn. 990666

UB



Toyota RAV4 2WD
Dísel, Beinsk.
Á götuna 6.2016 Ekinn 8.000 km.
Sóllúga, Toyota Protect
Verð 4.530.000,- Rn. 182765

BNB



Toyota Auris W/G Active
Bensín, Sjálfsk.
Á götuna 5.2014 Ekinn 22.000 km.
Verð 2.990.000,-
Rn. 990447

BNB



Toyota Auris H/B Active Hybrid
Rafmagn/Bensín, Sjálfsk.
Á götuna 3.2016 Ekinn 4.000 km.
Leiðsögukerfi, krómlisti, filmur
Verð 3.450.000,- Rn. 143920

BNB



Toyota Hilux D/C VX
Dísel, Sjálfsk.
Á götuna 6.2016 Ekinn 10.000 km.
Pallhús, heitklæðning, beisli
Verð 7.430.000,- Rn. 990792

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útisvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kauptúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugg og áhyggjulaus bílaviðskipti

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070
www.toyotakauptuni.is

Opið mán - fös:
07.45 -18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

**BNB** Betri notaðir bílar

**UB** Umboðssölu-bílar



Loðnustofninn er í mikilli lægð og kvótinn eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

## Loðnukvótinn 58.000 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun leggur til að loðnukvótinn á vertíðinni 2016/2017 verði aðeins 57 þúsund tonn.

Vetrarmæling á loðnustofninum fór fram á rannsóknaskipunum Bjarna Sæmundssyni og Árna Friðrikssyni ásamt uppsjávarskipinu Polar Amaroq dagana 11. til 20. janúar 2017 með það að markmiði að meta stærð veiðistofnsins.

Eins og kunnugt er bentu mælingar á loðnustofninum í september/október 2016 til þess að veiðistofninn á vertíðinni 2016/2017 væri lítill og í samræmi við samþykkta aflareglu var ákveðið að engar veiðar yrðu stundaðar nema mælingar í janúar/febrúar 2017 gæfu tilefni til endurskoðunar.

Um 398 þúsund tonn af kynþroska loðnu mældust í fyrri yfirferðinni og í þeirri síðari mældust um 493 þúsund tonn. Meðaltal þessara mælinga, 446 þúsund tonn, er mat á stærð veiðistofns. Gildandi aflaregla, sem stjórnvöld ákváðu að taka upp vorið 2015, liggur niðurstöðunni til grundvallar. – shá

## Fimmtugur flugskóli



Konunglegu sádiarabísku haukarnir, sýningarhópur flughers Sádi-Arabíu, léku listir sínar á fimmtíu ára afmælishátíð skóla flughersins er kenndur er við Faisal konung. Hér má sjá haukana skilja eftir sig þrjá af fjórum einkennislitum Araba. NORDICPHOTOS/AFP

# Greiðsla uppsagnarfrests er í uppnámi

**Framkvæmdastjóri Kumbaravogs segir marga vanta samastað eftir að dvalarheimilinu verður lokað í mars. Hvorki hann né heilbrigðisráðuneytið vilja borga laun starfsmanna sem eiga sex mánaða uppsagnarfrest. Hefur ekki áhuga á áframhaldandi rekstri að óbreyttu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við höfum í raun og veru ekki neinn sérstakan áhuga á því að reyna að snúa þessu við – ekki nema það sé eitthvað betra framundan,“ segir Guðni Kristjánsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda dvalar- og hjúkrunarheimilisins á Kumbaravogi sem verður lokað í lok mars.

Nýleg ráðherraskipti í heilbrigðisráðuneytinu munu að sögn Guðna vísast engu breyta um þá ákvörðun að loka á Kumbaravogi. Hann segir minnst helming íbúanna ekki enn vita hvar þeir muni búa eftir 31. mars.

„Við erum mjög ósáttir við hvernig þeir fara að þessu. Það eru svo mikil læti og erfiðleikar í kring um þetta að setja gamalt fólk í þá aðstöðu að þurfa að vera í óvissu um hvar það á að vera. En í sjálfu sér þá höfum við ekki beinan áhuga á því að halda þessu áfram vegna þess að þessi rekstur er það erfiður,“ segir Guðni.

Af þrjátíu heimilismönnum á Kumbaravogi segir Guðni aðeins fjóra flutta út nú þegar; þrjá á Eyrarbakka og einn á Fellsenda í Dölum. Til standi að einhverjir fari í Hveragerði, aðrir á Hellu og einn á Eskifjörð. „Okkur er bara sagt að þessi sé að fara þangað og hinn hingað en fólkið er nú hérna enn þá,“ segir hann.

Um fimmtíu manns starfa á Kumbaravogi, sumir þó aðeins í hlutastarfi. Allir missa vinnuna. „Það er náttúrlega dálítið bágt og óöruggt enda framtíðin óljós,“ segir Guðni um stemninguna hjá starfsfólkinu. Hann viti aðeins um tvo sem hafi fengið nýtt starf. Þess utan hafi ein kona hvort sem er ætlað að hætta til að snúa sér að öðru.

Allt að sex starfsmenn eru með sex mánaða uppsagnarfrest en óljóst er hver borgar laun þeirra eftir 31. mars. „Svo eiga allir sinn orlofsrétt eftir það, það er líka peningur. Það hefur eitt verkalýðsfélag rætt við þá í ráðuneytinu og þeir hafa svarað að þetta sé alfarið okkar mál hér og komi þeim ekkert við. Það gengur náttúrlega ekki.“

Mikil mannvirki eru á Kumbaravogi sem Guðni segir ekki ákveðið hvernig verði nýtt. „Við erum bara að jafna okkur á þessu. Húsin fara svo sem ekki neitt.“ gar@frettabladid.is



Framkvæmdastjóri Kumbaravogs segir að bíða hefði átt með lokun staðarins þar til nýtt hjúkrunarheimili rís á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


ÚTSÖLULOK!

SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!
Allt gott tekur enda!

Útsölunni lýkur laugardaginn 28.1.
Enn meiri verðlækkun á völdum vörum!

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

F&F

# ENN MEIRI VERÐLÆKKUN AF ÚTSÖLUVÖRUM

# 70%

AFSLÁTTUR

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri

# Eigendur Gló ætla að opna í Kaupmannahöfn

**VIÐSKIPTI** Nýr veitingastaður Gló verður opnaður í Magasin du Nord í Kaupmannahöfn í júní næstkomandi. Staðurinn verður stærsti veitingastaðurinn í dönsku stórversluninni og verður í matarkjallara hennar. Um er að ræða fimmta Gló-staðinn og þann fyrsta utan Íslands.



Elías Guðmundsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Gló, staðfestir þetta í samtali við Fréttablaðið. Segist hann ætla að einbeita sér að uppbyggingu fyrirtækisins á erlendum mörkuðum og að Baldur Már Helgason taki við sem framkvæmdastjóri þess á Íslandi.

„Magasin leitaði til okkar fyrir um tveimur árum með þá hugmynd að byggja upp og reka veitingastað í nafni Gló. Síðan þróaðist hugmyndin og nú höfum við gengið frá samningum og uppbyggingin er fram undan,“ segir Elías.

Gló er í eigu fjárfestanna og hjónanna Birgis Bieltvedt og Eyglóar Bjarkar Kjartansdóttur og hjónanna og stofnenda Gló, Sólveigar Eiríksdóttur og Elíasar Guðmundssonar. **– hg**

**❯❯ Sólveig Eiríksdóttir og Elías Guðmundsson stofnuðu Gló og eiga veitingastaðina ásamt Birgi Bieltvedt og Eygló Björk Kjartansdóttur.**


**Opinn kynningarfundur vegna tillögu að nýju aðalskipulagi Snæfellsbæjar verður haldinn í Klifi Ólafsvík, fimmtudaginn 26. janúar 2017 kl. 20:30**

Vegna vinnu við tillögu nýs aðalskipulags Snæfellsbæjar verður haldinn kynningarfundur í samræmi við 2. málsgrein 30. greinar skipulagslaga og skv. grein 4.6.1 í skipulagsreglugerð. Tilgangur með kynningunni er að gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri áður en tillagan verður afgreidd í auglýsingu.

**Einnig er boðið upp á opinn vinnufund fyrir landeigendur og hagsmunaaðila í dreifbýli Snæfellsbæjar að Lýsuhóli fimmtudaginn 26. janúar 2017 kl. 15:30**

Þar gefst landeigendum og bændum kostur á að fara yfir tillöguna fyrir dreifbýlið af meiri nákvæmni en mögulegt er á kynningarfundinum. Mikilvægt er að fá fram sjónarmið á þessu stigi, svo íbúar og aðrir hagsmunaaðilar fái tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri áður en tillagan verður afgreidd í auglýsingu.

Eftir fundina verða gögn aðgengileg á vef Tæknideildar Snæfellsbæjar, **taeknideild-snb.is** og tekið verður við upplýsingum og/eða athugasemdum til 10. febrúar 2017.



Hollvinasamtök Reykjalundar

# AÐALFUNDUR

**Hollvinasamtaka Reykjalundar verður haldinn í hátíðarsal Reykjalundar laugardaginn 28.janúar og hefst hann kl. 14:00.**

**DAGSKRÁ**

1. Venjuleg aðalfundarstörf.

2. Erindi: Reykjalundur þá og nú.
Magnús Ólason, framkvæmdastjóri lækninga.

Hollvinir hvattir til að mæta og nýjir félagar velkomnir.

*Stjórnin*




**Varðturn á landamærum Bandaríkjanna og Mexíkó. Nú stendur til að reisa vegg á landamærunum.** NORDICPHOTOS/AFP

# Trump skipar fyrir um nýjan landamæravegg

**Donald Trump boðar aðgerðir í innflytjendamálum hið snarasta. Reisa á vegg og innflutningi fólks frá sjö múslimaríkjum verða settar skorður. Samstarfsfólk segir stefnu Trumps skýra hátt gengi Dow Jones-vísitölunnar undanfarið.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, skrifaði í gær undir tilskipun sem krefst þess af öryggismálaráðuneytinu að byggja vegg á landamærunum við Mexíkó. Einnig skrifaði hann undir tilskipun sem gengur út á að skera á fjármagn til svokallaðra griðastaða, borga sem hýsa ólöglega innflytjendur án þess að sækja þá til saka.

Í viðtali við ABC sagði Trump að Mexíkó myndi endurgreiða Bandaríkjamönnum þann kostnað sem fylgir því að reisa vegg á landamærum ríkjanna tveggja. „Mexíkó mun greiða fyrir vegginn. Algjörlega. Hundrað prósent.“

Aðspurður um hvers vegna Enrique Peña Nieto, forseti Mexíkó, neiti því að ríki sitt muni borga sagði Trump: „Ég held að hann þurfi að segja þetta. En ég er að segja þér það, það verður endurgreiðsla af einhverjum toga. Kannski verður hún flókin. Þú verður að skilja að það sem ég er að gera verður gott fyrir Bandaríkin. Það verður einnig gott fyrir Mexíkó.“

**Mexíkó mun greiða fyrir vegginn. Algjörlega. Hundrað prósent.**

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



Trump sagði enn fremur að undirbúningur væri kominn af stað og að framkvæmdin sjálf hæfist á næstu mánuðum. Viðræður við Mexíkó um hvernig ríkið eigi að borga vegginn hefjist brátt.

BBC greinir frá því að Trump hyggist undirrita fleiri tilskipanir sem tengjast innflytjendamálum á næstu dögum. Meðal annars tilskipun sem tengist stórauknu eftirliti með innflytjendum frá sjö ríkjum Afríku og Mið-Austurlöndum.

Trump hugsar þó ekki eingöngu um landamæraeftirlit þessa dagana. Í gær sagði hann að kosningar nóvembermánaðar yrðu rannsakaðar og athugað yrði hvort milljónir hefðu kosið ólöglega, líkt og Trump hefur haldið fram. Í færslum sínum á Twitter hélt Trump því fram að fólk hefði kosið í tveimur ríkjum, ólöglegir innflytjendur hafi kosið og jafnvel þeir sem skráðir eru látnir.

Dow Jones-vísitalan fór í fyrsta sinn yfir tuttugu þúsund stig í gær í 131 árs sögu sinni. Hefur vísitalan því hækkað um nærri tvö þúsund stig frá kosningunum í nóvember síðastliðnum. Samstarfsfólk Trumps var fljótt að bendla nýja metið við forsetann og deildi Kellyanne Conway, ráðgjafi Trumps, frétt um metið á Twitter. „Trump-áhrifin,“ skrifaði Conway í færslunni.

BBC greinir frá því að fjárfestar hafi flestir trú á því að sum stefnumála Trumps gætu hækkað verðbólgu og þar með vexti. Einnig hafi áform um að lækka skatta á fyrirtæki áhrif. **thorgnyr@frettabladid.is**




Það er sama hvert tilefnið er, það verður alltaf meira spennandi með Volkswagen Polo. Hann hefur þennan eiginleika að keyra þig áfram með hvað sem þér dettur í hug. Gefðu hugarfluginu lausan tauminn og hoppaðu upp í Polo. Ævintýrin bíða þín.

Volkswagen

www.volkswagen.is

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

# Fram hjá spítalanum á leið í sjúkraflug

**Bæjarstjóri Vestmannaeyja segir stöðuna í heilbrigðismálum bæjarins afleita. Skorar á nýjan heilbrigðisráðherra að höggva á hnútinn. Eyjamenn þurfa til Reykjavíkur vegna smávægilegs krankleika og til þess að fæða börn sín. Sparnaður ríkisins leggst á fjölskyldur.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Staðan í heilbrigðismálum hér í Vestmannaeyjum er hreint út sagt afleit. Í stað þeirrar nærþjónustu sem tók áratugi að byggja upp eru sjúklingar í stórauknum mæli fluttir að þjónustunni í Reykjavík, í stað þess að fá hana hér í bæjarfélaginu. Hagræðið í þessu er náttúrlega ekkert því ofan á alla beina heilbrigðisþjónustu vegna læknisþjónustu, lyfja, legu og fleira bætist rándýr flutningskostnaður," segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

### Um land allt?

Hafi eitthvert eitt mál staðið upp úr í aðdraganda alþingiskosninganna í október þá voru það heilbrigðismálin. Umræðan um þennan mikilvæga málaflokk snerist um stöðuna á Landspítalanum en minna fór fyrir umræðu um stöðu heilbrigðisstofnana úti um land – en það er kunnara en frá þurfi að segja að niðurskurður þjónustunnar hefur ekki síður bitnað á þeim en þjóðarsjúkrahúsinu. Krafa tæplega 90 þúsund Íslendinga, sem skrifuðu nafn sitt undir undirskriftasöfnun Kára Stefánssonar, um að ríkið verji ellefu prósentum af vergri landsframleiðslu til heilbrigðismála, var útgangspunktur umræðunnar. Þegar svo mjög er rætt um uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar, stendur eftir sú stóra spurning hvort verið sé að tala um sterkan Landspítala eða sterkar heilbrigðisstofnanir um allt land.

Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja, sem nú hefur verið sameinuð undir merkjum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, hefur ekki farið varhluta af niðurskurði. Vegna sérstöðu sveitarfélagsins brennur það kannski frekar á íbúum Vestmannaeyja en annarra, að grunnþjónusta sé aðgengileg á staðnum. Þessa má finna stað í fundargerðum sveitarfélagsins mörg ár aftur í tímann – sem eru allar áþekkar.

### 70% fleiri sjúkraflug

Á fundi bæjarráðs 13. janúar 2015 er bókað: „Bæjarráð lýsir yfir miklum áhyggjum af versnandi stöðu heilbrigðismála í Vestmannaeyjum og vaxandi kostnaðar vegna sjúkraflugs til og frá Eyjum. Það þarf ekki að koma á óvart að eftir því sem þjónusta á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja hefur verið skert þá hefur kostnaður vegna sjúkraflugs aukist. Staðreyndin er enda sú að fólk veikist og slasast alveg jafnt þótt heilbrigðisþjónusta á landsbyggðinni sé skert. Breytingin er því eingöngu sú að þjónusta sem áður var veitt t.d. á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja er nú veitt í Reykjavík. Skerðing á bráðaþjónustu og viðbragðsgetu Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja hefur því orðið til þess að frá 2013 til 2014 er um 70% fjölgun í sjúkraflugi að ræða." Enn fremur er vikið að því að kostnaður við hvert sjúkraflug er verulegur eða 600 þúsund krónur. Árin 2013, 2014, 2015 og 2016 voru sjúkraflug frá Eyjum yfir hundrað talsins og töluverður fjöldi þeirra hefði verið óþarfur ef skerðing á þjónustu hefði ekki komið til.

Elliði segir að það alvarlegast að í Eyjum er ekki starfrækt skurðstofa sem ræður bæði við neyðarþjónustu og einfaldari aðgerðir og hins vegar að ekki skuli vera veitt full fæðingarþjónusta.

„Stundum hefur því verið fleygt framan í okkur að læknar vilji ekki búa á landsbyggðinni og því væri ekki hægt að manna þessar stöður. Fyrir nokkrum árum létum við reyna á þessar fullyrðingar og í ljós kom að þær voru hreinlega rangar. Með ríkum vilja var til að mynda bæði hægt að fá til starfa svæfingar- og skurðlækni á stofnunina hér í Eyjum. Það sem vantar er fyrst og fremst pólitískur vilji," segir Elliði og bætir við að fyrir sjúklinga og aðra þjónustuþega, svo sem foreldra sem eiga von á barni, sé ástandið hroðalegt.

„Fæðing er náttúrulega stærsta stund hverra foreldra og í raun hverrar fjölskyldu. Fyrir velferðarríki eins og okkar er fráleitt að tvístra fjölskyldum á slíkum stundum. Eldri börnum þarf jafnvel að koma í pössun, ömmur og afar hafa ekki tök á að veita stuðning og foreldrarnir sjálfir að taka sér frí frá vinnu langt umfram það sem annars myndi gerast. Þar ofan á bætist svo gríðarlegur kostnaður vegna leigu á húsnæði í borginni, uppihalds og margs fleira. Sé ríkið að sjá einhverjar krónur í hagræðingu á þessu fyrirkomulagi þá er alveg ljóst að verið er að flytja kostnaðinn margfalt yfir á sjúklinga og foreldra," segir Elliði.




**Þessi auglýsing var birt í Eyjafréttum þegar eigendur veitingahússins Canton í Vestmannaeyjum þurftu að loka fyrir viku. Ekki er ljóst hvenær fjölskyldan getur opnað veitingastaðinn sinn að nýju.** MYND/EYJAFRÉTTIR

### Í mannlegu valdi

Elliði segir að sveitarstjórnarfólk í Eyjum sé búið að reyna allt sem í mannlegu valdi stendur til að opna augu heilbrigðisyfirvalda fyrir þessu ófremdarástandi – en án árangurs.

„Við höfum til að mynda lagt það til að Vestmannaeyjabær taki að sér alla heilbrigðisþjónustu með þjónustusamningi en eyru ráðafólks hafa verið dauf þegar að rödd okkar kemur. Alvarlegast í þessu þykir okkur að fyrir fáeinum misserum skipuðum við starfshóp ásamt heilbrigðisráðuneytinu sem fara átti yfir þjónustustig heilbrigðisstofnunarinnar hér í Eyjum. Um margt var starfshópurinn ósammála en var einróma um að hér ætti án undantekninga að vera rekin svokölluð C1 fæðingarþjónusta [C1 er millistór fæðingardeild þar sem auk ljósmæðra starfa fæðinga- og kvensjúkdómalæknir og/eða skurðlæknir sem hefur þjálfun í bráða-fæðingarhjálp, áhaldafæðingum og keisaraskurði. Hægt er að bjóða upp á framköllun fæðinga og mænurótardeyfingu. Bráðaaðgangur að skurðstofu með svæfingarlækni er þar allan sólarhringinn.] Skýrslunni var skilað en þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan þá vitum við ekki betur en að hún sé enn á skrifborðshorni ráðherra. Svona vinnubrögð ganga náttúrulega ekki."

Elliði hnykkir á því að á ári hverju greiða Eyjamenn átta milljarða í sameiginlega sjóði þjóðarinnar – þrír skili sér til baka vegna þjónustu í nærsamfélaginu og þá er rekstur Landeyjahafnar og Herjólfs tekinn með.

„Okkur finnst því ekki frekt að ætlast til að við fáum stuðning við að veita hér þannig heilbrigðisþjónustu að börn geti hér fæðst og þeir sem veikjast fái þjónustu. Við trúum því að nýkjörnir þingmenn og nýr ráðherra heilbrigðismála leggi okkur lið í baráttunni. Velferð Vestmannaeyja er undir," segir Elliði.

svavar@frettabladid.is

**600**

**þúsund krónur kostar sjúkraflug frá Eyjum til Reykjavíkur.**

**Sé ríkið að sjá einhverjar krónur í hagræðingu á þessu fyrirkomulagi þá er alveg ljóst að verið er að flytja kostnaðinn margfalt yfir á sjúklinga og foreldra.**

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum






## Lögfræðingar Snowdens líta til Íslands

**ERLENT** „Það eru margir núna sem horfa með mikilli bjartsýni til Íslands," sagði lögfræðingur uppljóstrarans Edwards Snowden, hinn bandaríski Ben Wizner, á mánudag þegar Evrópuþingið tók mál uppljóstrarans fyrir. Alþjóðlegt lögfræðingateymi Snowdens flutti málið.

Lögfræðingarnir hafa ekki formlega óskað eftir hæli fyrir Snowden í Evrópu en hann hefur verið í Rússlandi síðan 2013. Teymið færði þau rök fyrir máli sínu að hann ætti að geta ferðast um Evrópu eins og hann væri með vegabréf þaðan. Wolfgang Kaleck, einn úr teyminu benti á að Snowden gæti fengið fangelsisdóm upp á þúsund ár yrði hann dæmdur fyrir brot sín.

„Evrópusambandinu ber skylda til að styðja við bakið á honum," sagði Kaleck en uppljóstranir Snowdens ollu hneykslun um allan heim. Rússnesk stjórnvöld ákváðu í síðustu viku að framlengja dvalarleyfi Snowdens í landinu um tvö ár. Hann ljóstraði upp um leynigögn frá bandarískum stofnunum. Fram kom í ræðum lögfræðingateymisins að það fylgdist vel með stjórnmálaástandi heimsins. Væri von þundin við Spán, Þýskaland og Ísland, með áherslu á Ísland, að veita Snowden hæli. – bb




**Edward Snowden hefur verið í Rússlandi síðan 2013. Hér er hann á símafundi á ráðstefnu New York Times í september síðastliðnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Lögfræðingar Snowdens segja Evrópusambandinu bera skylda til að styðja við bakið á honum.**

# HVAÐ ERT ÞÚ TILBÚIN(N) AÐ BORGA FYRIR ALVÖRU JEPPA?




## GERÐU SAMANBURÐ Á VERÐI OG BÚNAÐI!

**Sjá samanburð á benni.is**

**Rexton frá: 4.990.000 kr.**

SSANGYONG

1975 | Bílabúð Benna | 2015

**Verið velkomin í reynsluakstur!** | **benni.is.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardag frá 12:00 til 16:00

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM! KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI



www.bilaland.is



Rnr. 152519

HYUNDAI Santa Fe III Comfort.
Nýskr. 06/15, ekinn 68 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 5.390 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 320602

LAND ROVER Discovery 4 HSE.
Nýskr. 05/11, ekinn 103 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 7.590 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 121191

KIA Sportage EX.
Nýskr. 02/14, ekinn 73 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 4.090 þús. kr.

Staðsetning: Hyundai, Kauptúni 1



Rnr. 320770

VW Passat Comfortline.
Nýskr. 08/14, ekinn 58 þ.km, dísil, sjálfskiptur.

VERÐ 3.590 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 152546

RENAULT Kadjar 4WD.
Nýskr. 01/16, ekinn 59 þ.km, dísil, beinskiptur.

VERÐ 3.690 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11



Rnr. 284174

NISSAN Note Acenta Plus.
Nýskr. 07/15, ekinn 52 þ.km, bensín, beinskiptur.

VERÐ 2.290 þús. kr.

Staðsetning: Klettháls 11

bílaland

Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM79812






# Gerðu kröfu um að Lilja yrði formaður

**Sjálfstæðisflokkurinn setti það skilyrði í samningaviðræðum við minnihlutann á þingi að Lilja Alfreðsdóttir yrði formaður efnahags- og viðskiptanefndar. Stjórnarandstaðan sögð hafa hafnað ákveðnum kjörum sem henni voru boðin.**

**ALÞINGI** Líklegt þykir að formennska allra fastanefnda Alþingis verði í höndum stjórnarmeirihlutans á þingi. Sjálfstæðisflokkurinn setti þá kröfu að Lilja Alfreðsdóttir yrði formaður efnahags- og viðskiptanefndar þingsins. Þessari kröfu Sjálfstæðisflokksins vildi stjórnarandstaðan ekki una og varð þess valdandi að upp úr slitnaði milli stjórnar og stjórnarandstöðu um formennsku þingnefnda.

Sterkasta staða stjórnarandstöðu í sögu þingsins var á síðasta kjörtímabili. Þá átti stjórnarandstaðan tvo formenn fastanefnda og fjóra varaformenn. Síðustu daga hafa flokkarnir á þingi reynt að koma sér saman um hvernig málum skuli háttað á þessu þingi. Minnihlutinn vildi sættast á formennsku í þremur nefndum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu Viðreisn og Björt framtíð ekki uppi skilyrði um að handvelja formenn stjórnarandstöðunnar. Aðeins hafi verið uppi skilyrði meðal Sjálfstæðisflokks um hvaða stjórnarandstöðuþingmenn mættu taka sér formennsku.

„Miðað við fjölda þingmanna stjórnarandstöðu vildum við fjóra formenn í fastanefndum en stjórnin sagði fyrst að við fengjum bara tvo,“ segir Oddný Harðardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. „Það reyndar kom á daginn að við sammæltumst um að stjórnarandstaðan fengi formennsku í þremur nefndum. Síðan verður það krafa að stjórnarflokkarnir handpikka fólk og flokka í formennsku nefnda og það strandaði á því.“

## Stóðu „ákveðin kjör til boða“

Á þingi starfa átta fastanefndir og jafnmargar alþjóðanefndir. Búið var að ganga frá skipun í alþjóðanefndir þingsins og gaf Björt framtíð eftir þrjú sæti í alþjóðanefndum þingsins til stjórnarandstöðunnar til að liðka fyrir samningum milli stjórnar og stjórnarandstöðu. „Við gáfum eftir okkar sæti þar og var okkar skilningur sá að þetta væri hluti af heildarpakkanum,“ segir Theodóra Þorsteinsdóttir, formaður þingflokks Bjartrar framtíðar.

Birgir Ármannsson staðfestir að það hafi verið skilyrði Sjálfstæðisflokksins að Lilja Alfreðsdóttir yrði formaður efnahags- og viðskiptanefndar þingsins. „Það má segja að boltinn hafi verið hjá stjórnarandstöðu. Að henni stæðu ákveðin kjör til boða ef svo má segja. Við hefðum verið til í að gefa eftir og héldum því opnu þangað til nefndarfundir hófust í gærmorgun. Stjórnarandstaðan hafnaði því og þá auðvitað verðum við að setja okkar fólk til þessara verka til að nefndir geti hafið störf með eðlilegum hætti,“ segir Birgir.

## Hert eftirlit og hækka orlofsgreiðslur

Ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar áformar að leggja fram 101 mál á komandi vori í formi lagafrumvarpa, þingsályktana eða skýrslna. Ellefu ráðherrar ríkisstjórnarinnar munu meðal annars herða eftirlit með steranotkun, flýta för hælisleitenda úr landi og hækka lágmarksupphæð fæðingarorlofs svo eitthvað sé nefnt. Samstarf stjórnar- og stjórnarandstöðu er sagt mjög stirt eftir samningaviðræður síðustu daga.

Þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar var dreift eftir stefnuræðu forsætisráðherra síðastliðinn þriðjudag. Kemur þar fram að flest lagafrumvörp koma frá Benedikt Jóhannessyni fjármálaráðherra en fæst málin frá Bjarna Benediktssyni. Sigríður Andersen ætlar að herða eftirlit og takmarka aðgang að efnum sem hægt er að nota sem sprengiefni og flýta för þeirra hælisleitenda úr landi sem koma að tilhæfulausu til landsins.

Þorsteinn Víglundsson mun meðal annars flytja lagafrumvörp um jafnlaunavottun fyrirtækja með fleiri en 25 starfsmenn og hækka lágmarksfjárhæð fæðingarorlofs. Lenging fæðingarorlofsins bíður betri tíma að mati ráðherrans. „Niðurstaðan er að fyrsta skrefið hljóti að vera að hækka greiðslur, enda stórir hópar, einkum karlar, sem telja sér ekki fært að taka neitt orlof. Lenging orlofsins nýtur ekki sama forgangs hjá ráðherra félags- og jafnréttismála og sú brýna þörf sem er á því að tryggja börnum samvistir við foreldra sína á fyrstu mánuðunum,“ segir Þorsteinn.

sveinn@frettabladid.is

## Fjöldi mála ráðherra á þingmálaskrá



**Bjarni Benediktsson**
1 þingsályktun
2 skýrslur



**Sigríður Andersen**
8 lagafrumvörp Þar af 1 innleiðing ESB-reglugerðar
2 þingsályktanir



**Þorsteinn Víglundsson**
9 lagafrumvörp Þar af 2 innleiðingar ESB-reglugerða
4 þingsályktanir



**Benedikt Jóhannesson**
15 lagafrumvörp Þar af 11 innleiðingar ESB-reglugerða
2 þingsályktanir



**Kristján Þór Júlíusson**
3 lagafrumvörp Þar af 1 innleiðing ESB-reglugerðar



**Óttarr Proppé**
4 lagafrumvörp Þarf af 1 innleiðing ESB-reglugerðar
1 þingsályktun



**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
8 lagafrumvörp
1 þingsályktun



**Guðlaugur Þór Þórðarson**
2 lagafrumvörp
10 þingsályktanir Þar af 8 ákvarðanir EES-nefndarinnar



**Jón Gunnarsson**
9 lagafrumvörp Þar af 3 innleiðingar ESB-reglugerða



**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**
6 lagafrumvörp
1 þingsályktun



**Björt Ólafsdóttir**
10 lagafrumvörp Þar af 5 innleiðingar ESB-reglugerða
2 þingsályktanir
1 skýrsla

**Fjölbreytt mál**
Ráðherrar ríkisstjórnarinnar munu meðal annars herða eftirlit með steranotkun, flýta för hælisleitenda úr landi og hækka lágmarksupphæð fæðingarorlofs.

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ALLIR BÍLALEIGUBÍLAR Í ÁBYRGÐ!

EKKI MISSA AF ÞESSU!

**MEIRIHÁTTAR TILBOÐ!**
**ALLT AÐ 400.000 KR. AFSLÁTTUR**

KOMDU Í DAG!



400.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 2.750.000 kr.**
~~Verð 3.150.000 kr.~~
**Ford Mondeo Titanium** SVD85
04/2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur.
Grænn. Ek. 59.000 km.



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 2.090.000 kr.**
~~Verð: 2.290.000 kr.~~
**Ford Fiesta Titanium** VJV34
04/2016, 1,0i bensín, sjálfskiptur.
Ljósbrúnn. Ek. 43.000 km.
Í ÁBYRGÐ



340.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 1.990.000 kr.**
~~Verð 2.330.000 kr.~~
**Citroën C4 Feel** GXJ53
05/2015, 1,6HDi dísil, beinskiptur.
Silfur. Ek. 44.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 1.550.000 kr.**
~~Verð 1.750.000 kr.~~
**Citroën Nemo Fourgon** PYU76
07/2014, 1,3HDi dísil, beinskiptur.
Hvítur. Ek. 23.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 2.490.000 kr.**
~~Verð: 2.690.000 kr.~~
**Ford Focus Trend Edition** DHX81
05/2016, 1,0i bensín, beinskiptur.
Hvítur. Ek. 36.000 km.
Í ÁBYRGÐ



300.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 2.690.000 kr.**
~~Verð 2.990.000 kr.~~
**Ford Kuga Titanium** GGJ84
06/2014, 2,0TDCi dísil, beinskiptur.
Grár. Ek. 118.000 km.



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 1.690.000 kr.**
~~Verð 1.890.000 kr.~~
**Citroën C4 Cactus Feel** BYM06
06/2015, 1,2i bensín, beinskiptur.
Rauður/Svartur. Ek. 47.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 4.190.000 kr.**
~~Verð: 4.390.000 kr.~~
**Mazda CX-5 Vision** SVX98
12/2015, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 72.000 km.
Í ÁBYRGÐ



300.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 5.490.000 kr.**
~~Verð: 5.790.000 kr.~~
**Ford Edge SEL** JRP76
06/2015, 3,5i bensín, sjálfskiptur.
Silfur. Ek. 72.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ 3.390.000 kr.**
~~Verð: 3.590.000 kr.~~
**Mazda CX-3 Optimum AWD** FGU22
05/2016, 2,0 SKYACTIV bensín, sjálfskiptur.
Grár. Ek. 43.000 km.
Í ÁBYRGÐ



300.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 3.690.000 kr.**
~~Verð: 3.990.000 kr.~~
**Ford Kuga Titanium** OAE54
03/2015, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Grænn. Ek. 87.000 km.
Í ÁBYRGÐ



200.000 KR. AFSLÁTTUR

**TILBOÐ: 1.990.000 kr.**
~~Verð 2.190.000 kr.~~
**Citroën Berlingo Multispace** SNH50
3/2015, 1,6HDi dísil, beinskiptur.
Grár. Ek. 47.000 km.
Í ÁBYRGÐ

- Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí
- Allt að 90% fjármögnun í boði
- Komdu og prófaðu

**NOTADIR.BRIMBORG.IS**

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söludeildir eru opnar
virka daga kl. 9-17
og laugardaga 12-16.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Myndir af bílunum eru aðeins tákn um bíla sömu gerðar og því getur útbúnaður og litur verið frábrugðinn.

## Gunnar á 46% í Fréttatímanum

Gunnar Smári Egilsson, ritstjóri Fréttatímans, keypti nýlega 16,5 prósenta hlut í Morgundegi, útgáfufélagi blaðsins, af Vogabakka, fjárfestingarfélagi Árna Haukssonar og Hallbjörns Karlssonar. Ritstjórinn verður því áfram stærsti einstaki eigandi útgáfufélagsins en hann á nú alls 46 prósent af hlutafé þess.

Dexter fjárfestingar ehf., í eigu Sigurðar Gísla Pálmasonar, fjárfestis og eins eigenda Ikea á Íslandi, á 29 prósent og keypti því 10,9 prósent af Vogabakka. Valdimar Birgisson, framkvæmda- og auglýsingastjóri blaðsins, á fjórðungshlut. Eins og Fréttablaðið greindi frá hættu Árni, sem var stjórnarformaður útgáfufélagsins, og Hallbjörn afskiptum af rekstri. **– hg**



**Hellisheiðarvirkjun er ellefu ára gömul jarðvarmavirkjun.**

## Ætla ekki að selja virkjun

„Ég get einungis talað fyrir sjálfan mig og ég sé enga ástæðu til að selja þetta og mun ekki samþykkja það,“ segir S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, um kauptilboð einkahlutafélagsins MJDB í eignarhlut Reykjavíkurborgar í Hellisheiðarvirkjun.

Björn segir að tilboðið verði rætt í borgarráði í dag. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri ítrekaði í gær í samtali við fréttastofu RÚV að Orkuveita Reykjavíkur væri ekki til sölu. Tilefnið var frétt Fréttablaðsins um tilboð MJDB í eignarhluti Reykjavíkur, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar í Hellisheiðarvirkjun.

„Kjarni málsins er að Orkuveitan er ekki til sölu. Það er beðið um trúnað á tilboðinu en það er enginn trúnaður á þessari skoðun minni að Orkuveitan er ekki til sölu,“ segir Dagur B. í samtali við Fréttablaðið. **– hg**



**Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri**

# Stefnt að hlutafjárútboði Arion banka í kringum páska

**Kaupþing hyggst bjóða til sölu hlut í almennu útboði sem er áætlað að fari fram öðrum hvorum megin við páskahelgina í apríl. Erlendir fjárfestingarsjóðir hafa að undanförnu átt fundi með yfirstjórnendum FME í tengslum við möguleg kaup á hlut í bankanum. Í þeim hópi eru sjóðir sem eru kröfuhafar í Kaupþingi.**




**Væntingar eru um að erlendir fjárfestar muni kaupa megnið af þeim bréfum sem Kaupþing hyggst bjóða til sölu í væntanlegu útboði Arion banka um miðjan aprílmánuð.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Stefnt er að því að almennt hlutafjárútboð Arion banka, þar sem Kaupþing hyggst bjóða til sölu eignarhlut sinn í bankanum, verði haldið öðrum hvorum megin við páskahelgina um miðjan aprílmánuð næstkomandi, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hversu stóran hlut Kaupþing áformar að selja í útboðinu en félagið á í dag 87 prósent alls hlutafjár í Arion banka. Væntingar eru um að erlendir fjárfestar muni kaupa megnið af þeim bréfum sem boðin verða til sölu en í kjölfar útboðsins verður bankinn skráður á markað í Kauphöll Íslands og í Kauphöllinni í Svíþjóð.

Kaupþing vildi ekkert tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

Erlendir fjárfestingarsjóðir, sem eiga það sammerkt að hafa sýnt Arion banka áhuga, hafa á síðustu vikum og mánuðum átt fundi hér á landi með yfirstjórnendum Fjármálaeftirlitsins (FME) í tengslum við möguleg kaup þeirra á hlut í bankanum, samkvæmt öruggum heimildum Fréttablaðsins. Slíkur fundur fór síðast fram 12. janúar síðastliðinn. Heimildarmenn blaðsins, sem hafa vitneskju um þá fundi sem stjórnendur FME hafa samþykkt að eiga með nokkrum fjárfestingarsjóðum, lýsa þeim sem upplýsingafundum.

### Eignarhald og hæfi

Fyrir forsvarsmenn sjóðanna, en bæði er um að ræða vogunarsjóði og eins hefðbundnari fjárfestingarsjóði, hefur markmiðið með slíkum fundum meðal annars verið að fá upplýsingar um vinnu FME við innleiðingu á nýju regluverki um starfsemi fjármálastofnana – það sem er nefnt Basel III – á grundvelli tilskipana og reglugerða ESB. Þá hefur Fjármálaeftirlitið á hinn bóginn leitast eftir því á fundunum að fá upplýsingar um eignarhald viðkomandi sjóða og önnur atriði sem kunna að varða mögulegt hæfi þeirra til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Fréttablaðið hefur ekki fengið upplýsingar um nöfn þeirra sjóða sem hafa fundað með FME að undanförnu en í þeim hópi eru meðal annars bandarískir fjárfestingarsjóðir sem eru stórir hluthafar í Kaupþingi.

Í viðtali sem birtist í Viðskiptablaðinu í liðinni viku sagði Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri FME, að „æskilegast væri að fá virta langtímafjárfesta“ að bönkunum. Hún benti hins vegar á að þess konar erlendir fjárfestar væru í hinum vestræna heimi ekki að kaupa í bönkum – heldur þvert á móti að losa sig úr slíkum fjárfestingum. „Einu aðilarnir sem virðast hafa áhuga á því að kaupa banka eru sjóðir, t.d. vogunarsjóðir, sem leggja mikið á sig til að leyna því hverjir þeir eru í raun og veru.“

### Útboð og hornsteinsfjárfestar

Greint var frá því í Markaðnum, fylgiriti Fréttablaðsins um viðskipti og efnahagsmál, fyrr í þessum mánuði að nánast útilokað væri að hópur íslenskra lífeyrissjóða myndi kaupa tuga prósenta eignarhlut í Arion banka í gegnum lokað útboð. Viðræður milli Kaupþings og fulltrúa sjóðanna, sem höfðu staðið yfir frá því á haustmánuðum, runnu út í sandinn í byrjun desember. Verðhugmyndir lífeyrissjóðanna voru með þeim hætti – þær gerðu ráð fyrir kaupverði sem væri nokkuð undir genginu 0,8 miðað við bókfært eigið fé Arion banka – að afar ólíklegt þótti að samkomulag gæti náðst um sölu á hlut í bankanum til sjóðanna. Þeir drógu sig því út úr viðræðunum.

> **180**
> **milljarðar er verðmæti hlutar Kaupþings í Arion banka miðað við bókfært eigið fé.**

Kaupþing vonast hins vegar til að lífeyrissjóðirnir taki þátt í fyrirhuguðu hlutafjárútboði Arion banka. Þar er horft til þess að lífeyrissjóðunum verði boðið, ásamt ýmsum erlendum fjárfestingarsjóðum, að vera í hópi hornsteinsfjárfesta í útboðinu. Þá myndu þeir skuldbinda sig til að kaupa tiltekinn eignarhlut á sama verði og aðrir þátttakendur, en semja ekki um sérstakt verð líkt og kjölfestufjárfestar að undangengnu forvali í lokuðu útboði.

Sá sem hefur leitt vinnu Kaupþings í tengslum við söluferlið er Benedikt Gíslason, sem situr í stjórn félagsins, og þá hefur hæstaréttarlögmaðurinn Óttar Pálsson nýlega bæst við í þann hóp. Óttar situr í stjórn Kaupþings og er á meðal eiganda að lögmannsstofunni LOGOS sem kemur að verkefninu sem lögfræðilegur ráðgjafi. Sá sem fer einkum fyrir þeirri vinnu hjá LOGOS er Þórólfur Jónsson, eigandi og stjórnarformaður lögmannsstofunnar. Þeir bankar sem hafa verið ráðnir umsjónaraðilar með útboðinu eru Morgan Stanley, Citi og sænski fjárfestingarbankinn Carnegie. Þá mun Deutsche Bank vera í hlutverki söluráðgjafa auk þess sem gengið verður innan skamms frá samkomulagi við tvö eða fleiri íslensk fjármálafyrirtæki. **hordur@frettabladid.is**




Glæsilegt úrval á pier.is



# ÚTSÖLULOK

20-70% AFSLÁTTUR • GILDIR 26. JAN. – 1. FEB.





the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

# Ólíkur skilningur á eðli fjölmiðla



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Við upphaf síðasta blaðamannafundar síns í embætti í síðustu viku beindi Barack Obama orðum sínum sérstaklega að fjölmiðlum.

„Þið eigið að vera efahyggjufólk, þið eigið að spyrja mig erfiðra spurninga. Þið eigið ekki að hrósa heldur eigið þið að varpa gagnrýnu ljósi á þá sem hafa mikil völd og tryggja að við séum ábyrg gagnvart þeim sem komu okkur í embætti. Og það hafið þið gert,“ sagði Obama. Þessi skilningur hans á fjölmiðlum endurspeglar skilning mannréttindadómstóla á stöðu fjölmiðla. Þannig hefur Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) margsinnis komist að þeirri niðurstöðu í dómum að fjölmiðlar séu „varðhundur almennings“ og það sé aðeins hægt að skerða tjáningarfrelsi fjölmiðla hafi skerðingin verið nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Päivi Hirvelä, fyrrverandi dómari við MDE og fyrrverandi ríkissaksóknari Finnlands, sagði í grein sem birtist 2012 að blaða- og fréttamenn „væru ekki eins og venjulegt fólk. Líkt og opinberir embættismenn þjónuðu þeir samfélaginu í heild og væru verndarar lýðræðis.“

Bæði núverandi og fyrrverandi forsætisráðherra Íslands hafa lýst skoðunum sem endurspegla takmarkaðan skilning á stöðu og eðli fjölmiðla. Skoðanir Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar á fjölmiðlum eru vel þekktar. Í mörg ár hefur hann verið sannfærður um að ákveðnir fréttamenn, aðallega starfsmenn RÚV, séu á móti sér persónulega og lýst því viðhorfi í greinum og viðtölum.

Í færslu á Facebook á síðasta ári, meðan Bjarni Benediktsson var fjármálaráðherra, lýsti hann fjölmiðlum og þá aðallega þessu blaði sem „tómri skel“ af því að í ritstjórnargreinum birtust ólíkar skoðanir. Bjarni lýsti þessu viðhorfi eftir að hann hafði verið gagnrýndur í Markaðnum, viðskiptablaði Fréttablaðsins. Hann endurtók þetta svo í svari við fyrirspurn Katrínar Jakobsdóttur á Alþingi 18. ágúst 2016. „(Þ)egar maður horfir yfir fjölmiðlaumhverfið á Íslandi í dag finnst manni víða skorta skýra ritstjórnarstefnu þegar birtist þar ein skoðun í dag og önnur á morgun. Ýmsu dengt fram og þá sitja viðkomandi fjölmiðlar eftir sem tóm skel,“ sagði ráðherrann. Í andsvari bætti hann í og sagði: „Menn geta alveg verið í fjölmiðlarekstri á Íslandi mín vegna og skipt um skoðun á hverjum degi og dælt út hvaða dellu sem er, gjörið svo vel.“

New York Times hefur í tvígang notað orðið „lygi“ með áberandi hætti á forsíðu um ummæli Donalds Trump. Í þessu felst skýr yfirlýsing um að blaðið ætli ekki að láta forsetann og hans fólk hræða sig til hlýðni. Gagnrýni Trumps á fjölmiðla verður ekki lögð að jöfnu við athugasemdir Sigmundar og Bjarna. Það er samt óvenjulegt að þjóðarleiðtogar séu svo hörundsárir að þeir þoli ekki gagnrýna umfjöllun. Það er mikilvægt að fjölmiðlar virði viðkvæmni stjórnmálamanna að vettugi og haldi áfram að fjalla með gagnrýnum hætti um störf þeirra. Aðeins þá geta þeir þjónað lesendum sínum.

**Bæði núverandi og fyrrverandi forsætisráðherra Íslands hafa lýst skoðunum sem endurspegla takmarkaðan skilning á stöðu og eðli fjölmiðla.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Sendingin frá Rio Tinto**
**Ráðherra iðnaðar- og ferðamála, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, réð í gær Ólaf Teit Guðnason til starfa í ráðuneytið sem aðstoðarmann sinn. Á sama tíma og fullyrða má að Ólafur Teitur, sem hefur starfað um árabil hjá Rio Tinto Alcan í Straumsvík, hafi ágæta innsýn í þann málaflokk sem atvinnuvegaráðuneytið fæst við er hægt að spyrja sig hvort þessi sending frá álverinu sé hugsuð sem mótvægi við umhverfisverndarsinnana sem Björt Ólafsdóttir réð í umhverfis- og auðlindaráðuneytið.**

**Hljóðir Píratar**
**Þegar Píratar voru fyrst kjörnir á þing vorið 2013 voru þeir þrír talsins, Birgitta Jónsdóttir, Jón Þór Ólafsson og Helgi Hrafn Gunnarsson. Þau létu mikið til sín taka og voru áberandi í Facebook-hópnum Pírataspjallinu. Þótt þessi tiltekna síða sé í dag mjög virk má það heita öfugmæli að nú, eftir kosningarnar í haust þegar í þingflokknum eru tíu manns, er rödd þingflokksins þar næstum hljóðnuð. Eini þingmaðurinn sem nennir eða getur talað til fólksins er Jón Þór Ólafsson. Spurning hvort það er rétt sem Jónas Kristjánsson fjölmiðlamaður segir að allur vindur hafi fokið burt í kosningunum, sem ollu mörgum Pírötum vonbrigðum.** jonhakon@frettabladid.is

# Víðerni, viðmið og væntingar



Sverrir Jan Norðfjörð
framkvæmdastjóri þróunar- og tæknisviðs Landsnets

Undanfarin misseri hefur umræðan um víðerni miðhálendisins verið ofarlega á baugi og að þau séu meðal annars eitt einkenna íslenskrar náttúru og mikilvægt aðdráttarafl ferðamanna.

Með gildistöku nýrra náttúruverndarlaga árið 2015 og samþykktrar landsskipulagsstefnu árið 2016 er sérstaklega vikið að víðernum, þau endurskilgreind og skapaður grundvöllur til að hlúa að þeim og verndun þeirra. Til þess að svo megi verða liggur fyrir að ráðast þarf í gerð nýrrar kortlagningar sem sýnir umfang og þróun víðerna. Í landsskipulagsstefnu var Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun falið að hafa forgöngu um það verk og ákveða viðmið fyrir mat á umfangi víðerna út frá skipulagssjónarmiðum og að til staðar verði uppfærð kort sem sýni umfang víðerna fyrir skipulagsvinnu sveitarfélaga og annarra aðila.

Það er mikilvægt allri áætlanagerð að til staðar sé skýr stefna stjórnvalda auk nauðsynlegra grunngagna, í tilviki kerfisáætlunar Landsnets er mikilvægt að til staðar sé stefna um uppbyggingu raforkukerfisins og viðmið sem nýtast við að meta umfang og gæði víðerna. Landsnet væntir þess að við gerð næstu kerfisáætlunar liggi þessi atriði skýrar fyrir en við gerð þeirrar sem nýlega hefur verið kynnt og hvetur þá sem bera ábyrgð á þeirri vinnu að ljúka henni sem fyrst.

Kerfisáætlun Landsnets er lögð fram árlega og byggir hverju sinni á fyrirliggjandi gögnum, líkt og lög kveða á um og gert var í nýkynntri áætlun. Landsnet mun taka tillit til nýrra gagna sem snúa að víðernum sem og öðrum þáttum við gerð framtíðar kerfisáætlana.

Hin árlega endurskoðun með samtali við almenning og hagsmunaðila er hluti af þróunarferli kerfisáætlunar og stuðlar að því að sem mest sátt náist um innihald hennar. Landsnet þakkar þær ábendingar sem fram komu við gerð kerfisáætlunar 2016-2025, sem verið er að vinna úr. Allar athugasemdir og viðbrögð við þeim verða birt á www.landsnet.is þegar þeirri vinnu er lokið.

**Það er mikilvægt allri áætlanagerð að til staðar sé skýr stefna stjórnvalda auk nauðsynlegra grunngagna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Vitstola stjórnmál

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Aldrei í manna minnum ef þá nokkurn tímann hefur nýr forseti Bandaríkjanna fengið kaldari kveðjur en Donald Trump fær nú. Enginn nýr forseti hefur mætt svo megnri andúð enda greiddi aðeins fjórði hver atkvæðisbærra manna honum atkvæði sitt í kosningunum í nóvember. Trump hlaut 63 milljónir atkvæða (46%) en andstæðingur hans Hillary Clinton hlaut 66 milljónir atkvæða (48%). Kosningaþátttaka var 55%.

Þetta er í fimmta sinn sem forseti Bandaríkjanna nær kjöri með minni hluta atkvæða að baki sér, en það gerðist síðast árið 2000 þegar repúblikaninn George W. Bush sigraði demókratann Al Gore þótt Gore fengi hálfa milljón atkvæða umfram Bush á landsvísu. Það gerði illt verra að Hæstiréttur Bandaríkjanna stöðvaði endurtalningu atkvæða í Flórída sem úrslitin ultu á og dæmdi Bush forsetaembættið með fimm atkvæðum gegn fjórum eftir flokkslínum. Hæstiréttur stal forsetaembættinu eins og Alan Dershowitz, lagaprófessor í Harvard-háskóla, lýsir í bók sinni Supreme Injustice: How the High Court Hijacked Election 2000. Trúlega hefur enginn einn atburður síðustu áratuga átt ríkari þátt í að grafa undan áliti Bandaríkjanna innan lands og utan.

Engan þarf því að undra að milljónir manna hafa mótmælt embættistöku Trumps um allan heim. Andstæðingar hans og fjölmiðlar hamra á veikleikum hans, vömmum og vanhæfi. Lögfræðingar staðhæfa að sú ákvörðun forsetans að fela sonum sínum frekar en óháðum aðilum að fara með fyrirtæki hans og fjármál feli í sér hættu á alvarlegum hagsmunaárekstrum og sé því brot gegn stjórnarskránni; málsókn er hafin. Aðrir, þar á meðal virtir þingmenn, draga lögmæti forsetakjörsins í efa vegna gruns um íhlutun Rússa í kosningabaráttuna. Einræðisherrar og öfgamenn víða um heim, þar á meðal evrópskir nýfasistar, fagna embættistöku Trumps.

### Lögmæti og lýðræði

Þessu óþægilega ljósi er vert að varpa á stjórnmálaástandið hér heima. Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir um nýju ríkisstjórnina: „Ríkisstjórnin er siðferðilega ólögmæt og nýtur ekki trausts.“ Svanur rökstyður ályktun sína með því að benda á opinberar upplýsingar sem fv. ríkisstjórn hélt leyndum fyrir kjósendum í haust leið, upplýsingar um Panama-skjölin o.fl. sem hefðu getað haft afgerandi áhrif á úrslit kosninganna og girt fyrir myndun meirihlutastjórnar á Alþingi með 47% atkvæða að baki sér. Svanur hefði getað stutt mál sitt frekari rökum með því að vísa á slóð gjaldþrota og annarrar fjármálaóreiðu nokkurra ráðherra í ríkisstjórninni auk annarra hátt settra sjálfstæðismanna og annarra. Svanur ályktar: „Ríkisstjórnin ... nýtur ekki nauðsynlegs trausts til að endurreisa íslenska lýðveldið eftir Hrunið“ – enda er hún skipuð nokkrum þekktum hrunverjum. Ný skoðanakönnun Maskínu styður ályktun Svans en skv. könnuninni styður aðeins fjórðungur kjósenda ríkisstjórnina.

Trúlega munu hrunverjarnir í ríkisstjórninni verjast slíkum ábendingum með því að svara: Já, en við náðum kjöri.

Það svar strandar á einni röksemd enn sem Svanur Kristjánsson hefði getað nefnt til sögunnar og vegur þyngra en báðar hinna. Alþingiskosningarnar í haust leið voru ólögmætar í þeim skilningi að þær voru haldnar í samræmi við kosningalög sem kjósendur höfnuðu í þjóðaratkvæði 2012. Kjósendur voru þá m.a. spurðir í fyrsta sinn hvort þeir vildu að nýja stjórnarskráin kvæði á um jafnt vægi atkvæða. Tveir þriðju hlutar kjósenda lýstu stuðningi við jafnt vægi atkvæða. Af þessum úrslitum leiddi að Alþingi var leyfilegt að halda aðeins einar kosningar enn, 2013, í samræmi við gömlu kosningalögin enda varð ekki hjá því komizt og myndi staðfesting Alþingis á nýju stjórnarskránni þá tryggja að næstu kosningar, 2016, yrðu haldnar í samræmi við nýja stjórnarskrá og ákvæði hennar um jafnt vægi atkvæða. Alþingi brást þessari frumskyldu. Kosningarnar í haust leið voru því beinlínis stolnar eins og ráða má m.a. af því að Sjálfstæðisflokkurinn með sín 29% atkvæða hlaut 21 þingsæti en hefði að réttu lagi átt að hljóta 18 sæti eða 19 í mesta lagi.

Þar eð ójafnt vægi atkvæða varðar mannréttindi kann að koma til þess að kosningarnar verði kærðar til dómstóla á þeim grundvelli.

### Fórnarlömb hrunsins

Ríkisstjórnin nýja styðst á Alþingi við 32 þingmenn af 63. Þennan nauma meiri hluta skipa m.a. tvö þekkt fórnarlömb hrunsins, Theodóra S. Þorsteinsdóttir, formaður þingflokks Bjartrar framtíðar, og Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Theodóra segir farir sínar og foreldra sinna ekki sléttar í kvikmyndinni Ránsfengur eftir Pétur Einarsson fv. bankamann,

**Þar eð ójafnt vægi atkvæða varðar mannréttindi kann að koma til þess að kosningarnar verði kærðar til dómstóla á þeim grundvelli.**

áhrifamikilli mynd um hrunið og framferði bankanna sem sjónvarpið sýndi fyrir skömmu. Vilhjálmur hefur ásamt öðrum gert ítrekaðar tilraunir til að draga Landsbankann til ábyrgðar fyrir rétti. Landsbankinn var e.k. einkabanki Sjálfstæðisflokksins fram að hruni með sjálfan framkvæmdastjóra flokksins við háborðið í bankaráðinu.

Ný ríkisstjórn Íslands er ekki bara skipuð fólki sem hljóp frá skuldum við föllnu bankana í milljarðavís, heldur er hún í þokkabót skipuð ekki færri en þrem eða fjórum ráðherrum af 11 úr röðum Samtaka atvinnulífsins. Það var Viðskiptaráð, bezti vinur SA, ekki bankarnir sjálfir, sem keypti erlendu hvítþvottarskýrslurnar um bankana 2006 og 2008 og magnaði fjárskaðann af völdum hrunsins með því móti. Enginn viðskiptalífsforkólfur hefur enn beðizt afsökunar á framferði sínu, með einni undantekningu.

Myndun slíkrar ríkisstjórnar eftir allt sem á undan er gengið vitnar um fáheyrða óskammfeilni. Varðar þau Theodóru S. Þorsteinsdóttur og Vilhjálm Bjarnason ekkert um þær mörgu fjölskyldur sem misstu heimili sín og aðrar eigur í hendur bankanna? – til að fjármagna m.a. afskriftir óreiðuskulda stjórnmálamanna og annarra.

# Falskur stjórnarsáttmáli



Sigurjón Þórðarson
líffræðingur

Mikil völd felast í miðlun upplýsinga. Á það við um það hvernig og hvaða mál eru sett fram og á hvaða tímapunkti upplýsingar eru veittar.

Í því ljósi er hægt að skilja þá sem vilja tryggja eigin hagsmuni með því að halda úti fjölmiðlum á borð við Morgunblaðið og 365 miðla þó að iðulega sé mikið tap á rekstri þeirra. Það er heldur ekki sama hvenær upplýsingar eru veittar. Það var engin tilviljun að núverandi forsætisráðherra ákvað að halda leyndum upplýsingum um þær gríðarháu fjárhæðir sem auð- og fjárglæframenn höfðu falið í skattaskjólum fram yfir síðustu alþingiskosningar. Forsætisráðherra hefur nefnilega sjálfur komið fjármunum í umrædd skjól sem hafa þann helsta tilgang að svíkja undan skatti.

Í aðdraganda forsetakosninganna í Bandaríkjunum varð sú leið áberandi að reynt var að hafa áhrif á skoðanir almennings með því að dreifa fölskum fréttum eða lygafréttum. Rifja má upp að lygaupplýsingar eru einnig komnar frá stjórnvöldum vestrænna lýðræðisríkja og hafa verið notaðar til að réttlæta hernaðaraðgerðir. Bjöguð og beinlínis röng upplýsingagjöf hefur orðið til þess að rýra traust almennings á fréttaflutningi og upplýsingagjöf stjórnvalda.

Í stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar er það yfirlýsta markmið að byggja upp traust á grunnstoðum samfélagsins og gæta þess að ólík sjónarmið komist rækilega á framfæri. Engu að síður koma fram í stefnuyfirlýsingunni rammfalskar fullyrðingar sem standast ekki nokkra skoðun heldur þjóna mögulega þröngum sérhagsmunum.

Hér er átt við ósannindin um að núverandi kvótakerfi hafi skilað þjóðhagslegum ávinningi og sé umhverfisvænt.

**Í sjálfu sér er ekkert við því að segja að leiðtogar Viðreisnar og BF hafi gefist upp á að ná fram stefnu flokka sinna eða skipt um skoðun þegar færi gafst á að setjast í mjúka ráðherrastóla.**

### Einokunarhagnaður

Opinber tölfræði er í hrópandi mótsögn við framangreinda fullyrðingu en landaður afli helstu nytjategunda er helmingurinn af því sem hann var fyrir daga kvótakerfisins. Sjávarbyggðirnar sem áður skiluðu arði eru nú brothættar byggðir auk þess sem einokunarhagnaður þeirra sem hafa einkarétt á að róa til fiskjar fer með hverju árinu sem líður í æ færri vasa. Í glænýrri skýrslu Hafró kemur fram að þúsundum tonnum af þorski hafi verið hent í sjóinn á síðasta fiskveiðiári og hvernig sem litið er á málið getur það ekki talist „sjálfbært“.

Við lestur stjórnarsáttmálans er ekki hægt að sjá neitt annað en að bæði Viðreisn og Björt framtíð séu sammála Sjálfstæðisflokknum um að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi sé það besta í heimi. Viðreisn sem hélt því að kjósendum að flokkurinn vildi koma á víðtækum kerfisbreytingum, einkum á sviði landbúnaðar og hagstjórnar en þó allra helst sjávarútvegi, hefur algerlega kúvent. Að minnsta kosti finnast engin merki um að slíkt sé í farvatninu ef lesin er stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Í sjálfu sér er ekkert við því að segja að leiðtogar Viðreisnar og BF hafi gefist upp á að ná fram stefnu flokka sinna eða skipt um skoðun þegar færi gafst á að setjast í mjúka ráðherrastóla. Í stað þess að forystumenn Viðreisnar og BF viðurkenni hið augljósa er farin leið sem verður vart aumari, þ.e. að halda á lofti ósannindum.

101 TÆKIFÆRI





**Þingholtsstræti 27**

**TIL LEIGU** einstaklega vel staðsett um **460 m²** rými í miðborg Reykjavíkur á horni Þingholtsstrætis og Skálholtsstígar. Rýmið er á tveimur hæðum, komið inná jarðhæð og möguleiki á aðgengi í kjallara af jarðhæð. Ótal möguleikar eru með nýtingu á rýminu t.d. verslun, skrifstofur, kaffihús o.s.frv. Á heimasíðu okkar **www.reginn.is** má finna nánari upplýsingar um eignina, svæðið, tillögur og hugmyndir sem unnar hafa verið um mögulega nýtingu.

Leigutaki hefur möguleika á að hanna rýmið með leigusala og séraðlaga þannig húsnæðið að sínum þörfum. Hér er á ferðinni einstakt tækifæri á frábærum stað í hjarta Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar
í síma **666 4000**
eða **leiga@reginn.is**

reginn.is
reginn@reginn.is
sími 512 8900

Reginn
FASTEIGNAFÉLAG


KRÓNAN
Krónan mælir með!
Gott verð!
199 kr. kg
Appelsínur í lausu, Spánn
539 kr. pk.
Avocado í neti 750g, Perú og Suður Afríku
Tilboðin gilda til 29. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
-20%
447 kr. pk.
Avocado þroskað 3 stk., Perú og Suður Afríku
Verð áður 559 kr. pk.
Borðaðu mig - bestur núna!
EAT ME I'M TASTY
Spisemodne Avocado
Indhold: 3 stk
EAT ME I'M TASTY
180 kr. kg
Vatnsmelónur, Brasilía
Tilboðin gilda til 29. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is


KRÓNAN
Grísamedalíur, Spánn
1499 kr. kg
New York marinering
-35%
1482 kr. kg
Lúxus úrbeinaðar grísakótilettur, úrval marineringa, Spánn
Verð áður ~~2280~~ kr. kg
Gott verð!
Grísahakk
764 kr. kg
Verð áður ~~899~~ kr. kg
-20%
1359 kr. kg
Grísagúllas og snitsel
Verð áður ~~1699~~ kr. kg
-20%
959 kr. kg
Grísasíður í sneiðum, Spánn
Verð áður ~~1199~~ kr. kg
Tilboðin gilda til 29. janúar. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN

**Ódýrt**

**Ódýrt**

Alpro jurtamjólk í kassa

VEGAN

**279** kr. stk.

**249 kr. stk. ef keypt eru 8 stk. í kassa = 1992 kr. pk.**

**249** kr. pk.

Krónu Chia fræ, 300 g - 829 kr.kg

**199** kr. pk.

Frosin bláber 250 g - 796 kr.kg

**Ódýrt**

**159** kr. pk.

Frosin jarðarber 400 g - 398 kr.kg

# Árinni kennir illur ræðari!



Júlíus K. Björnsson
sálfræðingur

Undanfarið hefur farið fram nokkur umræða um nýjustu PISA-könnunina og versnandi árangur íslenskra nemenda. Frammistaða íslensku nemendanna nú var sú lakasta á öllum Norðurlöndunum og jafnframt sú lakasta frá árinu 2001, þegar fyrsta PISA-könnunin var gerð. Í kjölfarið hafa ýmsir haft ýmislegt til málanna að leggja en sumt af því hefur því miður snúist um aukaatriði og leitt umræðuna frá því sem máli skiptir, sem er hvað beri að gera til að snúa þessari þróun við.

### Þýðingarvillur ekki skýringin

Auðvitað verður að vanda þýðingu prófa eins og PISA. Ef hnökrar koma í ljós í því ferli þarf auðvitað að bæta úr þeim á besta mögulegan máta. Umræðan um þýðingar og gæði þeirra breytir hins vegar ekki því að niðurstaða PISA-könnunarinnar var ekki góð og verður lakari með hverri umferð rannsóknarinnar. Rétt er að undirstrika að þessi þróun er fyrst og fremst mæld með verkefnum sem breytast ekki milli prófa. Því er útilokað að þýðingarvillur núna skipti máli varðandi það fall í frammistöðu sem niðurstöðurnar sýna. Frammistaðan nú var mæld á sama kvarða og síðast þannig að þær þýðingarvillur sem voru til staðar geta ómögulega hafa haft þessi miklu áhrif.

Það skal einnig áréttað að allir skólar og flestallir nemendur á Íslandi taka þátt í rannsókninni, þó svo hægt væri að notast við minna úrtak. Úrtökin sem notuð eru í öðrum löndum eru um það bil jafn stór og allur nemendahópurinn á Íslandi og því eru allir prófaðir hér, svo samanburðurinn við önnur lönd verði sem réttastur. Ef minna úrtak væri notað á Íslandi þyrftu breytingar yfir tíma og munur á niðurstöðum milli Íslands og annarra landa að vera mun meiri en nú er til að þessi mismunur teldist marktækur. Þetta fyrirkomulag tryggir jafnframt að íslensku niðurstöðurnar eru mun öruggari en niðurstöður annarra landa, þar sem rannsóknin byggir bara á úrtaki nemenda.

Í PISA-könnuninni 2015 var notast við 185 verkefni í náttúrufræði, 108 verkefni í lestri og 83 verkefni í stærðfræði. Verkefnin voru öll valin með hliðsjón af þeim kröfum sem settar eru fram í kenningaramma PISA-rannsóknarinnar þar sem skilgreint er hvaða efni skuli prófa, hvernig og hversu mikið af hverju sviði. Þýðingarvillur geta því ekki haft mikil áhrif á heildarniðurstöðuna og skýra enn síður þróunina á milli prófa þar sem verkefnin, sem meta breytinguna, hafa ekki breyst á milli áranna 2012 og 2015. Eflaust má þó alltaf finna einhverja hnökra á prófum sem þessum eða galla í framkvæmdinni en ekkert af því réttlætir að afskrifa heildarniðurstöðuna sem misvísandi eða ranga.

### Stuðst við bestu aðferðafræði

Undirritaður hefur unnið við PISA-rannsóknina frá upphafi og ég get með góðri samvisku sagt að stuðst er við bestu aðferðafræði sem völ er á við framkvæmdina. Fleiri hundruð manns í yfir 70 löndum vinna að PISA-könnuninni. Hver umferð tekur þrjú ár og að framkvæmdinni koma heimsins fremstu sérfræðingar í prófafræðum, tungumálum, lestri, stærðfræði og náttúrufræði, ásamt fjöldamörgum öðrum. Að afskrifa þessa niðurstöðu á grundvelli þess sem einstaklingar hér á landi setja fram um einn hnökra á rannsókninni er ótækt, með fullri virðingu fyrir viðkomandi.

Árinni kennir illur ræðari segir máltækið og það skyldum við muna. Við getum valið um að kenna sendiboðanum um hinar slæmu fréttir eða skoða og greina skilaboðin og notfæra okkur til gagns til framtíðar.

Til að það megi verða þurfa allir sem hlut eiga að máli nú að taka höndum saman. Greina þarf stöðuna og og finna lausnir sem bætt geta ástandið til lengri tíma litið. Hér duga engar skyndilausnir og rétt að undirstrika að það er langhlaup að breyta árangri skólakerfisins til batnaðar. Það krefst bæði þrautseigju, þols og skýrrar hugsunar um alla þá þætti sem hafa áhrif á námsárangur.

### Menntun barnanna það mikilvægasta

Það var mjög ánægjulegt að lesa yfirlýsingu Kennarasambandsins í kjölfar PISA-niðurstöðunnar þar sem hvatt var til að allir taki nú höndum saman og finni lausnir. Með slíku hugarfari komumst við áleiðis. Það ásamt þrautseigju og vinnu mun örugglega skila betri niðurstöðu.

Að öllum öðrum ólöstuðum hvílir þetta verkefni fyrst og fremst á kennurum landsins. Þeir eru mikilvægasti hlekkurinn í þessari vinnu en þeir þurfa stuðning og aðstoð allra þeirra sem að málinu koma, stjórnvalda, sveitarfélaga og fjölmargra annarra. Aðstæður kennara og allra starfsmanna skólanna verða að vera í lagi til þess að verkefnið vinnist vel. Fjölskyldur þurfa upplýsingar og stuðning og stjórnvöld og stjórnendur skólanna þurfa ætíð að muna að það er árangur og velferð barnanna sem á að vera í brennidepli.

**Að öllum öðrum ólöstuðum hvílir þetta verkefni fyrst og fremst á kennurum landsins. Þeir eru mikilvægasti hlekkurinn í þessari vinnu en þeir þurfa stuðning og aðstoð allra þeirra sem að málinu koma, stjórnvalda, sveitarfélaga og fjölmargra annarra.**

Gleymum því ekki að menntun barnanna okkar er það mikilvægasta sem við gerum fyrir framtíðina. Með því að bæta hana komumst við næst því að tryggja þeim betri og öruggari framtíð.

*Höfundur er sálfræðingur, fyrrverandi forstöðumaður Námsmatsstofnunar og starfar nú við Háskólann í Ósló að skólarannsóknum og stýrir m.a. framkvæmd PISA og TIMSS-rannsóknanna í Noregi.*

**visir.is** Lengri útgáfu greinarinnar má sjá á Vísi.

# Jafnrétti og vinnumarkaður



Ólafur Grétar Gunnarsson
fjölskyldu- og hjónaráðgjafi, sjálfstætt starfandi fræðimaður í jafnréttis- og forvarnarfræðslu

**Nú þurfa fyrirtæki að standa með mikilvægasta starfsfólkinu sínu og styðja ráðherrann í þessu framfaraskrefi.**

Ég fylgist spenntur með aðgerðum ráðherra jafnréttis- og vinnumála í ljósi þátttöku hans í umræðum á þörf um styrkingu fæðingarorlofssjóðs þegar hann var framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Málið er mikilvægt og gæti orðið djásn ríkisstjórnarinnar.

Þörfin á styrkingu foreldrahlutverksins er öllum ljós. Íslenskir foreldrar leggja vinnumarkaðnum til fleiri vinnustundir samtals en í samanburðarlöndum og veldur það óhjákvæmilega ójafnvægi í fjölskyldum, vinnumarkaði og velferðarkerfinu. Nú þegar vel árar hjá fyrirtækjum er lag að koma þessari grunnstyrkingu fjölskyldna í viðeigandi farveg. Fjármögnun yrði einföld. Tryggingagjaldið lækkar ekki og hluti af greiðslum færi í að styrkja fæðingarorlofssjóð.

Nú þurfa fyrirtæki að standa með mikilvægasta starfsfólkinu sínu og styðja ráðherrann í þessu framfaraskrefi. Með þessari einföldu breytingu má lengja fæðingarorlofið í 15 mánuði strax. Greiðslur þurfa að nema sömu krónutölu og laun hjá foreldrum með meðallaun og lægri. Jafnréttisfræðsla þarf að birtast og auka stuðning á mikilvægustu ævidögunum frá getnaði til 2 ára aldurs barnsins. Lengja orlofið um 3 mánuði á ári næstu 3 ár þar til átján mánaða orlofinu er náð. Árangurinn sem næst með þessari aðgerð er mun varanlegri heldur en stofnanainngrip, sem standa yfirleitt í stuttan tíma og koma til alltof seint, þegar óafturkræfur skaði hefur orðið. Jákvæðu áhrifin munu birtast í heilbrigðari fjölskyldum, starfsfólki í betra jafnvægi sem þýðir betri afköst. Einnig munu starfsskilyrði í menntakerfinu verða viðráðanlegri.

Alþingi hefur lengi verið ljós þörfin á fræðslu fyrir verðandi feður. Ákvæði um fræðslu fyrir verðandi feður hefur verið í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar frá árinu 1998. Í framkvæmdaáætluninni fyrir árin 1998-2001 sagði: 6.5. „Feðrafræðsla fyrir verðandi feður. Unnið verður að því að koma á sérstakri feðrafræðslu sem hluta af þeim undirbúningi sem verðandi foreldrum er boðið upp á.“

Enn bólar ekkert á þessum stuðningi við íslenska feður. Karlmenn hafa litla sögulega hefð í uppeldi barna sinna og það er ekki sjálfgefið að allir læri fljótt og örugglega að ala upp börn. Við þurfum því að veita körlum tækifæri til að axla ábyrgð á uppeldi barna sinna strax í frumbernsku þeirra. Þetta hafa sérfræðingar bent á í tvo áratugi. Stuðningur við foreldra á mikilvægasta æviskeiði barnsins skilar sér allt að nífalt til baka samkvæmt Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði. Styrking fæðingarorlofssjóðs er einnig afar hagkvæm leið til að fyrirbyggja brottfall ungs fólks af vinnumarkaði sem náði nýjum hæðum með 22% fjölgun öryrkja árið 2016.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT

# Skortur á einbýlum á Landspítala – vandamál við einangrun smitandi sjúklinga

Berglind Guðrún Chu formaður
Ardís Henriksdóttir
Ásdís Elfarsdóttir Jelle
Jóhanna Lilja Hjörleifsdóttir
Súsanna K. Knútsdóttir
f. h. faghóps um hjúkrun sjúklinga með sýkingar

**Bygging nýs spítala er að okkar mati forgangsmál þjóðarinnar allrar og öll töf bitnar á sjúklingum sem þurfa að nota þjónustu stofnunarinnar.**

Hjúkrunarfræðingar á Landspítala sem mynda faghóp um hjúkrun sjúklinga með sýkingar hvetja til að bygginu nýs spítala við Hringbraut verði hraðað eins og frekast er unnt og eru ýmsar ástæður fyrir því.

Sífellt færist í vöxt að ónæmar bakteríur greinist hjá sjúklingum á Landspítala og valdi sýkingum sem getur verið erfitt eða illmögulegt að meðhöndla. Þessi þróun á sér stað um allan heim og nú er svo komið að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin metur sýklalyfjaónæmi baktería sem ógn við lýðheilsu[1]. Þó svo að við hér á landi greinum færri ónæmar bakteríur en í öðrum löndum er þróunin sú sama hérlendis.

Til að koma í veg fyrir dreifingu ónæmra baktería innan sjúkrahúsa er meðal annars gripið til þess að einangra þá sjúklinga sem hafa greinst með þessar bakteríur. Einangrun krefst þess að sjúklingur sé í einbýli með sér salerni auk þess sem unnið er samkvæmt leiðbeiningum um einangrun.

En það þarf að einangra fleiri en þá sem eru með ónæmar bakteríur. Þá sjúklinga sem eru með ákveðnar örverur sem smitast milli manna og valda sýkingum þarf einnig að einangra. Hér er um að ræða örverur eins og flensuveirur, Nóróveirur og margar fleiri veirur, bakteríur eins og S. pyogenes sem veldur streptókokkahálsbólgu, Cl. difficile sem veldur niðurgangi og margar fleiri bakteríur.

Einangrun sjúklinga veldur auknu álagi á starfsfólk deilda og þar sem einbýli eru fá á Landspítala skapast vandamál við forgangsröðun þeirra sjúklinga sem dvelja á einbýlunum.

Í skýrslu um húsnæði Landspítala frá apríl 2014[2] kemur fram að alls voru 683 rúm á stofnuninni. Af þeim voru 218 í einbýli, 304 í tvíbýli, 75 í þríbýli, 48 í fjórbýli og 10 í fimmbýli. Eingöngu voru 9 stofur ætlaðar sjúklingum í varnareinangrun, 13 fyrir sjúklinga í snertismitseinangrun og 6 fyrir sjúklinga í úðasmitseinangrun. Því þurfa 64% sjúklinga spítalans að deila stofu með öðrum og eingöngu 10% sjúklinga hafa aðgengi að sér salerni. Frá því að skýrslan var gefin út hefur opnum rúmum heldur fækkað.

### 49 utan sjúklingastofa

Ef skoðaðar eru rauntölur frá spítalanum kemur í ljós að utan faraldurstímabila er algengt að 30-40 sjúklingar séu í einangrun. Þegar einangranir eru fleiri en 40 er erfitt að finna einbýli og salerni fyrir sjúklinga og ef einangranir ná 50 er ekki hægt að tryggja að hægt sé að einangra skv. leiðbeiningum, það eru hreinlega ekki til næg salerni á stofnuninni. Fimmtudaginn 5. janúar 2017 voru um 670 sjúklingar á spítalanum og þar af 50 í einangrun og má rekja þennan fjölda einangrana m.a. til flensu og annarra öndunarfæraveira sem herja á landsmenn þessa dagana. Þann 12. janúar voru 667 sjúklingar inniliggjandi og af þeim voru 40 í einangrun en upplýsingar skorti um þá sem voru í einangrun á göngu- og bráðadeildum. Þennan dag voru 49 fleiri sjúklingar inniliggjandi en skráð opin rúm (sem voru 618), það þýðir að það voru 49 sjúklingar á gangi eða öðrum rýmum sem eru ekki ætluð sem sjúklingastofur.

Faghópur um hjúkrun sjúklinga með sýkingar á Landspítala lýsir yfir áhyggjum sínum varðandi húsnæði Landspítalans. Með vaxandi fjölgun ferðamanna til Íslands og aukningu á ferðalögum Íslendinga fjölgar þeim sem þarf að einangra þegar þeir leita til Landspítala. Þessir einstaklingar eru líklegri til að vera með ónæmar bakteríur þar sem þær eru mun algengari erlendis og á flensutíma getur hreinlega verið vandamál að finna legupláss fyrir sjúklinga sem þarfnast einangrunar.

Bygging nýs spítala þar sem öll herbergi eru einbýli með sér salerni og sturtu er mikilvægt skref til að stemma stigu við dreifingu ónæmra baktería innan stofnunarinnar og eykur á þann hátt öryggi sjúklinga. Bygging nýs spítala er að okkar mati forgangsmál þjóðarinnar allrar og öll töf bitnar á sjúklingum sem þurfa að nota þjónustu stofnunarinnar. Því hvetjum við til áframhaldandi uppbyggingar nýs spítala við Hringbraut og að framkvæmdum verði flýtt.

*[1] The evolving threat of antimicrobial resistance - Options for action á heimasíðu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar www.who.int*

*[2] Greining legudeilda, stærðir-fjöldi-ástand-viðhaldsþörf, apríl 2014, á heimasíðu Landspítala, file:///C:/Users/asdiself/Downloads/LSH_legudeildir_skyrsla_250414%20(3).pdf*


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO
RALPH LAUREN
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
collezione
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
LLOYD
Herra lagerinn outlet
líka fyrir konur
Hreinsun!
80%
afsláttur
af öllum vörum
lokadagar
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

gæði – þekking – þjónusta

FÆRIBANDAVOGIR - RANNSÓKNAVOGIR - IÐNAÐARVOGIR - SMÁVOGIR
VERÐÚTREIKNINGSVOGIR - TALNINGAVOGIR - KRÓKAVOGIR
BAÐVOGIR - BARNAVOGIR - GÓLFVOGIR - LÍMMIÐAVOGIR
FITUMÆLINGAVOGIR

Við erum með gífurlegt úrval af öllum gerðum af vogum



GOTT VERÐ Tanita BC-587 fitumælingavog
Áður 32.860,- NÚ 18.749,-

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI
Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is

ERTU MEÐ KVEF EÐA FLENSUEINKENNI?

MARINE PHYTOPLANKTON Sjávarþörungur
HAWAIIAN NONI

Frábær tvenna
Fyrirbyggjandi við kvefi og flensu



Bætt heilsa og betri líðan með Natural Health Labs
100% náttúruleg bætiefni

Ofurfæða úr hafinu
Orka – Einbeiting - Úthald

Veikindabani
Styrkir ónæmiskerfið

Fæst í apótekum, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is, Heimkaup og Iceland Engihjalla.
BALSAM www.balsam.is

Simaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur



tannlæknar mæla með GUM tannvörum

... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
IceCare Þín heilsa
– allar upplýsingar á www.icecare.is

# Stjórnvöld mesta áhættan í rekstri



**Gunnar Þór Gunnarsson**
leiðsögumaður og ritari í tækninefnd Félags leiðsögumanna

Á seinasta ári gerði Samgöngustofa upp á sitt eindæmi drög að breytingum á reglugerð er varðar akstur með ferðamenn eða hvaða bifreiðar geta talist hópferðabifreiðar. Þrátt fyrir varnaðarorð og breytingartillögur frá fjölda manns voru þessi drög samþykkt af innanríkisráðuneytinu næstum óbreytt.

Þessi reglugerð gerir það að verkum að bifreiðar sem hefur verið breytt sérstaklega til að fá hópferðaleyfi fá nú ekki endurnýjun leyfis. Þá er rekstrargrundvöllur margra þessara fyrirtækja brostinn því þetta gerir atvinnutækin næstum verðlaus og býður ekki upp á að neitt komi í staðinn. Þær reglur sem í gildi voru fyrir breytingu voru mjög vitlausar og tími kominn til endurskoðunar en í þjóðfélagi sem er nú að takast á við ýmsar breytingar í ferðaþjónustu var frekar von á því að hópferðaleyfi væri auðsóttara og á óbreyttar bifreiðar en þannig hljóðaði tillaga til lagabreytinga sem ekki fékkst afgreidd á nýliðnu þingi.

Gamla reglugerðin bauð upp á glufu sem margir hafa notfært sér og byggt sinn rekstur á. Þetta var að hækka þurfti bifreið um 10% frá götu umfram það sem framleiðandi gaf upp. Þetta var auðvitað arfavitlaust en bauð upp á að hægt væri að notast við 9 manna bifreiðar og minni til að keyra fólk um landið. Nú er hins vegar aðeins í boði að keyra fólk um landið á bifreiðum sem taka fleiri en 9 manns eða á jeppum sem eru á 33" (780 mm) stórum hjólbörðum hið minnsta.

Samgöngustofa bendir á að í mörgum tilfellum sé hægt að skrá bifreiðina sem eðalvagn en sú reglugerð var rýmkuð þannig að fleiri bifreiðar falla undir þá skilgreiningu. Skilgreining á eðalvagni virðist vera samin með því að bleyta puttann og stinga honum upp í vindinn! Gerð er krafa m.a. um að dýri sé slátráð (leðurinnrétting) og að ökutæki með stök sæti skuli hafa armhvílur báðum megin! Þá fæst ekki eðalvagnaleyfi nema á eiganda bifreiðarinnar sem ekki má vera fyrirtæki. Þetta er mjög takmarkandi þáttur í rekstri og þegar kalla þarf til aðra bílstjóra. Fyrirtæki sem hefur notast við eigin 9 manna bifreiðar hefur því ekki lengur sama rekstrargrundvöll.

**Fyrir hverja er reglugerðin?**

Fyrir hverja eru þessar reglugerðir settar? Alveg er víst að það er ekki fyrir hinn almenna ferðamann sem hefur engan áhuga á að vera í stórri rútu eða í risajeppa. Hér er m.a. verið að vernda leigubílafyrirtæki en það er allt á misskilningi byggt því þessir hópar eru ekki í samkeppni. Leiðsögumaður ekur með sína gesti eftir fyrirfram ákveðinni leiðarlýsingu og tekur ekki upp aðra farþega en þá sem hafa bókað fyrirfram. Leiðsögumenn með aukin ökuréttindi (meiraprófi) sem vilja bjóða upp á ferðir um landið í minni bifreiðum mega það ekki í samkvæmt þeim reglugerðum sem eru í gildi. Stjórnvöld virðast frekar vilja að ferðamenn leigi sér bifreiðar og keyri reynslulausir um landið í aðstöðu sem þeir þekkja ekki. Leiðsögumaður með aukin ökuréttindi má heldur ekki setjast upp í bílaleigubíl og keyra þetta sama fólk.

> **Fyrir hverja eru þessar reglugerðir settar? Alveg er víst að það er ekki fyrir hinn almenna ferðamann sem hefur engan áhuga á að vera í stórri rútu eða í risajeppa. Hér er m.a. verið að vernda leigubílafyrirtæki en það er allt á misskilningi byggt því þessir hópar eru ekki í samkeppni.**

Nú í byrjun árs eru menn að vakna upp við þessa martröð því breytingin fór hljótt og endurnýjuð skoðun fæst ekki á ökutækin. Þá rignir fyrirspurnum yfir Samgöngustofu sem gerir lítið úr vanda hundraða einstaklinga og fyrirtækja.

Að okkar mati hjá tækninefnd Félags leiðsögumanna er það bagalegt þegar helsti áhættuþáttur í rekstri er stjórnvöld og mun reglugerðarbreytingin líklega gera það að verkum að fleiri aki án leyfa. Þá er erfitt að gefa upp tekjur af því sem er ólöglegt og því líklegt að stjórnvöld verði af skatttekjum í greininni.

Við höfum sent tillögur til þeirra ráðuneyta sem hafa með málið að gera og erum að bíða eftir að Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, þekkist boð okkar um fund.

# Opið bréf til Skóla- og frístundasviðs



**Halldóra Björk Þórarinsdóttir**
f.h. Barnsins, félags dagforeldra í Reykjavík

Nú hefur dagforeldrum fækkað verulega á liðnum misserum, úr ca. 212 í um 150 hjá Reykjavíkurborg. Ástæðuna má rekja að sumu leyti til þess að fæðingum hefur fækkað á síðastliðnum árum sem og að stefnuleysi hefur verið ríkjandi hjá borgaryfirvöldum varðandi vistun ungra barna á leikskóla. Hafa börn fengið pláss allt niður í 12 til 14 mánaða aldur þegar önnur hafa þurft að bíða til tveggja ára og rúmlega það.

Barnið, félag dagforeldra í Reykjavík, hefur miklar áhyggjur af þessari þróun mála, og hefur ítrekað reynt að koma þessu á framfæri við Skóla- og frístundasvið við daufar undirtektir. Má þá sérstaklega nefna dæmi þess að tilkynning hafi verið send foreldrum barna hjá dagforeldrum og einnig dagforeldrum sjálfum sl. haust, um að um áramótin væri komið að innritun barna, sem fædd væru í mars/apríl árið 2015, á leikskóla. Fannst öllum, sem að þessum málum koma, loks gott framtak hjá borginni að gefa svona góðan fyrirvara því uppsagnarfrestur á plássum hjá dagforeldrum er einn mánuður eins og á flestöllum leikskólum.

En þrátt fyrir að borgin hafi gefið út þessa yfirlýsingu stóðst hún ekki, öllum til mikils ama. Foreldrar ekki sáttir við að börn þeirra komist ekki inn á leikskóla og dagforeldrar búnir að lofa plássum þeirra barna sem hefðu átt að fá plássúthlutun hjá leikskóla.

**Reiðir foreldrar**

Hvað eigum við dagforeldrar að gera í svona aðstæðum? Er það ekki að hlusta, taka mark á borginni og vinna eftir þeirra orðum, sem við flest öll gerðum, og hvað kom út úr því? Við sitjum uppi með reiða foreldra sem ekki komast að hjá okkur þrátt fyrir fengin loforð um pláss vegna orða Skóla- og frístundasviðs. Hafa margir dagforeldrar séð sig knúna til að segja upp elstu börnunum í vistun hjá sér sem með réttu ættu að vera komnir inn á leikskóla til að rýma fyrir yngri börnum. En þá hafa þeir foreldrar verið að vonum mjög ósáttir. Er þetta ásættanlegt fyrir foreldra sem og dagforeldra?

Margir segja að dagforeldrar eigi ekki að lofa plássum sem ekki eru formlega laus, en við sem sjálfstætt starfandi stétt verðum líka að hugsa um okkar hag.

Eigum við ekki að geta tekið Skóla- og frístundasvið trúanlegt þegar það sendir frá sér yfirlýsingar?

Einnig er það erfitt fyrir okkar starfsumhverfi að borgin getur kippt börnum inn á leikskólana allan ársins hring. Væri ekki betra fyrir alla aðila, þ.e. borgina, foreldra, leikskólastjóra sem og dagforeldra, að börn væru bara tekin inn tvisvar á ári, t.d að hausti og um áramót? Þá myndi það varla vefjast fyrir neinum hvenær barnið þeirra væri líklegast til að komast inn á leikskóla. Ef það kæmist ekki inn að hausti myndi það eflaust komast inn um áramót. Þessi vinnustefna er ekki að hjálpa neinum í sínu atvinnuumhverfi.

> **Væri ekki betra fyrir alla aðila, þ.e. borgina, foreldra, leikskólastjóra sem og dagforeldra að það væru bara tekin inn börn tvisvar á ári t.d að hausti og um áramót? Þá myndi það varla vefjast fyrir neinum hvenær barnið þeirra væri líklegast til að komast inn á leikskóla.**

Með þessari stefnu borgaryfirvalda verður stór hópur dagforeldra atvinnulaus yfir sumarmánuðina þegar börnum er kippt frá þeim inn á leikskóla áður en sumarfrí hefjast.

Svo má nefna að niðurgreiðslur höfðu ekki hækkað sl. tvö ár þegar hækkun kom um síðustu áramót upp á tæpar 1.200 kr. á hvert barn. Niðurgreiðslur vegna dagvistar barna eru mun lægri í Reykjavík en hjá nágrannasveitarfélögum.

Er það áskorun frá okkur í Barninu, félagi dagforeldra í Reykjavík, að borgin komi til móts við foreldra um hækkanir á niðurgreiðslum svo að ekki sé svona mikill munur á mánaðargjaldi foreldra eftir því hvort börnin eru hjá dagforeldrum eða á leikskólum.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 26. JANÚAR 2017 FIMMTUDAGUR



# ÞÆGILEGT AÐ EIGA SVÖRT FÖT

Sem krakki vissi hinn tvítugi **Jón Albert Méndez** að hann yrði listamaður á fullorðinsaldri. Í dag málar hann, saumar, hannar og gerir skúlptúra. Þægindi, víð föt, einföld snið og svartur litur lýsir fatastílnum hans best. »

**Kápan og peysan sem Jón klæðist hér eru keyptar notaðar. Kjóllinn er frá COS. Trefill er hans hönnun. Hálsmenið keypti hann í Gloría en hringarnir eru frá Antik og Jens.** MYNDIR/ERNIR



YFIRHAFNIR
60%
AFSLÁTTUR
comma,
SMÁRALIND

Ný Buxnasending
frá 2-BIZ
www.2-biz.dk



Kr. 13.900.-
Kr. 11.900.-

Str. 36-48
Litir: Svart, dökkblátt, galla

Ríta

Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030




Úrið er keypt í Kólumbíu. Hálsmenið keypti hann á flóamarkaði á Kanaríeyjum en það er frá Norður-Afríku. Peysan er keypt í Spúútnik og bolurinn er frá Weekday.


Starri Freyr Jónsson
starri@365.is




Áhugamál hins tvítuga nemanda og listamanns Jóns Alberts Méndez eru ansi mörg en tengjast öll því að skapa eitthvað, svo sem að mála, sauma, hanna og gera skúlptúra. Í dag stundar hann nám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og er nýbúinn að klára myndlistarbrautina og útskrifast bráðlega af fata- og textílbraut. „Í gegnum skólaárin hef ég lært að fara út fyrir þægindarammann, vera ekki feiminn og skapa stórt í myndlist og í fatahönnun. Mig langar auðvitað að vera listamaður og er búinn að vita það síðan ég var krakki.“

Tískuáhuginn kviknaði um 15 ára aldurinn þegar vinir hans hófu að benda hvorum öðrum á „kúl“ fatabúðir á borð við Spúútnik, Fatamarkaðinn og Rauði krossinn. „Síðan þá hef ég verið að leita að mínum eigin stíl og sjá hvað myndi passa við mig.“

Svarti liturinn er í miklu uppáhaldi hjá honum en hann segist sjaldan vera búinn að ákveða hverju hann klæðist þegar hann vaknar. „Það er þægilegt að eiga bara svört föt því þá þarf ekkert mikið að pæla í litasamsetningum.



Hettupeysan var keypt í Fatamarkaðinum en gallinn sem Jón klæðist var keyptur á Go-kart velli í Noregi.

Þægindi, víð föt, einföld snið og svartur litur er það sem lýsir fatastílnum mínum.“

Jón Albert hannar eigin föt, aðallega í skólanum, en ætlar að reyna að halda því áfram heima fyrir á næstunni. „Ég hef hannað t.d. buxur, skyrtur og trefla. Ef ég geri eitthvað út í bláinn þá gef ég oftast vinum mínum flíkurnar því stundum hef ég ekki líkama og útlit fyrir þær.“



Svarta kjólinn prjónaði Jón fyrr í vetur.

**Hvernig fylgist þú með tískunni?** Ég lít oft í I-D magazine, Dazed og HOMME+ og fylgi síðan mörgum eftir á Instagram og Tumblr, t.d. bloggurum og ýmsum tískusíðum.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Kronkron er ein af mínum uppáhaldsverslunum ásamt p3 (Stefánsbúð) og Aftur. Annars kaupi ég föt helst í útlöndum því það eru bara túristabúðir hér þessa dagana. Í útlöndum fer ég oft í búðir eins og COS, Weekday, Saint Laurent en eyði þó mestum tíma á nytjamörkuðum.

**Hverjir eru uppáhaldshönnuðirnir?** Hérlendis eru það Mundi, Darren Mark, Hildur Yeoman og Kyrja. Erlendis get ég nefnt Yohji Yamamoto, Rey Kawakubo, Vivienne Westwood, Maison Martin Margiela og Ann Demeulemeester.

**Notar þú fylgihluti?** Ég nota mikið hringa sem amma mín átti og einnig hálsmen. Þá kýs ég eitthvað sem er stórt og fallegt og ekki úr gerviefni, lík þeim sem Michele Lamy, eiginkona tískuhönnuðarins Rick Owens, notar.

**Eyðir þú miklu í föt miðað við jafnaldra þína?** Já og nei. Ég eyði mestu í notuð föt en kaupi þó inn á milli dýrar vandaðar flíkur, t.d. Comme des Garsons skyrtuna frá Kronkron. Ég reyni alltaf að passa mig á því að kaupa föt sem ég sé mig í og finnst falleg en ekki ef þau eru á útsölu eða ódýr. Fötin þurfa líka að vera vönduð og ég hendi sem minnstu heldur reyni að endurnýta gömlu fötin mín sem ég hef keypt í gegnum árin.

**Hvað er helst fram undan hjá þér?** Ég mun halda tískusýningu í lok þessarar skólaannar og hlakka til að hefja vinnu í tengslum við hana. Einnig er ég að vinna í að mála flíkur í tengslum við myndlist.


„Kryddaðu fataskápinn“



Kvarterma toppur á 7.900 kr.
- 2 litir: blátt og svart
- stærð: 36 - 46

Pils á 5.900 kr.
3 litir: svart, dökkblátt, grágrænt
- stærð: 36 - 46
- útvítt

Opið virka daga kl. 11–18 laugardaga kl. 11-15

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Kíkið á myndir og verð á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:
N1 olís nettó BÓNUS



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, elin@365.is, s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, liljabjork@365.is, s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@365.is, s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, solveig@365.is, s. 512 5351 Starri Freyr Jónsson, starri@365.is, s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, vera@365.is, s. 512 5357
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, atlib@365.is, s. 512 5457 | Jóhann Waage, johannwaage@365.is, s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@365.is, s. 512 5433














Láttu fara vel um þig og þína á Sigló Hótel.

Kynntu þér viðburði og tilboð á www.siglohotel.is og fylgstu með á **facebook.com/siglohotel**

## TVEGGJA NÁTTA FJÖLSKYLDUPAKKI

**Verð frá 15.790 kr. á mann**

*(verð miðast við tvo fullorðna og tvö börn undir 16 ára aldri í tvær nætur)*

***Innifalið:*** *Tvær nætur í samtengjanlegu 50 fermetra herbergi með uppábúnu rúmi fyrir allt að fjóra, tveimur sjónvörpum, tveimur baðherbergjum og morgunverð. Möguleiki á tveimur aukarúmum fyrir börn gegn viðbótargjaldi.*

## TVEGGJA DAGA SKÍÐAPAKKI

**Verð frá 24.400 kr. á mann**

***(verð miðast við tvo fullorðna saman í herbergi í tvær nætur)***

***Innifalið:*** *Tvær nætur fyrir tvo í classic herbergi, morgunverðarhlaðborð og tveggja daga skíðapassi um helgi.*

Viltu eitthvað annað eða meira? Hafðu samband og við sníðum pakkann að þínum þörfum.

Snorragötu 3b • 580 Siglufirði • Sími 461-7730 • siglohotel@siglohotel.is • www.siglohotel.is




FÍ Ferðafélag Íslands 1927 2017 90 ára

*Skráðu þig inn – drífðu þig út*

Ferðafélag Íslands var stofnað 1927 og verður 90 ára gamalt 2017. Framundan er því afmælisár með tilheyrandi afmælisferðum og afmælisfagnaði. Fyrsta ganga ársins verður Borgarganga sunnudaginn 15. janúar kl. 10.30 frá Perlunni. Þá mun Pétur H. Ármannsson arkitekt leiða för um Öskjuhlíð og Nauthólsvík og rifjar hann upp merkilega sögu svæðisins. **Þátttaka ókeypis, allir velkomnir**.

**SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA**

Arctic Star




**Arctic star sæbjúgnahylki** innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

**Arctic Star sæbjúgnahylki**
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618




My Style tískuhús
Stærðir 38-52
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464




Á hátíðinni eftir innsetningarathöfn forsetans klæddist frú Trump klassískum kjól.

# FORSETAFRÚ SEM VEKUR ATHYGLI

Það er alltaf fylgst vandlega með því hverju forsetafrú Bandaríkjanna klæðist. Ólíklegt er að það breytist nokkuð nú þegar fyrrverandi fyrirsætan Melania Trump er komin í þetta áberandi hlutverk.

Melania Trump, eiginkona Donalds Trump, er nú orðin forsetafrú Bandaríkjanna sem er ein mest áberandi staða í landinu, jafnvel í heiminum. Fylgst verður með hverju skrefi hennar og vandlega skráð niður og fjallað um hvað hún gerir. Og hverju hún klæðist.

Tískumiðlar velta nú fyrir sér hvort Melania haldi sínum persónulega stíl sem einkennist af þröngum kvöldkjólum sem sýna línurnar og dömulegum hversdagsfatnaði. Fyrrverandi fyrirsætan frá Slóveníu upplifði sitt stærsta opinbera augnablik hingað til á föstudag þegar eiginmaðurinn var formlega settur í embætti. Við það tækifæri klæddist hún vandaðri ljósblárri dragt frá Ralph Lauren sem þótti minna ansi mikið á stíl annarrar forsetafrúar, Jackie Kennedy Onassis.



**Melania var glæsileg í þröngum síðkjól frá Reem Acra í kvöldverðarboði sem haldið var til að þakka styrktaraðilum Trumps.** NORDICPHOTOS/GETTY

Kvöldið áður var haldinn kvöldverður til að þakka styrktaraðilum nýkjörins forseta og þar vakti Melania mesta athygli í gullituðum kjól frá Reem Acra. Á meðan á kosningabaráttunni stóð einkenndist útlit frú Trump af dæmigerðum yfirstéttarstíl. Hún klæddist blússum í demantslitum og kjólarnir hennar og klæðnaður voru hannaðir af evrópskum hönnuðum eins og Gucci og Roland Mouret.

Fyrir kosningabaráttuna var langvinn ást Melaniu á Chanel, Louis Vuitton, Manolo Blahnik og Christian Louboutin vel þekkt. Hún var óhrædd við að ganga með stóra skartgripi og í þröngum „bandage“ kjólum. Síðan hefur stíll Melaniu orðið æ mínímalískari og íhaldssamari. Sem dæmi má nefna hvítan, víðan samfesting frá Ralph Lauren sem hún klæddist á kosninganótt.



**Í kosningabaráttunni varð stíll Melaniu hófstillari og klassískari en áður.**



**Melania hefur oft sést í hvítu að undanförnu. Hér er hún í kjól eftir Mugler.**



**Melania á hversdagslegu nótunum þar sem hún var á gangi í New York í haust.**



**Í fallegum bláum kjól frá Roland Mouret.**


ÚTSALA
50% afsláttur
Verðdæmi:
Nero Giardini skór, verð áður ~~27.980~~ nú 13.990
Elinette kjóll, verð áður ~~19.980~~ nú 9.990
Rofa kápa, verð áður ~~22.980~~ nú 11.490
Modest stretchbuxur, verð áður ~~8.980~~ nú 4.490
(valdir litir)
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is



Ellen DeGeneres fagnar fimmtíu og níu árum í dag.

# FÍLAR EKKI KJÓLA

Ellen á afmæli í dag og fagnar fimmtíu og níu árum. Hún þykir hafa svalan fatastíl og er með eigið fatamerki. Hún segir fólk gagnrýna hana fyrir að klæðast ekki kjólum en segir það ekki eiga að skipta máli.



Spaugfuglinn og spjallþáttastjórnandinn EllenDeGeneres á afmæli í dag, fimmtíu og níu ára. Feril sinn sem eiturfyndinn uppistandari hóf hún snemma á níunda áratugnum og var fyrsta konan sem var boðið að setjast í sófann í spjall hjá Johnny Carson, eftir að hafa flutt atriðið sitt í þættinum. Boð í þennan sófa þóttu ein bestu meðmæli í grínheiminum og stökkpallur fyrir uppistandara.

Árið 1994 hóf þátturinn Ellen göngu sína með Ellen DeGeneres í aðalhlutverki og þá lék hún í nokkrum kvikmyndum á tíunda áratugnum. Ellen kom út úr skápnum í þáttunum Ellen og varð þar með fyrsta lesbíska leikkonan, til að leika lesbíu í sjónvarpsþætti.

Ellen þykir hafa töff fatastíl og klæðist iðulega vel sniðnum jakkafötum. Hún hefur sagt að fólk gagnrýni hana fyrir að klæðast aldrei kjólum en segist ekki sjá af hverju það ætti að skipta nokkurn máli. Hún hefur einnig sagst elska föt og árið 2015 setti hún á laggirnar eigin fatalínu ED by Ellen.



Ellen hress í rósóttum bomberjakka á frumsýningu Finding Dory en hún talar fyrir Dory.



Ellen tekur gallabuxur fram yfir kjóla. Gegnum tíðina hefur hún yfirleitt komið fram í skyrtu og jakka.






Ellen ásamt spúsu sinni, Portia De Rossi. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

# Sólarlönd

26. janúar 2017
**KYNNINGARBLAÐ** Gaman Ferðir| Heimsferðir



Tenerife er sívinsæll áfangastaður enda er þar allt til alls.



Carnival Miracle er glæsilegt skip í flota Carnival Cruises. Siglt verður með þessu skipi frá Los Angeles til „Mexíkósku rívíerunnar“.

# Sumargaman með Gaman Ferðum

Ferðablað Gaman Ferða kemur út um helgina en þar verða sólaferðirnar sumarið 2017 í aðalhlutverki. Samhliða því verður opnuð ný og glæsileg vefsíða auk þess sem nýtt bókunarkerfi verður tekið í notkun. Framvegis verður skrifstofa Gaman Ferða opin á laugardögum.

Ferðablað Gaman Ferða er glæsilegt að vanda og hægt að velja á milli fjölda spennandi áfangastaða. Að sögn Ingibjargar Eysteinsdóttur, forstöðukonu Gaman Ferða, ríkir mikil samkeppni á ferðaskrifstofumarkaðnum í dag. „Þá á ég ekki bara við á milli íslensku ferðaskrifstofanna heldur er líka mikil samkeppni við erlendar bókunarsíður. Við vildum því leita leiða til að mæta þeirri samkeppni og með nýju bókunarkerfi, sem við erum að taka í notkun, viljum við meina að við séum komin nær því að vera með samkeppnishæf verð við þessar erlendu síður. Til viðbótar geta viðskiptavinir Gaman Ferða ráðfært sig við reynslumikla ferðaráðgjafa og bókað flugið í sömu bókun,“ segir Ingibjörg. Hún segir það veita ákveðið öryggi að bóka sumarfríið sitt á ferðaskrifstofu.




„Fólk er jafnvel búið að safna lengi fyrir ferðinni og vill vita að það sé að verja peningunum sínum vel. Þá er gott að geta leitað til sérfræðings sem hefur komið á staðinn og veit nákvæmlega hvernig aðstæður eru.“ Til að bæta þjónustuna enn frekar verður skrifstofa Gaman Ferða framvegis opin á laugardögum milli tíu og tvö. „Flestir eru að vinna á virkum dögum en með þessu móti vonumst við til að fleiri hafi tök á að kíkja til okkar og fá ráðleggingar varðandi sumarfríið sitt,“ segir Ingibjörg og hvetur áhugasama til að koma og leita ráða og fá ítarlegar upplýsingar um þá áfangastaði sem eru í boði. „Okkur finnst svo gaman að fá fólk til okkar á skrifstofuna það er svo persónulegt og þá fær maður einnig að upplifa tilhlökkunina með viðskiptavinunum að hluta til þegar kemur að því að bóka sólarlandaferð.“



Framvegis verður opið á hjá Gaman Ferðum milli 10 og 14 á laugardögum. Ingibjörg hvetur fólk í ferðahug til að líta inn. MYND/ANTON BRINK

> **Fólk er jafnvel búið að safna lengi fyrir ferðinni og vill vita að það sé að verja peningunum sínum vel. Þá er gott að geta leitað til sérfræðings sem hefur komið á staðinn og veit nákvæmlega hvernig aðstæður eru.**
>
> *Ingibjörg Eysteinsdóttir*

## Gaman að gleðja

Gaman Ferðir bjóða upp á fjölda spennandi áfangastaða í sumar. Má þar nefna Salou, Lloret de Mar, Barcelona, Tossa de Mar, Albir og Benidorm. „Okkur finnst gaman að gleðja og þess vegna ákváðum við að bjóða þeim sem panta ferð til Tenerife eða Salou frá og með 28. janúar og út febrúar upp á glaðning í ár. Þeir sem bóka ferð til Tenerife fá miða í vatnsrennibrautagarðinn Siam Park fyrir alla fjölskylduna og þeir sem bóka til Salou fá miða í skemmtigarðinn Porta Ventura. Það er því um að gera að bóka á þessu tímabili en glaðningurinn gildir í ferðir sem farnar eru á tímabilinu maí-ágúst,“ segir Ingibjörg glöð í bragði.

Af öðrum ferðum Gaman Ferða nefnir Ingibjörg heilsuferðir sem verða sífellt vinsælli. „Við höfum boðið upp á svakalega skemmtilega heilsuræktarferð til Salou síðustu ár sem byggir á æfingum, hlaupum og jóga á ströndinni og selst hún alltaf upp. Í ár bjóðum við upp á sams konar ferð til Albir. Þá erum við með flotta lúxusjógaferð til Tossa de Mar á Spáni á flottu fjögurra stjörnu hóteli. Það er töluvert búið að bóka í þessar ferðir en við eigum ennþá laus pláss fyrir þá sem vilja gera vel við sig og setja sig í fyrsta sætið. Þá komum við til með að bæta við þetta hjólaferðum og fleiri heilsuræktarferðum á allra næstu vikum,“ upplýsir Ingibjörg.

## Frábærar viðtökur við skemmtisiglingum

Nýlega tóku Gaman Ferðir upp á því að selja skemmtisiglingar. „Við byrjuðum á að bjóða upp á siglingu um Karíbahafið og Miami og seldist hún mjög vel. Hún verður farin í október og enn er eitthvað til af lausum sætum. Við vorum svo að bæta við nýrri siglingu sem ber yfirskriftina Los Angeles og Mexíkóska rívíeran. Sú ferð verður farin í september og býst ég ekki við öðru en að henni verði vel tekið enda á frábæru verði.“

Ingibjörg segir að starfsfólk Gaman Ferða muni verða sérstaklega virkt á samfélagsmiðlum eins og Facebook, Snapchat og Instagram í ár. „Þar ætlum við að vera með tilboð, sýna frá áfangastöðum og vera með ýmis önnur skemmtilegheit. Ég hvet því alla eindregið til að fylgjast með okkur þar.“

Gaman Ferðir

# Stórkostleg sólarupplifun Heimsferða

**Heimsferðir** bjóða upp á 12 sólaráfangastaði í ár sem er mesta úrval sólaráfangastaða ferðaskrifstofu á Íslandi. Nú má einnig njóta sólarinnar í strandbæjum á Ítalíu og í Króatíu. Mikill áhugi er fyrir þessum svæðum sem eru afar eftirsótt af ferðamönnum í Evrópu.

„Salan fer ótrúlega vel af stað og er mun meiri en í fyrra og árið þar á undan,“ segir Tómas J. Gestsson, framkvæmdastjóri Heimsferða, sem býður upp á 12 sólaráfangastaði í ár. „Við höfum aukið framboð okkar undanfarið og bætt við áfangastöðum á Ítalíu og í Króatíu en við höfum fundið að fólk er áhugasamt um þetta svæði.“



Bibione á Ítalíu er einstök strandperla við norðanvert Adríahafið.



**Við höfum aukið framboð okkar og bætt við áfangastöðum á Ítalíu og í Króatíu en við höfum fundið að fólk er áhugasamt um þetta svæði.**

*Tómas J. Gestsson*

### Afmælistilboð Heimsferða

Í tilefni af því að Heimsferðir fagna 25 ára afmæli sínu um þessar mundir verður veittur afmælisafsláttur af sólarferðum í janúar. „Við veitum allt að 25 þúsund króna afmælisafslátt á mann í janúar fyrir þá sem bóka og greiða 25 þúsund króna staðfestingargjald á ferðina í janúar,“ útskýrir Tómas en hægt er að bóka sólarferðir vetrarins, vorsins, sumarsins og haustsins í janúar með afslættinum en ekki páskaferðir.

### Spennandi nýir áfangastaðir

Þeir staðir sem Heimsferðir býður upp á eru Krít, Gran Canaria, Costa de Almería, Albir, Mallorca, Costa del Sol, Tenerife, Benidorm, Salou og Altea. Nýjustu áfangastaðirnir sumarið 2017 eru Bibione á Ítalíu og Króatía. „Það hefur verið jöfn og stöðug aukning í sölu á þessa staði enda eru þeir afar spennandi kostir,“ segir Tómas.

# Króatía – Dásamlegu strandbæirnir Porec og Umag

Króatía er einn eftirsóttasti áfangastaður ferðamanna í Evrópu, enda er landið stórkostleg náttúruperla sem státar af fegurstu ströndum og tærasta sjó Evrópu, heillandi menningu og glæsilegum gististöðum. Heimsferðir bjóða beint flug vikulega í allt sumar til þessa einstaka áfangastaðar sem heillar alla sem þangað koma.

Menning Króatíu er heillandi blanda, sem Grikkir, Rómverjar, Slavar, Frakkar, Ítalir og Austurríkismenn hafa sett mark sitt á. Strandlengja Adríahafsins er sú fegursta í Evrópu með vogskornum ströndum, eyjum og skerjum þar sem aldagamlir bæir skaga út í hafið. Mannlífið í Króatíu er engu líkt og þeir sem þangað koma eru sammála um að þar sé að finna Evrópu eins og hún var og hét.

Sólaráfangastaðirnir Porec er á Istria-skaganum en skaginn er nyrsti hluti Króatíu og þar eru margir þekktustu sumardvalarstaðirnir, svo sem Porec, Umag og Rovinj. Aðaláfangastaður Heimsferða í Króatíu er Porec á Istriaskaganum ásamt Umag þar sem er að finna glæsilega gististaði með frábærri aðstöðu.



Króatía er einn eftirsóttasti áfangastaður ferðamanna í Evrópu.

### Fagri Bærinn Porec

Bærinn í Porec er stórkostlega fallegur og geymir aldagamla sögu á hverju götuhorni, frábæra veitingastaði og iðandi mannlíf jafnt að nóttu sem degi. Það er yndislegt að ganga um bæinn og snæða á góðum veitingastað við sjávarsíðuna. Staðsetningin er frábær, á miðjum skaganum, og því stutt að fara, hvort sem er í kynnisferð til Pula, Rovinj eða til Feneyja.

Í Porec eru einnig toppaðstæður fyrir þá sem vilja hafa nóg að gera í fríinu og aðstæður til hvers konar íþróttaiðkunar á mörgum gististaðkostunum eru frábærar.

### Strandbærinn Umag

Strandlengjan við Umag er um 20 km löng en Umag er mjög vinsæll sólarstaður og gamli bærinn afar aðlaðandi með sínum þröngu götum. Þekktustu strendurnar í Umag eru Katoro, Aurora, Kanegra og Laguna Stella Maris en Katoro er allra vinsælust og býður fjölbreytta þjónustu.

### Gott verðlag

Verðlag í Króatíu er hagstætt og enn sem komið er ódýrara en á Ítalíu og Spáni. Hér er gott að gera vel við sig í mat og drykk og ódýrt er að ferðast um landið.

### Einstakt veðurfar

Veðrið er einstakt á þessum stað, sem liggur við Adríahafið. Sumrin eru hlý en ekki of heit því hafgolu gætir alltaf. Gróðursældin er einstök og sólríkt yfir sumarmánuðina.

# Bibione – Ein glæsilegasta sólarströnd Ítalíu!

Heimsferðir bjóða nú beint flug í allt sumar á einn vinsælasta áfangastað við Adríahafið, Bibione á Ítalíu. Bibione er einstök strandperla við norðanvert Adríahafið, miðja vegu milli Feneyja og Trieste og er örstutt frá Lignano sem margir þekkja.

Staðurinn býður allt það sem fólk óskar sér í sumarleyfinu; einstakar strendur, frábæra veitingastaði, fjölbreytta afþreyingu og gott úrval gististaða. Bibione er sannkölluð paradís fyrir fjölskyldur jafnt sem einstaklinga.

### Strandlíf og skemmtun

Ströndin við Bibione er án efa ein af allra bestu sólarströndum á Ítalíu. Hún er átta kílómetra löng og mjög breið og falleg með fínum sandi. Ströndin og lífið á henni leikur stórt hlutverk á Bibione en þar er einnig að finna skemmtanir og uppákomur af ýmsu tagi.

### Matur og drykkur

Mikið úrval veitingastaða er á Bibione og þar má bæði finna ítalska og alþjóðlega staði. Hvort sem leitað er að skyndibita eða sælkeramáltíð, stað fyrir morgunverð eða nætursnarl, allt er til staðar. Allir ættu að prófa dæmigerðan mat frá svæðinu, til dæmis hið frábæra úrval sjávarfangs eða hráskinku, osta og ávexti frá Friuli-héraði. Þekkt vínræktarsvæði eru allt í kring sem enginn víngæðingur ætti að láta fram hjá sér fara. Enginn kemst heldur hjá því að koma við á dæmigerðum ítölskum ísbar. Ekki má heldur gleyma því að ítalskt kaffi er ómissandi hluti matarmenningarinnar.

### Ævintýri fyrir börnin

Bibione er frábær staður fyrir barnafjölskyldur. Ströndin er einstök og þar líður dagurinn hratt hvort heldur er við leik eða afslöppun. Í næsta nágrenni Bibione er mikil afþreying í boði fyrir fólk á öllum aldri; m.a. skemmtigarðurinn Luna Park Adriatico, dýragarðurinn Zoo of Lignano, vatnsskemmtigarðurinn Aquasplash og sædýragarðurinn Gulliverlandia.




Heimsferðir bjóða upp á beint flug til Bibione á Ítalíu í sumar.

### Gott að versla

Á Bibione er mikið úrval verslana og eins í nágrannabænum Lignano. Einnig eru vikulega haldnir markaðir á svæðinu. Skemmtilegt er að kíkja og skoða í búðirnar, hvort sem leitað er eftir fæði, klæði, minjagripum eða öðru. Á sumrin eru margar verslanir opnar fram eftir kvöldi. Einnig má skreppa til Udine eða til Trieste.

### Notalegt veður

Yfirleitt er mjög notalegt loftslag á Bibione yfir sumartímann, að jafnaði um 25 stiga hiti, sólríkt og þægileg hafgola flesta daga.

ÚTGEFANDI 365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR Svanur Valgeirsson




## KRÓATÍA




**Laguna Istra**

**Frá kr. 78.895 m/morgunverð innif.**

Netverð á mann á frá kr. 78.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu. Netverð á mann frá kr. 86.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

## BIBIONE




**Villaggio Marco Polo**

**Frá kr. 79.245 m/morgunverð innif.**

Netverð á mann frá kr. 79.245 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 92.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
30. maí í 7 nætur.

## BENIDORM



**Hotel Melia Benidorm**

**Frá kr. 88.330 m/hálft fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 88.330 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 98.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA



**Hotel Zoraida Beach Resort**

**Frá kr. 107.695 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 107.695 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 134.395 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
14. júlí í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL



**Aguamarina Apartments**

**Frá kr. 58.295 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 58.295 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó. Netverð á mann frá kr. 76.695 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
28. maí í 7 nætur.

## KRÍT



**Zeus Village Apartments**

**Frá kr. 84.895 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 84.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 104.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
5. júní í 10 nætur.

## ALBIR



**Albir Playa Hotel & Spa**

**Frá kr. 73.320 m/morgunverð innif.**

Netverð á mann frá kr. 73.320 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 92.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
13. júní í 7 nætur.

## MALLORCA



**Sol Katmandu Park & Resort**

**Frá kr. 124.495 m/morgunverð innif.**

Netverð á mann frá kr. 124.495 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölsk.herb. Netverð á mann frá kr. 125.495 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
8. júní í 11 nætur.

## SALOU



**Hotels Playa de Oro**

**Frá kr. 49.850 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 49.850 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 62.585 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 9 nætur.

## TENERIFE



**Arena Suites Apts.**

**Frá kr. 49.850 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 49.850 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 66.795 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
26. ágúst í 7 nætur.

## MADEIRA



**Hotel Orqidea**

**Frá kr. 111.195 m/morgunverði ofl.**

Netverð á mann frá kr. 111.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. apríl í 11 nætur

## GRAN CANARIA



**Jardin del Atlantico**

**Frá kr. 62.740 m/ekkert fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 62.740 m.v. 3 fullorðna og í íbúð. Netverð á mann frá kr. 71.595 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
24. febrúar í 7 nætur.

**Heimsferðir**

*– fáðu meira út úr fríinu*

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM79810

# Ævintýraleg upplifun í paradís

**Kristján Steinsson** þekkir Taíland vel en hann var fararstjóri fyrir hóp Íslendinga sem heimsótti landið nýlega. Taíland nýtur sívaxandi vinsælda meðal Íslendinga enda býður landið upp á fallegar strendur, stórkostlega náttúru, góðan mat og gestrisna heimamenn.

Taíland nýtur vaxandi vinsælda meðal Íslendinga enda hefur landið upp á fjölmargt að bjóða fyrir ævintýraþyrsta landsmenn. Þar má finna fallegar strendur, heillandi sögu, ævintýralegar eyjar, gestrisna heimamenn, afar bragðgóðan mat auk þess sem höfuðborg landsins, Bangkok, er heill heimur út af fyrir sig.

Kristján Steinsson þekkir landið vel en hann var einn fararstjóra í ferð hóps Íslendinga til landsins í nóvember á síðasta ári. Ferðin hófst í Hua Hin, sem er á miðjum Malay-skaganum, og er elsti ferðamannastaður landsins og yndisleg borg að sögn Kristjáns. „Borgin býður upp á það besta bæði í matargerð og verslun. Þetta er staður sem Taílendingar heimsækja sjálfir í fríum sínum og er hann því ekki eins mikill ferðamannastaður og t.d. eyjan Phuket í suðri eða strandbærinn Pattaya í norðri. Því er nándin við innfædda meiri og persónulegri. Þarna eru kannski ekki jafn stórar strendur og annars staðar í landinu en þær eru samt mjög góðar. Hressandi golan gerir það síðan að verkum að hitastigið er alltaf þægilegt þrátt fyrir 36 gráðu hita.“



Kristján (t.v.) og aðstoðarfararstjórinn Jón Björgvin á leið út í paradísareyjuna Koh Talu.

**„Gestrisnin einkennir Taíland sem áfangastað og hve allir eru vinalegir og góðir heim að sækja. Ég hef engan hitt sem ekki hefur hrifist af þessum kostum þeirra. Úti um allt má líka sjá stórkostleg Búddahof og fallegar byggingar. Ekki má gleyma öllum hreinu og fallegu ströndunum.**

*Kristján Steinsson*

## Algjör þögn

Hópurinn lá ekki á ströndinni allan tímann heldur var einnig farið í ýmsar ferðir þar sem Kwai-fljótið var m.a. heimsótt. „Við tókum lest yfir brúna frægu en hún var byggð af stríðsföngum og er saga hennar rakin í frægri bíómynd. Þar var endað við landamæri Búrma þar sem við fórum á fílsbak. Síðan var siglt niður fljótið á bambuspramma sem var mögnuð upplifun því aðra eins þögn hef ég ekki upplifað í langan tíma. Það var einstök upplifun að vera þarna í steikjandi hita og heyra bara í einstaka fuglum í skóginum.“ Næst lá leiðin til eyjunnar Koh Talu þar sem finna má breiðar hvítar sandstrendur og risaskjaldbökur. „Þar var frábært að eyða deginum í að snorkla, liggja á ströndinni og fylgjast með skjaldbökunum.“

Þjóðgarðurinn Khao Sam Roi Yot var næstur á dagskrá en þar má m.a. finna yndislega strönd að sögn Kristjáns. „Við sigldum þangað með litlum fiskibátum og byrjuðum á göngu upp fjallið að helli en þar er búið að byggja hof. Það var mögnuð upplifun að sjá sólina skína í gegnum lítið hellisgat sem er efst í hellinum. Seinni hluta dags var eytt á hvítri breiðri sandströnd og í heitum og yndislegum sjónum.“



Brúin yfir Kwai-fljótið var byggð af stríðsföngum en saga hennar er rakin í frægri bíómynd.



Humarveislan var ein af mörgum veislum ferðarinnar.

þakka fyrir tilvist fljótsins ásamt innfæddum sem var eftirminnileg lífsreynsla og gaman að taka þátt í.“

Hápunktar Taílands að sögn Kristjáns voru gestrisni landsmanna, menning þeirra og matargerð. Einnig finnst honum til fyrirmyndar hversu hreint er á gististöðum og hvað öll þjónusta var fáguð og yfirveguð, raunar á heimsmælikvarða. „Gestrisnin einkennir Taíland sem áfangastað og hve allir eru vinalegir og góðir heim að sækja. Ég hef engan hitt sem ekki hefur hrifist af þessum kostum þeirra. Úti um allt má líka sjá stórkostleg Búddahof og fallegar byggingar. Ekki má gleyma öllum hreinu og fallegu ströndunum, t.d. við Hat Yay og Koh Talu eða jafnvel í Þjóðgarðinum Khao Sam Roi Yot þar sem varla sála sést.“



Það er mögnuð upplifun að sjá sólina skína í gegnum lítið hellisgat á hofið í hellinum í Khao Sam Roi Yot þjóðgarðinum.



Grand Palace í Bangkok er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna í borginni. NORDICPHOTOS/GETTY

## Gestrisnir heimamenn

Ferðinni til Taílands lauk í höfuðborg landsins, Bangkok, en þar eyddi hópurinn síðustu þremur dögum ferðalagsins. „Þar fórum við m.a. í tuk tuk-kappakstur, sigldum á Phraya-ánni og horfðum á sólina setjast áður en við borðuðum kvöldverð og horfðum á sýningu á taílenskum dönsum. Einnig fleyttum við kertum á Phraya-ánni til að

## Stanslaus veisla

Ferðin var ein stanslaus matarveisla að sögn Kristjáns enda er taílensk matargerð þekkt um allan heim. „Við borðuðum taílenskan mat allan tímann og í því sambandi var sérstaklega gaman að heimsækja matarmarkaðina. Taílenskur matur kitlar alla bragðlaukana, hann er einstaklega ferskur og bragðgóður og inniheldur mikið af grænmeti og kryddi, t.d. spila sítrónugras og kókósmjólk oft stórt hlutverk.“

Hann segir það hafa komið mörgum ferðafélögum sínum á óvart hve sterkur maturinn var en flestir jöfnuðu sig fljótlega og voru farnir að biðja um sterkari mat á endanum. „Persónulega fannst mér græna karríið best með kjúklingi en einnig thai curry og penang. Það er svo gaman hvernig maturinn er borinn fram í súpulegi ýmist með kjöti, kjúklingi eða fiski og fullt af grænmeti ásamt hrísgrjónum. Eftirréttirnir gátu þó oft verið skrítnir, t.d. kaldur hrísgrjónagrautur eldaður upp úr kókosmjólk með hveitibollum út í. En þá er bara að láta vaða og smakka.“

Hann mælir hiklaust með heimsókn til Taílands enda sé landið heill heimur út af fyrir sig. „Gestrisni þeirra, matur og menning, sól, hiti og strendur og fallegar borgir geta ekki verið annað en samnefnari fyrir góða ferð. Ekki spillir verðlagið heldur fyrir. Það verður því enginn svikinn af þeirri upplifun að heimsækja þessa paradís.“

# GRÆNT OG GOTT
## FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Grænmetisréttirnir frá Hälsans Kök eru ljúffengur og hollur valkostur sem innihalda ekki kjöt. Vörurnar hafa allar verið foreldaðar og því er bæði einfalt og fljótlegt að matreiða þær.

TAKTU VEGANÚAR MEÐ TROMPI MEÐ HÄLSANS KÖK!






ÁN ALLRA AUKAEFNA
100% grænmeti
ÁN MSG

PRÓTEINRÍKT OG FITULÍTIÐ

## Úrval ljúffengra rétta

Hälsans Kök hefur framleitt bragðgóða og holla grænmetisrétti í yfir 46 ár.
Þú færð vörurnar frá Hälsans Kök í öllum helstu verslunum.







Vörur sem innihalda egg og mjólkurvörur.

Hälsans Kök®
SINCE 1969

PIPAR\TBWA • SÍA

# ÓLÍKLEGAR LITASAMSETNINGAR

**Viktoria Beckham** sprangaði um götur Parísar á dögunum í harla óvenjulegri litasamsetningu, gulbrúnum buxum og himinblárri skyrtu. Vogue stökk til og fann fleiri nýleg dæmi af tískupöllunum þar sem litasamsetningin er óhefðbundin en þó ljómandi skemmtileg á að líta.



Viktoria Beckham vakti athygli fyrir þessa sérstöku litasamsetningu á dögunum.



**BOTTEGA VENATA**
Skarlatsrauð peysa við appelsínugult pils.



**CELINE**
Myntulit mussa og mórberjarautt pils.



**BALENCIAGA**
Appelsínugular buxur við ljósbláan jakka.



**BALENCIAGA**
Fjólublár toppur við bleikar buxur.



OTA

# SOL GRYN®

*Hollir, ristaðir tröllahafrar*

VELDU HEILKORN

HAFRATREFJAR LÆKKA KÓLESTERÓL

SÓLSKIN BEINT
Í HJARTASTAÐ

ENNEMM / SÍA / NM71324

## BÍLAR & FARARTÆKI

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



TOYOTA Rav4 VX. Árgerð 2014, ekinn 23 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.150.000. Rnr.222375.



M.BENZ Ml 420. Árgerð 2007, ekinn 144 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 3.950.000. Rnr.211371. Seljandi skoðar skipti.

**Höfðabílar**
**Fosshals 27/ Draghals megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

### Bílar til sölu



Fiesta ‘08 1.4 l 5 dyra. Sk 07-2018. Ekinn 165þ~~Ásett 790þ fæst á 630.000-kr.~~ 100.000-kr gjafbr í sólina fylgir~~Uppl s:779-2416~~

### Bílar óskast

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 760 5027

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.




**GRÁSLEPPUVEIÐIMENN**
Allt til grásleppuveiða lækkað verð. Heimavík ehf, Sporhömrum 3, heimavík.is S: 8928655


Vissir þú að...
börn eiga rétt á nægum svefni

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315

### Garðyrkja

Felli tré, grisja og klippi runna besti tíminn Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

### Bókhald

VSK uppgjör. Skil á gögnum/miðum til RSK. Skattskýrslur. Bókhald. Stofnun fyrirtækja. FRAMTALSÞJÓNUSTAN, Ármúla 19. Sími 533 1533.

**BÓKHALD FYRIR ÞIG**
Get bætt við mig verkefnum: VSK, laun, ársuppgjör og skattskýrslur. Tómas bókari Sími 659-5031

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér ýmiskonar húsaviðhald S: 8478704. manninn@hotmail.com

Nýsmíði, viðhald og viðgerðir Öll almenn smíðavinna fyrir einstaklinga eða fyrirtæki. Þursatak ehf. s: 788 8680 thursatak@thursatak.is

Húsasmiður getur bætt við sig verkefnum Tek að mér flest almenn smíðaverkefni. sími 895 9719

### Rafvirkjun

**Uppsetning og Þjónusta**
Ljósleiðara/Ljósnetstengingum
Loftnets/Gerfihnattadiskum
Sjónvarps/Netlagnir
Flatskjáir/Mynvarpar
**Loftnetstaekni.is**
**S: 894 2460.**

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## KEYPT & SELT

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### Til bygginga



Til leigu góður sjálfreisandi byggingakrani. Hæð undir bómu 21,8 m. Lengd bómu 27 m. Max þyngd í 27 m, 850 kg. Sjá augl. á bland.is uppl. s:8602130




## HEILSA

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

Góð 77 fm 3ja herb. íbúð m. geymslu í 108 Rvk til langtímaleigu á 195.000 með hita. Skilvísi og reglusemi er skilyrði sem og bankaábyrgð. Fyrirspurnir sendist á: 108leiga3ja@gmail.com

### Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu ca mars/apríl, helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 200-300 þús á mán. Fyrirfram eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas hreinverk@hreinverk.is

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500






## ATVINNA

### Atvinna í boði

**VAKSTJÓRI ÓSKAST**
**200.000-450.000 Á MÁNUÐI**
Erum að leita af karlmanni sem talar íslensku í starf í verslun / skyndibitastað í 101 Reykjavík. Unnið er kvöld og helgar. Getur hentað með skóla og einnig sem fullt starf.Mjög góð laun í boði.
**Umsókn með mynd sendist á 101atvinna2017@gmail.com**

Veitingahúsið Sukhothai óskar eftir að ráða 2 kokka sem geta eldað asíu mat. Uppl. Sukhothai.sukhothai@yahoo.com

### Atvinna óskast


**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma
PROVENTUS
Starfsmannaþjónusta
551 5000
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is



KG
HÖNNUN


**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

### dekur


Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Meðgöngudekur**
Nudd í 45 mín og með fylgir fótsnyrting án lakks eða vax upp að hnjám **aðeins 10.000.-**
Tilboðið verður út janúar, gildir í 6 mánuði eftir það.
Tímapantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá
Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.
capacent
www.capacent.is


## Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407


- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

Er vandamál með neysluvatnið?
Við ástandsskoðum, hreinsum og fóðrum neysluvatnslagnir.
HREINAR LAGNIR



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.
S: 519-6480
hreinarlagnir.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
íshúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350


**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## til sölu

### Rammastúdíó Ármúla 20 til sölu!

Ein elsta og best tækjum búna innrömmun á landinu er til sölu. Innrömmunin, sem hefur verið à sama stað í meira en 20 ár, er með mikla viðskiptavild og góða afkomu.Vaxandi fyrirtæki með mikla framtíðarmöguleika.

**Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, lgf, S: 773-4700 Fyrirtækjasölu Íslands, oskar@atv.is**

## tilkynningar

### AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi**

**Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2016-2032. Heildarendurskoðun.**

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur samþykkt að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Hrunamannahrepps skv. 31. gr. laga nr. 123/2010 ásamt umhverfisskýrslu sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006. Nýtt aðalskipulag tekur til tímabilsins 2016-2032 og er endurskoðun á aðalskipulagi fyrir tímabilið 2003-2015.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6 á Flúðum, hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Dalbraut 12 á Laugarvatni og hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b í Reykjavík. Þá eru öll gögn aðalskipulagsins aðgengileg rafrænt á heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludir.is og á heimasíðu skipulags- og byggingarfulltrúa www.sbf.is.

Tillagan er í kynningu frá 26. janúar til 10. mars 2017. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og er frestur til að skila inn athugasemdum til 10. mars 2017. Skila skal inn skriflegum athugasemdum til skipulagsfulltrúa á skrifstofu hans að Dalbraut 12, 840 Laugarvatni eða á netfangið petur@sudurland.is.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi**
**petur@sudurland.is**

## atvinna

### Kjöt-iðnaðarmaður

KJÖTIÐNAÐARMAÐUR · SÍLD & FISK

### Síld og fiskur ehf.

*...óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann við störf í úrbeiningu og söltun.*

*Spennandi tækifæri fyrir duglega og metnaðarfulla einstaklinga*

*Menntun og reynsla - Skipulagshæfileikar - Sjálfstæð vinnubrögð, stundvísi og frumkvæði. Snyrtimennska. - Íslensku- og enskukunnátta.*

***Upplýsingar um starfið:***

*Guðni Már sími 820 3866 - gudnimar@ali.is eða Ómar Grétarssson sími 820 3867 omar@ali.is*

Ali

4816#

***Síld og fiskur ehf. - Ali***

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Lerkiás 12, Garðabæ - Glæsilegt parhús

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Virkilega glæsilegt og vel staðsett 191,0 fm. parhús á tveimur hæðum með innbyggðum 27,8 fm. bílskúr í Garðabæ. Mjög mikil lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing er í loftum í stórum hluta hússins. Samliggjandi stofur með útgengi á stóra afgirta viðarverönd og þaðan á tyrfða flöt. Þrjú svefnherbergi. Sjónvarpsstofa með útgengi á svalir til suðvesturs. **Verð 83,9 millj. Afar vel staðsett eign við opið óbyggt svæði og frá henni nýtur fallegs útsýnis. 80,0 fm. afgirt viðarverönd til vesturs, norðurs og austurs og góð aðkoma með stórri helllulagðri upphitaðri innkeyrslu, sem rúmar allt að 6 bíla.**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

## tilkynningar

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfuss.**

### Sveitarfélagið Ölfus, auglýsingar um skipulag.

ÖLFUS

### Skíðaskálinn í Hveradölum.

**1. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Tillagan tekur til lands Skíðaskálans í Hveradölum.
Greinargerð, uppdráttur og umhverfis- og tilkynningarskýrsla dagsett 11.01.2017.
Viðfangsefni breytingarinnar er að stækka reit V2 verslun og þjónusta þar sem Skíðaskálinn í Hveradölum er.

**2. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa deiliskipulagi samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Skíðaskálann í Hveradölum er samanstendur af greinargerð, uppdrætti og umhverfis- og tilkynningarskýrslu dagsett 11.01.2017. Skilgreind hefur verið ný lóð fyrir Skíðaskálann í Hveradölum sem er 46 ha og nær yfir um leið mörk deiliskipulagsins. Megin markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnumörkun sem miðar að því að Skíðaskálinn verði miðstöð útivistar og heilsuræktar í Hveradölum. Nálægð við orkumannvirki gerir það mögulegt að jarðhitavatn frá Hellisheiðarvirkjun sé nýtt við uppbyggingu baðlóns og hótels. Í deiliskipulaginu er lögð áhersla á að mannvirki falli vel að landi og séu hógvær í annars viðkvæmu landslagi.

### Raufarhólshellir.

**3. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ölfuss, 2010-2022 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Kynningu á skipulagsgögnum er lokið fyrir breytingu á gildandi aðalskipulagi fyrir Raufarhólshelli. Skipulagsgögn hafa verið lagfærð í samræmi við ábendingar Skipulagstofnunar.
Með breytingunni verður gert ráð fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði við Raufarhólshelli, AF1.

**4. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa deiliskipulagi samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Raufarhólshelli er samanstendur af greinargerð, uppdrætti og umhverfisskýrslu dagsett 13.12.2016. Framkvæmdir unnar í samráði við Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
Tillagan tekur til ferðamannasvæði við Raufarhólshelli þar sem áætlað er að koma upp aðstöðu til að taka á móti ferðamönnum í hella- og norðurljósaferðir. Megináhersla deiliskipulagsins er að tryggja öryggi gesta og setja ramma um fyrirhugaða starfsemi á svæðinu, vöxt hennar og viðhald. Deiliskipulagsuppdráttur sýnir byggingarreit fyrir nýbyggingu á deiliskipulagssvæðinu. Mesta hæð á byggingu er 3,2 m yfir gólfkvóta og aðeins leyft að byggja eina hæð. Heimilt er að byggja allt að 200 m2 hús til að hýsa tæknirými, salerni, búnað fyrir hellaskoðun, miðasölu og aðstöðu fyrir starfsfólk. Bílaplan hefur verið lagfært og stígar sem gerir verða, eru til að koma í veg fyrir átroðning á landinu umhverfis hellinn.

### Iðnaðarsvæði vestan við bæinn.

**5. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Deiliskipulagstillaga fyrir iðnaðarsvæði vestan við Þorlákshöfn. Svæðið er í suðurhluta iðnaðarreits Sandur I24. Deiliskipulagið er í samræmi við samþykkt aðalskipulag fyrir svæðið. Deiliskipulagið tekur til 12 iðnaðarlóða. Á lóð nr. 9 er fyrirhugað að Lýsi hef verði með hausaþurrkunarverkun. Lóðin er í um 3.75 km fjarlægð frá byggðinni.

### Deiliskipulag fyrir skika úr landi Vatna.

**6. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti að auglýsa deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Tillaga að deiliskipulaginu er í samræmi við aðalskipulag, uppbyggingu á landbúnaðarlandi.
Afmörkuð lóð er um 2.25 ha. Í samræmi við aðalskipulag, gr. 3.2.1, landbúnaðarsvæði er heimilt að byggja eitt íbúðarhús, bílgeymslu, eitt frístundahús og byggingar til landbúnaðarnota á landi sem er 2-10 ha.

Tillögurnar liggja frammi í Ráðhúsi Ölfuss, á skrifstofutíma, frá 26. janúar til 9. mars 2017 og einnig inni á www.olfus.is.
Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til **9. mars 2017**. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

### Lýsing að aðalskipulagsbreyting, afþreyingar- og ferðamannasvæði.

**7. Innan þjóðlendu í Ölfusi eru skálar í og við Innstadal.**

Unnin er lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna afþreyingar- og ferðamannasvæða í og við Innstadal. Breytingin tekur til uppdráttar og greinargerðar. Í aðalskipulagi er merkt V17, verslunar- og þjónustusvæði í mynni Innstadals. Þar fyrir eru fjórir skálar. Þessi svæði sem og fyrir skála inni í Innstadal, er breytt í afþreyingar- og ferðamannasvæði.
Lýsingin fyrir aðalskipulagsbreytinguna liggur frammi í Ráðhúsi Ölfuss, á skrifstofutíma, frá 26. janúar til 14. febrúar 2017 og einnig inni á www.olfus.is.Frestur til að skila inn skriflegum athugasemdum er til **14. febrúar 2017**. Skila skal inn athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa, Ráðhúsi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

*Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.*


ÞAÐ ÞARF KRAFT TIL AÐ TAKAST Á VIÐ KRABBAMEIN
LÍFIÐ ER NÚNA!
STYRKTU KRAFT MEÐ MÁNAÐARLEGU FRAMLAGI. Skráðu þig á www.lifidernuna.is
FÉLAG UNGS FÓLKS SEM GREINST HEFUR MEÐ KRABBAMEIN OG AÐSTANDENDUR
KRAFTUR
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT



Ólafía Þórunn nýtur þess að spila í hlýju loftslagi á Bahama-eyjum í Karíbahafinu. Pure Silk-mótið fer fram á Paradísareyju. MYND/GOLF.IS/SETH

# Ég er merkilega afslöppuð

**Ólafía Þórunn Kristinsdóttir brýtur í dag blað í sögu íslensks golfs er hún verður fyrsti íslenski kvenkylfingurinn sem keppir á bandarísku atvinnumótaröðinni í golfi. Mótið fer fram á Bahama-eyjum.**

**GOLF** Ólafía Þórunn Kristinsdóttir ríður á vaðið á LPGA-mótaröðinni bandarísku í dag þegar keppni hefst á Pure Silk-mótinu sem fer fram á Bahama-eyjum í Karíbahafinu.

Nánar tiltekið fer mótið fram á Ocean Club-golfvellinum á Paradísareyju, lítilli eyju sem liggur rétt utan höfuðborgarinnar Nassau.

Paradísareyja hljómar eins og réttnefni, miðað við umhverfið og ekki amalegt fyrir Ólafíu Þórunni að hefja sinn LPGA-feril þar. En þó svo að umhverfið sé gjörólíkt Íslandi þá er margt líkt með aðstæðum að sögn Ólafíu.

„Þetta er jú eyja og hér er mikill vindur. Völlurinn er ekki varinn trjám og því eru þetta frekar íslenskar aðstæður. Það eru breiðar brautir og grínin eru góð en ég geri ráð fyrir miklum vindi. Völlurinn fyrirgefur manni aðeins en það getur líka verið áskorun að takast á við hann. En það er vel hægt að skora vel á þessum velli,“ segir Ólafía við Fréttablaðið og bætir við að henni lítist ekki illa á smá rok.

„Ég kann vel að eiga við vindinn og því myndi ég segja að þetta henti mér nokkuð vel.“

**Að koma til eftir aðgerð**

Ólafía tryggði sér keppnisréttinn seint á síðasta ári og gat varið hátíðunum hér á landi. Hún hélt svo utan 10. janúar og hefur verið við æfingar. Hún gekkst undir kjálkaaðgerð fyrir jól og hefur verið að ná sér af henni, hægt og rólega.

„Fyrstu dagarnir voru nokkuð strembnir. Það leið tvisvar yfir mig og ég var mikið rúmliggjandi. En rúmum tveimur vikum eftir aðgerð var ég byrjuð að pútta og slá stutt högg. Ég myndi segja að ég væri komin með fulla orku en þarf að vinna upp smá styrk,“ segir Ólafía sem segist hafa góða tilfinningu fyrir spilamennsku sinni nú.

„Löngu höggin eru öll að koma til og er ég að finna taktinn á ný. Ég er tilbúin í keppnisgolf.“

Hún segist vera búin að stilla væntingum í hóf, enda bara fyrsta mótið af mörgum hjá henni á löngu keppnistímabili.

„Ég reikna bara með að spila eins og ég geri alltaf. Ég ætla ekkert að gera meira eða hafa hlutina öðruvísi. Væntingarnar eru ekkert klikkaðar, ég sé bara til hvað gerist og læri vonandi af því. Það borgar sig ekki að hugsa of mikið um niðurstöðuna,“ segir hún.

**Spilar með stórstjörnum**

Tilefnið er þó stórt enda aldrei keppt fyrr á jafn sterku móti. Í ráshópi hennar í dag eru tvö þekkt nöfn úr golfheiminum, Natalie Gulbis og Cheyenne Woods.

„Ég er reyndar merkilega afslöppuð, sérstaklega ef ég miða við fyrsta mótið mitt á Evrópumótaröðinni [í fyrra]. Ég veit ekki af hverju það er. Kannski er það vegna þess að ég er nú búin að brjóta niður nokkra múra og hef meiri trú á sjálfri mér.“

Hún segist hafa fengið þó nokkra athygli í aðdraganda mótsins og til að mynda tekin í viðtal á Golf Channel í Bandaríkjunum.

„Ég er frekar vinsæl núna,“ segir hún og hlær. „Það skemmir ekki fyrir að vera frá Íslandi, sem fólki finnst áhugavert. Ég bara mjólka það eins og ég get.“

**Engar peningaáhyggjur**

Í síðustu viku var greint frá því að Ólafía Þórunn hefði fengið samning hjá KPMG, risastóru fyrirtæki sem styrkir marga af bestu kylfingum heims – þeirra á meðal Phil Mickelson.

„Það er ótrúleg flott að tengjast svona stóru fyrirtæki. Þetta gefur mér líka tenginguna við hina leikmennina og mér skilst að ég fái líka að læra af þeim reynslumeiri, eins og Mickelson, til að fá sem mest úr samstarfinu,“ segir hún.

Auk samningsins er hún í samstarfi við Forskot, Afrekssjóð íslenskra kylfinga, og er nú ljóst að hún þarf ekki að hafa áhyggjur af peningamálum í ár.

„Það hefur aldrei hjálpað til að hugsa um verðlaunafé og hvort maður sé í mínus eða plús. Ég vil ekki setja auka pressu á mig með því að hugsa um peninginn,“ segir Ólafía.

Það er þó að miklu að keppa um helgina. Heildarverðlaunafé mótsins er 161 milljón króna og sigurvegarinn fær 24 milljónir í sinn hlut. Ef hún kemst í gegnum niðurskurðinn má búast við því að hún fái ekki minna en 280 þúsund krónur í sinn hlut. eirikur@frettabladid.is

> Það skemmir ekki fyrir að vera frá Íslandi, sem fólki finnst áhugavert.
>
> Ólafía Þórunn Kristinsdóttir

### 37 klukkustundir af golfi um helgina

Það verður mikið um að vera í útsendingum frá sterkustu golfmótum heims um helgina. Auk fyrsta LPGA-móts ársins, þar sem Ólafía Þórunn Kristinsdóttir verður í eldlínunni, verður einnig sýnt frá LPGA- og Evrópumótaröðunum á Golfstöðinni og sportstöðvum 365.

Augu margra verður á Farmers Insurance mótinu á Torrey Pines-vellinum í San Diego í Kaliforníu þar sem Tiger Woods freistar þess að koma ferli sínum almennilega af stað á ný eftir langvarandi meiðsli.

**LPGA. Pure Silk**
Fim. kl. 16.30 - 19.30 Golfstöðin
Fös. kl. 16.30 - 19.30 Golfstöðin
Lau. kl. 20.00 - 22.00 Stöð 2 Sport 4
Sun. kl. 19.30 - 22.00 Stöð 2 Sport 4

**PGA. Farmers Insurance Open**
Fim. kl. 20.00 - 24.00 Golfstöðin
Fös. kl. 20.00 - 24.00 Golfstöðin
Lau. kl. 18.00 - 23.00 Golfstöðin
Sun. kl. 18.00 - 23.00 Golfstöðin

**Evrópa. Commercial Qatar Masters**
Lau. kl. 09.00 - 13.30 Golfstöðin
Sun. kl. 09.00 - 13.30 Golfstöðin

## Nýjast

**Olís-deild kvenna**

**Selfoss - Haukar 28-25**
**Markahæstar:** Hrafnhildur H. Þrastardóttir 13/8, Perla Ruth Albertsdóttir 4, Carmen Palamariu 3, Dijana Radojevic - 3 - Ramune Pekarskyte 7, Guðrún Erla Bjarnadóttir 5/3.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Fram | 23 | ÍBV | 10 |
| Stjarnan | 19 | Grótta | 8 |
| Valur | 14 | Selfoss | 8 |
| Haukar | 12 | Fylkir | 4 |

**Dominos-deild kvenna**

**Grindavík - Skallagr. 67-83**
**Stigahæstar:** María Ben Erlingsdóttir 19, Ingunn Embla Kristínardóttir 19 - Tavelyn Tillman 27, Kristrún Sigurjónsdóttir 17, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 13/15 fráköst.

**Stjarnan - Njarðvík 80-59**
**Stigahæstar:** Danielle Victoria Rodriguez 24/12 fráköst/10 stoðsendingar, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 16/10 fráköst - Carmen Tyson-Thomas 32/17 fráköst.

**Snæfell - Valur 82-72**
**Stigahæstar:** Aaryn Ellenberg-Wiley 30/10 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 13, Gunnhildur Gunnarsdóttir 8 - Mia Loyd 29/19 fráköst, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 13.

**Haukar - Keflavík 65-68**
**Stigahæstar:** Nashika Wiliams 21/19 fráköst, Sólrún Inga Gísladóttir 13 - Emelía Ósk Gunnarsdóttir 23/5 fráköst/6 stolnir, Ariana Moorer 19/15 fráköst/6 stolnir.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 26 | Njarðvík | 14 |
| Skallagrímur | 26 | Valur | 12 |
| Snæfell | 24 | Haukar | 10 |
| Stjarnan | 20 | Grindavík | 6 |

**DÝRLINGARNIR Á WEMBLEY**
Southampton tryggði sér sæti í úrslitaleik enska deildarbikarsins í fyrsta sinn í 38 ár eftir 0-1 sigur á Liverpool á Anfield. Southampton vann einvígið 2-0 samanlagt. Shane Long skoraði eina mark leiksins eftir skyndisókn í uppbótartíma. Það kemur í ljós í kvöld hvort Southampton mætir Manchester United eða Hull City í úrslitaleiknum á Wembley 26. febrúar næstkomandi.

**BIRKIR TIL ASTON VILLA**
Landsliðsmaðurinn Birkir Bjarnason samdi í gær til hálfs fjórða árs við enska B-deildarfélagið Aston Villa en hann kemur til þess frá svissneska meistaraliðinu Basel.

Birkir á að hjálpa Villa að komast aftur á sigurbraut en liðið féll úr úrvalsdeildinni í fyrsta skipti á síðustu leiktíð. Liðinu hefur ekki gengið vel í vetur og skipti um stjóra í október, er Steve Bruce var ráðinn. Villa situr nú í 13. sæti deildarinnar.



„Ég er hæstánægður að vera búinn að semja við Aston Villa. Þetta er mjög stórt félag. Ég hlakka til að komast út á völlinn og hjálpa liðinu,“ sagði Birkir í viðtali á heimasíðu Villa.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 16.30 | LPGA: Pure Silk | Golfstöðin |
| 19.05 | Njarðvík - Tindastóll | Sport 2 |
| 19.40 | Hull - Man. Utd. | Sport |
| 20.00 | Farmers Insurance | Golfst. |

**Domino's-deild karla**

| | | |
|---|---|---|
| 19.15 | Njarðvík - Tindastóll | Njarðvík |
| 19.15 | ÍR - Skallagrímur | Hertz-hellir |
| 19.15 | KR - Haukar | DHL-höllin |
| 19.15 | Snæfell - Þór Þorl. | Stykkish. |



benecos
náttúruleg fegurð
náttúrulegar og lífrænar förðunarvörur
umhverfisvænar
ekki prófaðar á dýrum
án parabena
MIKIÐ ÚRVAL!
20% AFSLÁTTUR Í HEILSUHÚSINU TIL 29. JAN.
EINSTAKLEGA VANDAÐAR, NÁTTÚRULEGAR OG LÍFRÆNAR
SNYRTI- OG FÖRÐUNARVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI.
BENECOSNATTURULEGFEGURD
Heilsuhúsið
LAUGAVEGI LÁGMÚLA KRINGLUNNI SMÁRATORGI SELFOSSI AKUREYRI NETVERSLUN HEILSUHUSID.IS



Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hluttekningu og samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og formóður,

**Ólafar Steingrímsdóttur**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki og aðstandendum heimilisins að Grund, Hringbraut 50, fyrir fádæma umönnun og virðingu sem hún sjálf líkti við 5 stjörnu hótel.

**Kristinn Sigurjónsson**
**Sveinn Geir Sigurjónsson**
**Steingrímur Sigurjónsson**
**Bryndís Sveinsdóttir**
**Salóme Friðgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra er auðsýndu okkur samúð og hlýju vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Stefáns Stefánssonar**
Vesturhópi 20, Grindavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahjúkrunar Grindavíkur og hjartadeildar Landspítalans.

**Eyrún Jónsdóttir**
**Ingigerður Stefánsdóttir**
**Stefán Stefánsson**
**Guðrún Helga Rúnarsdóttir**
**Fjóla Ósk Stefánsdóttir**
**Júlíus M. Steinþórsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Elskuleg móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Helga Hobbs**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund að morgni 23. janúar. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 2. febrúar kl. 13.

**Gunnar Kvaran**
**Helga Hafsteinsdóttir**
**Guðmundur Hafsteinsson**
**Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Dröfn H. Farestveit**
**Guðný Guðmundsdóttir**
**Alexander Jóhannesson**
**Anna Benassi**
**Jón Árni Þórisson**
**Arthur Farestveit**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæra Dúra,

**Guðrún Svanborg Ingimundardóttir**
fyrrverandi læknaritari,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 20. janúar sl. Útförin verður gerð frá Langholtskirkju þriðjudaginn 31. janúar kl. 13.

**Elsa Guðmundsdóttir**
**Guðjón Ingi Guðmundsson**
**Ásta Guðnadóttir**
**Soffía Guðnadóttir**
**Kristín Elfa Guðnadóttir**
**Ingimundur Guðnason**
**Guðni Arnar Guðnason**
**Valgerður Guðrún Guðnad.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Herdís Helgadóttir**
Auðarstræti 19, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans fimmtudaginn 19. janúar sl. Útför hennar verður gerð frá Hallgrímskirkju föstudaginn 27. janúar kl. 13.

**Guðrún Ragnarsdóttir Briem**
**Þorsteinn Ragnarsson**
**Valý Helga Ragnarsdóttir**
**Lárus Ragnarsson**
**Ragnheiður Jensína Ragnarsdóttir**
**Halldóra Anna Ragnarsdóttir**
**Eiríkur Briem**
**Elsa Guðmundsdóttir**
**Jón Þorvaldsson**
**Þóra Tryggvadóttir**
**Orri Páll Ormarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Wiktoria Joanna Ginte, skipuleggjandi tónleikanna, hefur fylgst grannt með átökunum í Sýrlandi.

# Styrktartónleikar fyrir sýrlenska sjálfboðaliða

**Á föstudaginn verða haldnir styrktartónleikar fyrir hjálparsamtökin Hvítu hjálmana sem vinna óeigingjarnt starf í miðjum átökum í Sýrlandi. Samtökin eru skipuð sjálfboðaliðum sem hafa það markmið að bjarga fólki sem hefur lent í sprengjuárásum.**

„Það er vegna nýliðinna atburða í Sýrlandi, en þeir höfðu mikil áhrif á mig og gerðu mig afar sorgmædda. Ég hef verið að fylgjast með málum þarna síðan árið 2011 og í gegnum árin hef ég hugsað mikið um hvað það sé sem ég geti gert til að hjálpa til og hvort við í vestrænum þjóðfélögum getum á einhvern hátt stöðvað þessi átök. Nýlega sá ég á vefsíðu Hvítu hjálmanna að þá skortir fé og að félagið væri lagst í söfnun,“ segir Wiktoria Joanna Ginter aðspurð hvað komi til að hún haldi styrktarkvöldið Hjálpum White helmets sem fram fer á morgun, föstudag, á Gauknum. White helmets eða Hvítu hjálmarnir eru samtök skipuð sjálfboðaliðum sem starfa í kringum átökin í Sýrlandi.

> **Nýlega sá ég á vefsíðu Hvítu hjálmanna að þá skortir fé og að félagið væri lagst í söfnun.**

*Hvernig samtök eru Hvítu hjálmarnir og hvað gera þau?* „Hvítu hjálmarnir eru samtök skipuð óbreyttum borgurum sem beita sér fyrir að hjálpa til í Sýrlandi – samtökin mæta fyrst á svæðið eftir sprengjuárásir til dæmis og draga fólk úr rústum, bæði lifandi fólk og þá sem deyja í sprengjuárásunum. Liðsmenn samtakanna vaða í raun bara beint inn á hættusvæði til að hjálpa til, jafnvel meðvitaðir um að miklar líkur eru á að sprengjur gætu fallið á sama stað aftur,“ segir Wiktoria, en samtökin hafa hingað til bjargað næstum 80 þúsund mannslífum og sú tala fer hækkandi með áframhaldandi átökum í Sýrlandi.

*Hvaða hljómsveitir koma fram þetta kvöld?* „Það eru þrjú bönd sem mæta þarna til leiks – það eru í fyrsta lagi Elín Helena sem er nokkuð vinsæl pönkhljómsveit. Síðan er það GlerAkur, en það er samansafn nokkurra liðsmanna annarra hljómsveita og er þetta verkefni eitt það heitasta í heimi post-metal senunnar og að lokum er það dj. flugvél og geimskip en hana þarf nú vart að kynna,“ segir Wiktoria. Aðgangur er ókeypis en fólk er hvatt til að gefa til málefnisins upphæð að eigin vali. Tónleikarnir hefjast kl. tíu en þá stígur Elín Helena á svið. **stefanthor@frettabladid.is**



Okkar innilegustu þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar dóttur okkar, systur, barnabarns og frænku,

**Ölmu Þallar Ólafsdóttur**
Mánagötu 25, Grindavík.

**Ólafur Már Guðmundsson**
**Hulda Björk Ólafsdóttir**
**Guðmunda Ösp Ólafsdóttir**
**Guðmundur Sverrir Ólafsson**
**Ægir Sigurðsson**
**Lóa Mjöll Ægisdóttir**
**Guðmunda Jónsdóttir**
**Alma Vestmann**
**og aðrir aðstandendur.**



Kær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Katrín Árnadóttir**
frá Skógum í Öxarfirði,

sem lést á Hrafnistu (Hlévangi) laugardaginn 21. janúar, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 1. febrúar kl. 13.

**Gunnar Már Yngvason**
**Sigríður Katrínar Yngvadóttir**
**Hrefna Yngvadóttir**
**Ásta Pálína Stefánsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



20%
AUKAAFSLÁTTUR
AF ÚTSÖLUVERÐI
ENN MEIRI
ÚTSALA
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Í dag verður hæglætisveður á landinu, úrkomulítið og vægt frost. Dálítil slydda eða rigning á Suðausturlandi og Austfjörðum og frostlaust þar. Hvessir af norðri á Vestfjörðum um kvöldið með snjókomu.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -5° | -3° |
| ←9 | ←15 | ↙9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | -0° | -6° |
| ↓7 | ↓5 | ↙11 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -6° | -7° |
| ←2 | ←10 | ↙5 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4° | -3° | -11° |
| ↓10 | ↓5 | ↙6 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. stagl
6. hvort
8. samræða
9. móðurlíf
11. slá
12. skokk
14. brestir
16. tónlistar-maður
17. fýldur
18. stansa
20. eldsneyti
21. flokka

**LÓÐRÉTT**
1. gá
3. strit
4. vörurými
5. berja
7. ávöxtur
10. kjaftur
13. blaður
15. inniloka
16. hugfólginn
19. til.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. tafs, 6. ef, 8. tal, 9. leg, 11. rá, 12. trimm, 14. snark, 16. kk, 17. súr, 18. æja, 20. mó, 21. raða.
**LÓÐRÉTT:** 1. gelt, 3. at, 4. farmrúm, 5. slá, 7. ferskja, 10. gin, 13. mas, 15. króa, 16. kær, 19. að.

### Skák Gunnar Björnsson

Friðrik Ólafsson átti leik gegn Wolfgang Unzicker í Lauano árið 1970.



**Hvítur á leik**
**44. Hxf6!! gxf6** (44...Dxe5 45. fxe5 gxf6 46. exf6 er vonlaust fyrir svartan.) **45. Dxf6+ Kg8 46. Dxh6! Dc7 47. Df6!** Skákdagurinn, afmælisdagur Friðriks Ólafssonar, er í dag og mikið um að vera þessa vikuna í íslensku skáklífi.
**www.skak.is:** Skákdagurinn.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 3 | 9 | 2 | | | |
| 8 | | | | | | | 7 | |
| 1 | 2 | | | | | 4 | 6 | |
| | | 1 | | 8 | 3 | 7 | 9 | |
| 2 | | | 9 | 4 | | | 8 | |
| | | 7 | 6 | 1 | | | | |
| | 6 | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 3 | 9 | 8 | | |
| 7 | 9 | 2 | | | | 1 | 4 | 3 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | | | 7 | | 2 | |
| | 9 | 1 | | 5 | | 4 | | |
| 2 | 3 | 4 | | | 9 | 5 | | |
| | | | | | 5 | | 4 | 9 |
| 4 | 2 | | | | 6 | 7 | | 1 |
| 6 | | | | | | | | |
| | 4 | 7 | 1 | | | 3 | | 2 |
| | | | | | | | | |
| | 6 | 8 | | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 4 | | 1 | | | | |
| | | | | | | | 7 | 8 |
| | | 1 | | | | 3 | | |
| 6 | | 8 | 5 | | | | 9 | |
| 9 | | | 2 | 7 | | | 4 | |
| | 5 | | 9 | | | | | |
| | | 6 | | | | 7 | | 2 |
| | | | 3 | | | | 6 | |
| | | | | 2 | 9 | | 1 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 1 | 7 | 3 | 6 | 8 | 5 | 4 | 9 |
| 8 | 5 | 6 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 7 |
| 4 | 9 | 3 | 5 | 2 | 7 | 8 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 8 | 6 |
| 9 | 7 | 1 | 6 | 8 | 5 | 4 | 3 | 2 |
| 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 4 | 9 | 8 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 5 | 4 | 6 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 4 | 3 | 9 | 5 | 2 | 7 | 6 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 1 |
| 9 | 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 8 | 1 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 1 | 8 | 6 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 8 | 5 | 9 | 7 | 6 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 3 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 7 | 5 | 6 | 8 | 2 | 1 |
| 2 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 8 | 7 | 2 | 1 | 3 | 9 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 8 | 9 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 4 | 6 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 6 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 |
| 1 | 7 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








# FRÉTTABLAÐIÐ

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT
Í FRÉTTABLAÐINU

Um 55% íbúa á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*
Rúmlega 85.000 manns á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.*



Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

Kannaðu dreifileiðir í síma 5125448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Heimild: *Skv. Blaðakönnun Gallup, okt.-des. 2016.


margfalt skemmtilegri
FRÁBÆR DAGSKRÁ Í
FEBRÚAR
TABOO
Tom Hardy
JAN 10
FX
APPLE TREE YARD
KATLA MARGRÉT
LOGI BERGMANN
AUDUNN BLÖNDAL
SATT EÐA LOGIÐ ?
SIX
Um LAND ALLT
HEIMSÓKN
A perfect life is a perfect lie.
BIG LITTLE LIES
FEB 19 9PM HBO
WENTWORTH
Hið Blómlega Bú
Agatha Christie's
The Witness for the Prosecution
MEISTARA MÁNUÐUR
ÍSLANDSBANKA
Nilli Hólmgeirsson
VICE
SO YOU THINK YOU CAN DANCE
LAST WEEK TONIGHT
Flúr & Fólk
Tryggðu þér áskrift
9.990 kr.
Aðeins 333 kr. á dag
STEYPUSTÖÐIN
365.is | Sími 1817
365

markhönnun ehf

# nettó




## HEILSU OG LÍFSSTÍLSBLAÐ NETTÓ

128 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM



22%

**Nauta Mínútusteik**
**2.962 KR/KG**
Áður: 3.798 kr/kg



22%

**Lambalundir**
**5.926 KR/KG**
Áður: 7.598 kr/kg



ÓDÝRT Í nettó

nettó
**Kjúklingabringur**
**1.888 KR/KG**
Áður: 2.098 kr/kg



nettó
**Kjúklingur** - Heill
**694 KR/KG**
Áður: 798 kr/kg



30%

GOÐI
**Grísastrimlar**
**1.749 KR/KG**
Áður: 2.498 kr/kg

# Heilsufæði á tilboð




**Klaki 2 l.**
kolsýrt vatn
- lime - sítrónu
**129 KR/STK**
Áður: 179 kr/stk

28%



200 MÍLUR

**Laxasneiðar**
þverskornar
**1.582 KR/KG**
Áður: 1.798 kr/kg

**Lax**
í sælkeramarineringu
**2.374 KR/KG**
Áður: 2.698 kr/kg

**Lax**
í lime og smjöri
**2.374 KR/KG**
Áður: 2.698 kr/kg

**Lax**
í hvítlauk og kryddjurtum
**2.374 KR/KG**
Áður: 2.698 kr/kg

fairtrasa®

25%
AFSLÁTTUR

af öllum Fairtrasa ávöxtum og grænmeti



## OFURTILBOÐ DAGANA 26.-27. JAN.

HVERT TILBOÐ GILDIR Á TILGREINDUM DEGI EN AÐRA DAGA ERU SÖMU VÖRUR Á ALLT AÐ 25% AFSLÆTTI.

### FIMMTUDAGUR 26. JAN.

*Tilboð dagsins*




40%
AFSLÁTTUR

**NOW VÍTAMÍN D-3**
120 PERLUR (2000 IU)
OG 180 PERLUR (1000 IU)
~~VERÐ ÁÐUR: 1.499 KR/STK~~
**40% | 899 KR/STK**

### FÖSTUDAGUR 27. JAN.

*Tilboð dagsins*




50%
AFSLÁTTUR

**GULI MIÐINN**
**C-1000 VÍTAMÍN**
60 TÖFLUR
~~VERÐ ÁÐUR: 1.129 KR/STK~~
**50% | 565 KR/STK**

**Tilboðin gilda 25. janúar - 5. febrúar 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR

## 25. JANÚAR - 5. FEBRÚAR - FULLT AF HEILSUFRÓÐLEIK OG TILBOÐUM

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR

SUNWARRIOR

25% AFSLÁTTUR




NÝTT

### NÝ VEGAN NÆRINGARBOMBA

**Stútfull af mikilvægri næringu úr ofurfæðu eins og baobab, chiafræjum, hörfræjum, grófum hýðishrísgrjónum, þörungum, basiliku, guava laufum og kókos svo eitthvað sé nefnt. Hreint jurtaprótein, hágæða glútenlaus kolvetni, góð fita, steinefni, trefjar, náttúruleg vítamín, ensím og góðir gerlar - allt saman komið í þessum frábæra næringaríka hristing: Illumin8.**

illumin8
1000 g

**4.499 KR PK**

Áður: 5.998 kr/pk

● Vanilla ● Chocolate

25% AFSLÁTTUR

**af öllum vítamínum og bætiefnum**




25% AFSLÁTTUR AF PRÓTEIN-STYKKJUM




# KYNNINGAR
## Í VERSLUNUM NETTÓ

Fjöldinn allur af fróðlegum kynningum og námskeiðum í verslunum Nettó á Heilsu- & lífsstílsdögum



**Hanna Hlíf Bjarnadóttir**
Höfundur Eldhús grænkerans



**Ragga Nagli**
Klínískur heilsusálfræðingur og einkaþjálfari



**Viðir Þór**
Íþrótta- og heilsufræðingur

### NETTÓ GRANDA

| | | |
|---|---|---|
| Fim | 14:00 - 16:00 | Saga Pro: Þú ferð lengra með Saga Pro - kynning |
| | 15:00 - 18:00 | Fulfil vítamín- og próteinbarir - kynning |
| | 16:00 - 19:00 | **Guðrún Bergmann:** Now fæðubótarefni - fræðsla |
| Fös | 15:00 - 18:00 | Protein balls orkukúlur og Bai drykkir - kynning |

### NETTÓ MJÓDD

| | | |
|---|---|---|
| Fim | 15:00 - 18:00 | Fulfil vítamín- og próteinbarir - kynning |
| | 15:00 - 20:00 | HH hnetu- og kókosbitar og Bai drykkir - kynning |
| | 16:00 - 18:00 | **Ragga Nagli** - fræðsla og smakk |
| | 17:00 - 19:00 | **Viðir Þór,** heilsufræðingur: Terranova - kynning |
| Fös | 15:00 - 19:00 | GeoSilica, íslenska kísilsteinefnið - kynning |
| | 16:00 - 18:00 | **Ebba Guðný** - fræðsla og smakk |
| | 16:00 - 18:00 | **Ragga Nagli** - fræðsla og smakk |

### NETTÓ GLERÁRTORGI

| | | |
|---|---|---|
| Fim | 15:00 - 18:00 | Fulfil vítamín- og próteinbarir - kynning |
| | 15:00 - 19:00 | Vegan express og Bai bubbles - kynning |
| | 20:00 - 21:00 | *Eldhús grænkerans* - kynning og smakk |
| Fös | 14:00 - 17:00 | Bai og HH kókos- og hnetubitar - kynning |

### NETTÓ BÚÐARKÓR

| | | |
|---|---|---|
| Fim | 14:00 - 16:00 | Saga Pro: Þú ferð lengra með Saga Pro - kynning |

### NETTÓ HAFNARFIRÐI

| | | |
|---|---|---|
| Fim | 15:00 - 19:00 | GeoSilica, íslenska kísilsteinefnið - kynning og smakk |
| Fös | 16.00 - 18.00 | Milkadamia: Ný tegund af jurtamjólk - kynning |

### NETTÓ KROSSMÓA

| | | |
|---|---|---|
| Fim | 20:00 - | Heilsukvöld Nettó með **Ásdísi grasalækni** |
| Lau | 13:00 - 18:00 | GeoSilica, íslenska kísilsteinefnið - kynning |

sistema®

20% AFSLÁTTUR AF VATNSBRÚSUM




Mikilvægi lífrænnar fæðu fyrir barnið þitt

HiPP

HIPP BARNAMATUR 25% AFSLÁTTUR




25% AFSLÁTTUR




**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Fimm prósent umsókna fengu brautargengi

## Hátíðardagskrá Myrkra músíkdaga hefst í dag og stendur fram á laugardagskvöld.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Það er erfitt að nefna einhverja hápunkta. Mér dettur þó í hug að benda á síðkvöldatónleikana í Norðurljósum í Hörpu bæði í kvöld og annað kvöld," segir Gunnar Karel Másson, listrænn stjórnandi Myrkra músíkdaga sem hefjast í dag. Þar er áhersla lögð á frumflutning samtímatónlistar, ekki síst eftir íslenska höfunda.

Það er verkið Adapter eftir Davíð Brynjar Franzson sem verður á dagskrá í Norðurljósum í kvöld klukkan 21.30. Gunnar Karel segir það konsertuppfærslu af óperu, með smá rafkafla. „Angela Rawlings og Halldór Úlfarsson eiga hlutdeild í því hvernig verkið er uppbyggt. Flytjendurnir Gunnhildur Einarsdóttir, Ingólfur Vilhjálmsson, Matthías Engler og Kristjana Helgadóttir, ásamt aðstoðarfólki, eru hringinn í kringum áheyrendur."

Þarna verður tónlistin greinilega alltumlykjandi en því verður öfugt farið hjá kammerhópnum Nordic Affect sem verður í Norðurljósum annað kvöld klukkan 10, eftir því sem Gunnar Karel lýsir. „Þar verða flytjendurnir inni í miðju og áheyrendur umhverfis. Hvort tveggja er spennandi."

Leit að sjálfboðaliðum til að spila tónverk á þríhorn í anddyri Hörpu klukkan 18.30 á laugardagskvöldið stendur yfir. Verkið heitir Triangular Mass og er eftir hinn danska Niels Lyhne Løkkegaard. „Við þurfum 50 manns. Það fá allir klippikort fyrir að taka þátt, sem þýðir aðgangur á fimm tónleika," tekur Gunnar Karel fram.

Hátíðin Myrkir músíkdagar var stofnuð af íslenskum tónskáldum árið 1980. „Það er búið að setja ákveðinn standard á hátíðina gegnum árin og áhuginn er gríðarlegur á að koma þar fram," segir Gunnar Karel. „Við fengum um það bil 200 umsóknir og um fimm prósent þeirra fengu brautargengi, það er þröngt nálaraugað. Svo er hér fjöldi fólks frá erlendum útvarpsstöðvum og menningartímaritum að fylgjast með."

Gunnar Karel er tónskáld og heldur nú utan um Myrka í fyrsta skipti. „Ég vildi setja aðeins mitt mark á hátíðina. Gaf til dæmis grafískum hönnuði skotleyfi á svarta litinn sem hefur einkennt plaköt, það er minna um raftónleika og oft áður en rafpartar og elektróník er þó með á flestum tónleikum," lýsir hann. „Ég hef aðeins verið með puttana í efnisskrá flytjenda, sé það sem hlutverk listræns stjórnanda að leggja ákveðna línu. Ef hátíðin á að vera samkeppnishæf við aðrar hátíðir hér heima og erlendis er slíkt nauðsynlegt. Ég held að það eigi eftir að auka gæðin."


„Ég vildi aðeins setja mitt mark á hátíðina," segir Gunnar Karel. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Fjör og fútt í Fjarskalandi

**LEIKHÚS**

**Fjarskaland**

★★★★☆

**Höfundur:** Guðjón Davíð Karlsson
**Leikstjórn:** Selma Björnsdóttir
**Leikarar:** Baldur Trausti Hreinsson, Edda Arnljótsdóttir, Gunnar Jónsson (Gussi), Hallgrímur Ólafsson, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir, Kolbrún María Másdóttir, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Oddur Júlíusson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Rakel María Gísladóttir, Selma Rún Rúnarsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson, Snæfríður Ingvarsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson
**Dansarar:** Bjartey Elín Hauksdóttir, Hólmgeir Gauti Agnarsson, Stefán Franz Guðnason og Viktor Máni Baldursson
**Tónlist:** Vignir Snær Vigfússon
**Tónlistarfólk:** Benedikt Brynleifsson, Ingvar Alfreðsson, Róbert Þórhallsson, Vignir Snær Vigfússon
**Hljóðmynd:** Elvar Geir Sævarsson
**Leikmynd:** Finnur Arnar Arnarson
**Búningar:** María Th. Ólafsdóttir
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Danshöfundur:** Lára Stefánsdóttir

Áhorfendum Þjóðleikhússins var boðið til Fjarskalands síðastliðna helgi, þar sem ævintýrin gerast bókstaflega. Höfundur Fjarskalands er Guðjón Davíð Karlsson sem er auðvitað þjóðþekktur fyrir leiklistarstarf í þágu barna en þetta er í fyrsta sinn sem hann skrifar svona stórt verk fyrir sviðið.

Dóra og fjölskylda hennar ætla að eyða helginni uppi í sumarbústað til að flýja hið daglega amstur. Amma hennar ætlaði að taka á móti þeim en hana er hvergi að finna. En þegar Dóra fer upp á loft til að blaða í ævintýrabók ömmu sinnar hrekkur ævintýrapersónan Númenór upp úr bókinni og segir að vondi úlfurinn úr Rauðhettu hafi rænt henni.

Ástæðan er að amman úr sögunni er horfin og persónur ævintýrabókarinnar eru að hverfa ein af annarri vegna þess að börn eru hætt að lesa ævintýri og foreldrar gefa sér ekki tíma til að lesa fyrir þau. Sýningin hlýtur að hluta til að vera innblásin af kvikmyndinni Sagan endalausa sem byggð er á bók Michaels Ende og er frábær grunnur. Þó hefði mátt hnýta þessa tvo heima betur saman en handritið er örlítið endasleppt.

Snæfríður Ingvarsdóttir stígur hér sín fyrstu skref í burðarhlutverki og stendur sig með ágætum þó að tilfinningabreiddina mætti kannski bæta, það kemur með reynslunni. Hallgrímur Ólafsson leikur Númenór, leiðsögumann Dóru um Fjarskaland, af krafti og glaðværð. Þröstur Leó Gunnarsson er nánast óþekkjanlegur sem vondi úlfurinn en hann er fantagóður, eins og endranær.


Dansarinn Ísabella Rós í hlutverki Garðabrúðu er fremst en á brúnni sjást Snæfríður Ingvarsdóttir í gervi Dóru, Hallgrímur Ólafsson í hlutverki Númenors og Ragnheiður Steindórsdóttir í hlutverki Krúellu. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

Oddur Júlíusson fer algjörlega á kostum sem vonda nornin. Hann lifir sig algjörlega inn í hlutverkið, ýkir hressilega alla takta og er alveg með á nótunum. Sömuleiðis er Sigurður Þór Óskarsson í fínu formi og á flotta innkomu í hlutverki Haralds, hins fýlda bróður Dóru. Baldur Trausti Hreinsson og Edda Arnljótsdóttir njóta sín best í smærri hlutverkum innan Fjarskalands þar sem þau fá tauminn lausan: hún sem vonda stjúpan og hann í ónefndu hlutverki sem kemur skemmtilega á óvart.

Selma Björnsdóttir er hér algjörlega á heimavelli og gætir þess, með aðstoð Láru Stefánsdóttur danshöfundar, að sýningin fljúgi áfram. Leikhópurinn er gríðarstór og ákaflega ánægjulegt að sjá okkar yngstu leikara vinna svona vel. Þrátt fyrir fínustu spretti og glaðværa tónlist samda af Vigni Snæ Vigfússyni þá virðist einhver doði yfir söngleikjatónsmíðum á Íslandi. Úlfalagið ber af en hin lögin eru ansi keimlík og koma lítið á óvart, þó er söngurinn góður.

Leikmyndin er hugarsmíð Finns Arnars Arnarsonar og er virkilega vel heppnuð nánast í alla staði. Hringsviðið er hugvitssamlega notað og persónurnar þeysast um og þræða sviðið skemmtilega. Aftur á móti var lýsing Ólafs Ágústs Stefánssonar ekki nægilega góð. Sumir kaflarnir voru litríkir en grunnlýsingin allt of dimm. María Th. Ólafsdóttir skapar ævintýralega búninga af listfengi og ljósakjóll Dísu ljósálfs fær sérstakt hrós.

Á þessu leikári hafa barnasýningar Þjóðleikhússins verið með besta móti og Fjarskaland eftir Guðjón Davíð Karlsson er á sömu vegferð. Það á eftir að heilla áhorfendur með þeim töfrandi heimi sem Selma og Guðjón Davíð skapa. Gallar á handritinu gleymast og gleðin, sérstaklega hjá smærri áhorfendunum, er það sem situr eftir.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Heillandi fjölskyldusýning sem ætti að gleðja alla aldurshópa.

# 20%

# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM

### FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

## 26.-29. janúar

Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.
Athugið að vöruúrval er mismunandi á milli verslana. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# BÍÓ



Nú fer að styttast í Óskarinn, virtustu verðlaunin í heimi kvikmyndanna, og hátíðin í ár stefnir í að vera nokkuð spennandi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stefnir í einn áhugaverðasta Óskar síðustu ára

## Nú hafa tilnefningar til Óskarsverðlaunanna verið gerðar opinberar. Ýmislegt áhugavert og spennandi má finna á þeim lista, þó að annað sé miður skemmtilegt. Endurkoma Mels Gibson, Íslendingar hlunnfarnir, réttindabarátta svartra og fleira. Fréttablaðið fer yfir áhugaverða punkta sem má finna í tilnefningunum.

Tilnefningar til Óskarsverðlaunanna eru nú orðnar opinberar og þar er ýmislegt að frétta eins og yfirleitt. Ótvíræður „sigurvegari“ er söngleikurinn La La Land með Emmu Stone og Ryan Gosling í aðalhlutverkum, en einhvern veginn kemur það nú ekki mikið á óvart þó að fjöldi tilnefninga sé kannski svolítið rosalegur – en myndin hlaut alls fjórtán tilnefningar og jafnar þar með sjálfa Titanic.

Annað sem er tengdara okkur Íslendingum er að tónlistin úr myndinni Arrival er ekki tilnefnd til Óskarsins. Ástæðan er sú að tónverkið On the Nature of Daylight eftir Max Richter var notað á nokkrum stöðum í myndinni og taldi Akademían að það myndi hafa áhrif á það hvernig tónverk Jóhanns Jóhannssonar yrði dæmt. Ótrúlega svekkjandi enda tónsporið í Arrival algjörlega frábært.

Mikill fjöldi mynda sem eru ekki framleiddar af stóru Hollywood-stúdíóunum er líka athyglisverður. Af þeim níu myndum sem keppa um titilinn besta myndin, eru heilar fimm framleiddar annars staðar. Þetta eru myndirnar Arrival, Manchester by sea, Lion, Hell or high water og Hacksaw ridge. Talandi um Hacksaw ridge – þá er leikstjóri hennar Mel nokkur Gibson sem hefur nú ekki verið vinsæll í bransanum síðustu árin, en hann hefur verið vægast sagt erfiður náungi, þá sérstaklega þegar hann níddi gyðinga árið 2006. En í ár er hann tilnefndur sem besti leikstjórinn öllum að óvörum og kannski má líta á það sem lok tíu ára útlegðar hans?

Það sem eru samt stærstu jákvæðu fréttirnar og það áhugaverðasta við tilnefningar ársins er að sex svartir leikarar eru tilnefndir og auk þess eru þrjár myndir sem fjalla á einhvern hátt um líf og reynslu svartra tilnefndar sem besta myndin.



Mahershala Ali er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir besta leik í aukahlutverki sem dópsalinn Juan í kvikmyndinni Moonlight. NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta eru myndirnar Moonlight, Fences og Hidden figures. Sú síðastnefnda er sönn saga þriggja kvenna sem sinntu útreikningum fyrir NASA á tímum geimkapphlaupsins, Fences er fjölskyldudrama sem gerist á sjötta áratugnum og fjallar um brostna drauma og síðan er það Moonlight þar sem fylgst er með lífi samkynhneigðs manns í Miami frá æsku til fullorðinsára.

Í Moonlight er tekið á ýmsum áhugaverðum málefnum; lífi svartra í Bandaríkjunum, samkynhneigð í kúltúr fátækrahverfa og mismunun. Það er áhugavert og gleðilegt að líf minnihlutahópa sé að koma sterkt inn á Óskarinn í ár. Síðustu tvö ár fór ekki mikið fyrir þeim á verðlaunahátíðinni og kassamerkið #OscarsSoWhite var vinsælt á samfélagsmiðlum á sama tíma. Vonum að um breytta stefnu sé að ræða en ekki bara einhvers konar friðþægingu hjá hinni stundum frekar duttlungafullu Óskarsakademíu.



Leikkonan Octavia Spencer er tilnefnd til Óskarins fyrir besta leik í aukahlutverki í Hidden figures. NORDICPHOTOS/GETTY

stefanthor@frettabladid.is




Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365

365

# ENDALAUS GSM

365.is
Sími 1817

Hvaða leið hentar þér?

## LEIÐ 1

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 0 GB gagnamagn

**790kr.**

## LEIÐ 2

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 1 GB gagnamagn

**1.680kr.**

## LEIÐ 3

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 5 GB gagnamagn

**2.680kr.**

## LEIÐ 4

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 30 GB gagnamagn*

**3.490kr.**

365.is | Sími 1817

365

*Greitt er fyrir farsímanotkun erlendis, til útlanda og í upplýsinganúmer. Á ferðalögum erlendis eru boðnir ferðapakkar Evróski Draumurinn og Ameríski Draumurinn.
30 GB gagnamagn er innifalið í hverjum mánuði en endalaust gagnamagn fyrir 2.000 krónur bætist við ef farið er umfram 30 GB.








# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

**26. JANÚAR 2017**

## Tónlist

**Hvað?** Sinfóníuhljómsveit Íslands: Sinfónía á Myrkum
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Harpa
Tónleikar Sinfóníunnar á Myrkum músíkdögum eru vettvangur fyrir nýja og spennandi íslenska tónlist í bland við erlend meistaraverk. Hér hljómar nýr víólukonsert eftir Hauk Tómasson, saminn fyrir Þórunni Ósk Marínósdóttur sem er leiðandi víóluleikari SÍ og meðal fremstu tónlistarmanna landsins. Einnig verður frumflutt nýtt hljómsveitarverk eftir Kristínu Þóru Haraldsdóttur en verk hennar, Water's Voice, vakti mikla eftirtekt á Tectonics-tónlistarhátíð SÍ árið 2015. Verk Úlfs Hanssonar var samið fyrir Fílharmóníuhljómsveit franska útvarpsins í kjölfar þess að hann hlaut fyrstu verðlaun í flokki ungra tónskálda á Tónskáldaþinginu 2013. Doloroso eftir Atla Heimi Sveinsson er kyrrlátur huggunar- og saknaðarsöngur, og er tileinkaður minningu Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur forsetafrúar.

**Hvað?** Af fingrum fram – Svavar Knútur
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Björt og fögur tenórrödd Svavars Knúts hefur verið Íslendingum hugleikin síðustu ár auk þess sem hann hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir lög sín og texta og ekki síður hvernig hann hefur meðhöndlað eldri, íslenskar söngperlur. Þrátt fyrir ungan aldur hefur lífið ekki einvörðungu verið dans á rósum hjá Svavari og víst er að tár gætu fallið þegar hann heilsar upp á Jón Ólafsson.

**Hvað?** Poco Apollo - Halldór Eldjárn / MMD Off Venue
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Mengi
Poco Apollo, innsetning Halldórs Eldjárn, byggir á stórmerkilegu ljósmyndasafni NASA (geimferðastofnunar Bandaríkjanna) sem nýverið var gefið út og hefur að geyma í kringum 14.000 ljósmyndir sem teknar voru af geimförum Apollo-verkefnisins á árunum 1969 til 1972, ljósmyndir sem hafa að geyma dýrmæt augnablik af heimsóknum manna til tunglsins.

**Hvað?** Sturtuhausinn – Söngkeppni VMA 2017
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Menningarhúsið Hof
Sturtuhausinn 2017 verður með stærra móti þetta árið, keppnin fer fram í Hofi eins og síðustu ár og öllu verður til tjaldað. Kynnar kvöldsins verða Nökkvi Fjalar og Egill Ploder úr Áttunni. Dómarar verða þau Salka Sól, Arnar Freyr og Valdimar.

**Hvað?** Myrkir músíkdagar 2017/ Adapter
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Norðurljós
Longitude fyrir flautu, kontrabassa, klarínett, selló, hörpu, slagverk og rafhljóð eftir Davíð Brynjar Franzson brýst fram af hljóðlátum þrótti og afhjúpar frjálst flæði þúsunda blæbrigða sem horfið tungumál virðist halda við.

**Hvað?** Hrafnhildur Ragnarsdóttir: Málþroski barna
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Nýi Garður, stofa 301
Fyrsti misserisfundur Hugsýnar, félags um hugræn fræði, á nýju ári verður í dag. Þar flytur Hrafnhildur Ragnarsdóttir erindið: Málþroski barna á aldursbilinu fjögra til átta ára og tengsl hans við lesskilning á samræmdum prófum í 4. bekk.

## Uppákomur

**Hvað?** Sagnakvöld með Einari Kárasyni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt
Einar Kárason, rithöfundur og sagnamaður, eys úr sagnabrunni sínum í Hannesarholti í kvöld. Einar mun standa á miðju gólfi og segja sögur af fólki sem hann hefur kynnst og ferðum sem hann hefur farið, meðal annars um sálarháska hans og föður hans vegna tóbaksleysis í verkfalli. Sögur um gaman og alvöru. Miðaverð 1.500 krónur.


Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar fer fram í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Jólabókaflóðið 2016 krufið
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Bókasafn Garðabæjar
Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur fjallar um bækur sem komu út fyrir jólin. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

**Hvað?** Opinn hljóðnemi á Dögum ljóðsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gerðarsafn
Á viðburðinum gefst ljóðskáldum færi á að flytja ljóð sín í notalegu umhverfi Garðskála Gerðarsafns og í félagsskap annarra ljóðskálda. Ljóðabækur verða seldar á staðnum og Garðskálinn býður ljúfar veitingar til sölu. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

## Fundir

**Hvað?** Markþjálfunardagurinn 2017
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Hilton Reykjavík Nordica
Markþjálfunardagurinn verður haldinn í fimmta sinn í dag í samstarfi við ICF Iceland en félögin hafa gert með sér samkomulag um aukið samstarf. Dagurinn verður einstaklega veglegur vegna 10 ára afmælis Félags markþjálfa á Íslandi. Aðalfyrirlesari markþjálfunardagsins er rithöfundurinn og hinn virti fyrirlesari dr. Karl Moore, sem mun fjalla um hina hljóðu leiðtoga (e. quiet leaders). Ástríða Karls og sú vinna sem hann er þekktastur fyrir víða um heim, er stefnumótun og leiðtogafræði. Hann er dósent við McGill háskólann í Montreal þar sem hann stýrir með Henry Mintzberg McGill Advance Leadership Program. Aðgangseyrir er 14.900 kr.

**Hvað?** Erfiðar tilfinningar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskólinn í Reykjavík , stofa V102
Sigrún Ólafsdóttir, sálfræðingur og doktorsnemi í sálfræði við HR, fjallar um erfiðar tilfinningar, tilgang þeirra, áhrif þeirra á daglegt líf og hvernig takast megi á við þær.

**Hvað?** Erindi: Infants with colic – what is it and what can we do?
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Landspítali, Geðdeildarbygging við Hringbraut, Stóri Meitill á 4. hæð
Dr. Kajsa Landgren, aðjúnkt við heilbrigðisvísindasvið Lundarháskóla í Svíþjóð, flytur erindi sem nefnist: Infants with colic – what is it and what can we do? Erindið er haldið á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði og fer fram í dag, í kennslustofu á 4. hæð í geðdeildarbyggingunni við Hringbraut sem nefnist Stóri Meitill

**Hvað?** Leiðsögn nema og nýliða í skólastarfi. Samstarf háskóla og skóla
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Háskóli Íslands, Stakkahlíð, H 207
Markmið málþingsins er að efla samstarf milli háskóla og skóla um vettvangsnám og leiðsögn kennaranema og nýliða, og stuðla þannig að betri kennaramenntun og starfsþróun. Dregin verða fram helstu álitamál og ávinningur samstarfsins frá sjónarhóli þeirra sem koma að slíkri leiðsögn á öllum skólastigum og rætt um ólík hlutverk og samvinnu háskóla og skólasamfélaga. Málþingið er ætlað kennurum og skólastjórnendum á öllum skólastigum, fulltrúum í fagfélögum og kennaramenntendum.




BIFREIÐASKOÐUN

# Ert þú ferðafær?

## Í vetrarveðri er góð tilfinning að vera á nýskoðuðum bíl frá Frumherja




Myndin er tekin á Holtavörðuheiði þann 22. des. kl. 20:00

GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆÐ KJÖR Á SKOÐUNUM

BIFREIÐASKOÐUN 2017-18

## Örugg bifreiðaskoðun um allt land

Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur · Vatnsvernd · Söluskoðun

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Farskoðari

### Ástandsskoðun

Frumherji býður upp á ástandsskoðun sem þróuð hefur verið fyrir kaupendur og seljendur. Þessi skoðun tekur til fleiri þátta en venjuleg skylduskoðun, viðskiptavinir koma með bílinn til Frumherja þar sem ástand bifreiða er metið.

Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum ökutækja sinnt, s.s. aðalskoðun, endurskoðun og breytingaskoðun. Sjá meira á www.frumherji.is

FRÍTT WI-FI OG LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.




TILKYNNING

**EFTIRFARANDI SVIÐ FRUMHERJA FLYTJA STARFSEMI SÍNA Í JANÚAR/FEBRÚAR 2017 AÐ ÞARABAKKA 3, MJÓDDINNI**

ÞJÓNUSTUVER · ÖKUPRÓF · FASTEIGNA-SKOÐUN · SKIPASKOÐUN · GÆÐASTJÓRN-UNARKERFI · RAFMAGN-SKOÐANIR

# Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

### STÖÐ 2

**07.00** **Simpson-fjölskyldan**
**07.25** **Kalli kanína og félagar**
**07.50** **Tommi og Jenni**
**08.10** **The Middle**
**08.35** **Ellen**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.20** **Jamie's 30 Minute Meals**
**10.45** **Undateable**
**11.10** **Sendiráð Íslands**
**11.45** **Grantchester**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Mona Lisa Smile**
**14.55** **Paper Towns**
**16.55** **Bold and the Beautiful**
**17.20** **Nágrannar**
**17.45** **Ellen**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55** **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.
**19.05** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.20** **The Big Bang Theory**
**19.45** **Masterchef Professionals**
**20.30** **Flúr & fólk** Ný íslensk þáttaröð fylgst með 12 einstaklingum sem allir uppfylla eitt af þremur skilyrðum; að vera með gamalt húðflúr sem þeir vilja láta flúra yfir, að vera með ör sem þeir vilja láta þekja með flúri eða vera tilbúnir að setjast í tattústólinn sem „auður strigi", þ.e. að leyfa listamönnunum að ráða. Við kynnumst meðal annars fyrrverandi björgunarsveitarmanni sem fær flúr yfir ör eftir slæmt slys, manni sem fékk sér flúr í heimahúsi í Búðardal sem hann var aldrei ánægður með og sveitastelpu sem elskar litrík flúr og er tilbúin að fá nánast hvaða flúr sem er.
**21.00** **The Blacklist**
**21.45** **Homeland**
**22.35** **Lethal Weapon**
**23.20** **Steypustöðin** Ný sketsaþáttaröð með einvalaliði íslenskra gamanleikara. Þau Steinda Jr, Sögu Garðars, Sveppa, Ágústu Evu og Auðunn Blöndal þarf vart að kynna fyrir íslendingum og ekki er stórleikarinn María Guðmunds síðri. Óborgarnlegt grín sem mun fá þig til að grenja af hlátri.
**23.50** **The Secret**
**00.40** **The Voices**
**02.20** **Person of Interest**
**03.05** **Marine 4. Moving Target**
**04.35** **The Boy Next Door**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.10** **Domino's deild kvenna**
**08.50** **League Cup**
**10.30** **Premier League**
**12.20** **Premier League**
**14.05** **Premier League**
**15.50** **Domino's deild kvenna**
**17.30** **League Cup**
**19.10** **Premier League World**
**19.40** **League Cup**
**21.45** **NFL Gameday**
**22.15** **Premier League**
**00.00** **Domino-s deild karla**

### STÖÐ 2 SPORT 2

**08.40** **Premier League**
**10.30** **Premier League**
**12.15** **Premier League**
**14.00** **Messan**
**15.30** **Football League Show**
**16.00** **Spænski boltinn**
**17.45** **Spænsku mörkin**
**18.15** **NBA**
**19.05** **Domino's deild karla**
**21.10** **Premier League**
**23.00** **Premier League Review**
**23.55** **League Cup**

### STÖÐ 3

**17.15** **Married**
**17.35** **Raising Hope**
**18.00** **The New Girl**
**18.20** **Modern Family**
**18.45** **Tekinn**
**19.15** **Veistu hver ég var?**
**20.00** **Six Puppies and Us**
**21.00** **Supergirl**
**21.45** **Angie Tribeca**
**22.10** **Klovn**
**22.40** **The New Adventures of Old Christine**
**23.05** **Gilmore Girls**
**23.50** **Tekinn**
**00.15** **Veistu hver ég var?**
**01.00** **Six Puppies and Us**
**02.00** **Supergirl**
**02.40** **Angie Tribeca**
**03.05** **Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** **Víkingurinn Viggó**
**07.13** **Zigby**
**07.25** **Skógardýrið Húgó**
**07.47** **Mæja býfluga**
**08.00** **Dóra könnuður**
**08.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00** **Áfram Diego, áfram!**
**09.24** **Svampur Sveins**
**09.49** **Lalli**
**09.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**10.00** **Strumparnir**
**10.25** **Hvellur keppnisbíll**
**10.37** **Stóri og litli**
**10.49** **Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00** **Víkingurinn Viggó**
**11.13** **Zigby**
**11.25** **Skógardýrið Húgó**
**11.47** **Mæja býfluga**
**12.00** **Dóra könnuður**
**12.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00** **Áfram Diego, áfram!**
**13.24** **Svampur Sveins**
**13.49** **Lalli**
**13.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**14.00** **Strumparnir**
**14.22** **Hvellur keppnisbíll**
**14.33** **Stóri og litli**
**14.45** **Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00** **Víkingurinn Viggó**
**15.13** **Zigby**
**15.25** **Skógardýrið Húgó**
**15.47** **Mæja býfluga**
**16.00** **Dóra könnuður**
**16.24** **Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47** **Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00** **Áfram Diego, áfram!**
**17.24** **Svampur Sveins**
**17.49** **Lalli**
**17.55** **Rasmus Klumpur og félagar**
**18.00** **Strumparnir**
**18.22** **Hvellur keppnisbíll**
**18.33** **Stóri og litli**
**18.45** **Gulla og grænjaxlarnir**



Könnuðurinn Dóra kl. 08.00 12.00, 16.00,

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** **CareerBuilder Challenge**
**12.20** **PGA Highlights**
**13.15** **Abu Dhabi HSBC Golf Championship**
**15.40** **Golfing World**
**16.30** **Pure Silk Bahamas**
**19.35** **Inside the PGA Tour**
**20.00** **Farmers Insurance Open**

### BÍÓSTÖÐIN

**12.00** **The Face of Love**
**13.30** **Sassy Pants**
**14.55** **Wedding Crashers**
**16.55** **The Face of Love**
**18.30** **Sassy Pants** Gamanmynd frá árinu 2012 sem fjallar um Bethany, 18 ára stúlku sem ákveður að flytja til föður síns til þess að losna undan yfirþyrmandi yfirgangi móður sinnar.
**20.00** **Wedding Crashers**
**22.00** **Pitch Perfect 2**
**23.55** **Lucy**
**01.25** **Kill Your Darlings**
**03.05** **Pitch Perfect 2** Frábær gamanmynd frá 2015 með þeim stöllum Anna Kendrick, Rebel Wilson, Elizabeth Banks o.fl. Söngsveitin skemmtilega The Barden Bellas er mætt á svæðið aftur í sama stuðinu og síðast. Nú ákveða stelpurnar í söngflokknum að taka þátt í sjálfri heimsmeistarakeppni söngsveita, en í þeirri keppni hefur bandarískum hópum aldrei tekist að sigra. Það kemur líka fljótlega í ljós að hinar grúppurnar í keppninni eru mun sigurstranglegri en Bellurnar og ef þær eiga að eiga minnstu möguleika á að enda í toppsæti verða þær að koma með eitthvað alveg nýtt og ferskt.

### RÚV

**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Stundin okkar**
**18.25** **Litli prinsinn**
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Andri á flandri í túristalandi**
**20.40** **Best í Brooklyn**
**21.05** **Versalir**
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Lögregluvaktin**
**23.05** **Fangar**
**23.50** **Kastljós**
**00.20** **Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** **Síminn + Spotify**
**08.00** **America's Funniest Home Videos**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **Life Unexpected**
**09.45** **Judging Amy**
**10.30** **Síminn + Spotify**
**13.00** **Dr. Phil**
**13.40** **American Housewife**
**14.05** **Your Home in Their Hands**
**15.05** **The Voice Ísland**
**16.35** **The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**17.15** **The Late Late Show with James Corden**
**17.55** **Dr. Phil**
**18.35** **Everybody Loves Raymond**
**19.00** **King of Queens**
**19.25** **How I Met Your Mother**
**19.50** **The Odd Couple**
**20.15** **Man With a Plan**
**20.35** **The Mick**
**21.00** **This is Us**
**21.45** **MacGyver**
**22.30** **The Tonight Show**
**23.10** **The Late Late Show**
**23.50** **24**
**00.35** **Sex & the City**
**01.00** **Law & Order. Special Victims Unit**
**01.45** **The Affair**
**02.30** **This is Us**
**03.15** **MacGyver**
**04.00** **The Tonight Show**
**04.40** **The Late Late Show**
**05.20** **Síminn + Spotify**

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




2
**FLÚR OG FÓLK**
Við fylgjumst með 12 einstaklingum sem allir uppfylla eitt af þremur skilyrðum: Að vera með gamalt húðflúr sem þeir vilja láta flúra yfir að nýju, að vera með ör sem þeir vilja láta þekja með flúri eða bara að vera tilbúnir að setjast í tattústólinn sér til fegrunar!

SPENNANDI
**FIMMTUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

2
**MASTERCHEF PROFESSIONALS – AUSTRALIA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur sem byggður er á upprunalegu þáttunum en hér eru það matreiðslumeistarar sem keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



2
**THE BLACKLIST**
Raymond Reddington er hvergi banginn þegar hann og snillingarnir hjá FBI leysa stórglæpamál í sameiningu. **Hörkuspennandi þættir!**




2
**HOMELAND**
Glæný sería af þessum mögnuðu þáttum þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathieson sem er aftur flutt til Bandaríkjanna eftir að hafa komið í veg fyrir hryðjuverkaárás í Berlín.



2
**LETHAL WEAPON**
Spennandi framhaldsþáttur sem byggður er á hinum vinsælu Lethal Weapons myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum.



**PITCH PERFECT 2**
The Barden Bellas eru mættar á svæðið og nú ákveða stelpurnar í söngflokknum að taka þátt í sjálfri heimsmeistarakeppni söngsveita.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is



MÖGNUÐ HELGI Á GOLFSTÖÐINNI
ÓLAFÍA Á LPGA MÓTARÖÐINNI
ÓLAFÍA ÞÓRUNN KRISTINSDÓTTIR, FYRST ÍSLENDINGA, Á LPGA MÓTARÖÐINNI. HVAÐ GERIR ÓLAFÍA GEGN BESTU KYLFINGUM HEIMS?
ÞORSTEINN HALLGRÍMSSON MUN GERA MÓTINU ÝTARLEG SKIL Í MYNDVERI ÞAR SEM HANN FÆR TIL SÍN GÓÐA GESTI OG SÝNIR M.A. VIÐTÖL VIÐ ÓLAFÍU OG HENNAR FÓLK.
ATHUGIÐ AÐ MÓTIÐ ER SÝNT Á STÖÐ 2 SPORT 4 LAUGARDAG OG SUNNUDAG.
PureSilk Bahamas
TIGER Á PGA MÓTARÖÐINNI
TIGER ÆTLAR AÐ TAKA ÞÁTT Á OPNA FARMERS INSURANCE-MÓTINU SEM FER FRAM Á TORREY PINES Í SAN DIEGO.
FARMERS INSURANCE OPEN
Golfstöðin
PURE SILK BAHAMAS LPGA CLASSIC 26.-29. JANÚAR
FARMERS INSURANCE OPEN 26.-29. JANÚAR
COMMERCIAL BANK QATAR MASTERS 28.-29. JANÚAR
365.is | Sími 1817
365

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ



Fjölnir Þorgeirsson hestamaður verður 46 ára á árinu, hann er þekktur fyrir unglegt útlit sitt og virðist eldast vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sjónvarpsfréttamaðurinn Logi Bergmann hefur verið tíður gestur í skjáum landsmanna undanfarin ár, hann ber aldurinn einstaklega vel, en hann fagnar 51 árs afmæli sínu á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Söngkonan vinsæla Birgitta Haukdal verður 38 ára 28. júlí. Hún ber aldurinn einstaklega vel og ekki að sjá að hún sé að nálgast fimmtugsaldurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA



Gísli Marteinn Baldursson, dagskrárgerðarmaður hjá RÚV og fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, hefur vakið talsverða athygli fyrir það hversu unglegur hann er, en hann verður 45 ára á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Unglegir Íslendingar

Guðrún Jóna Stefánsdóttir
gudrunjona@frettabladid.is

Sumir virðast hafa greiðan aðgang að æskubrunninum. Fréttablaðið tók saman nokkra þekkta íslenska einstaklinga sem alltaf eru mjög unglegir að sjá.



Linda Pétursdóttir, athafnakona og fyrrverandi ungfrú Heimur, verður 48 ára á árinu. Hún ber aldurinn einstaklega vel. MYND/KJARTAN MÁR



Hilmir Snær Guðnason leikari fagnaði á dögunum 48 ára afmælinu sínu, það er ekki að sjá á stórleikaranum að hann sé að nálgast sextugsaldurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Elín Stefánsdóttir Hirst. fyrrverandi fjölmiðlakona og alþingismaður, verður 57 ára á árinu og ber aldurinn einstaklega vel. MYND/BONNI



Ragnhildur Gísladóttir verður 61 árs 7. október. Hún lítur mjög vel út og augljóst að hún á greiðan aðgang að æskubrunninum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Bíttu í rófuna

**Ef bitinn er þungur er rófan góð**



Geymist fersk í allt að þrjá mánuði
í kæli við rétt skilyrði

Er bragðbest þegar hún virkar
of þung fyrir sína stærð

Kaloríulítil og góð
uppspretta trefja

Inniheldur mikið
af C-vítamíni

Inniheldur enga fitu

Er nær hvergi jafnvinsæl með
mat eða sem snarl og á Íslandi

Var notuð í stað graskera á hrekkjuvöku
í Evrópu á árum áður því grasker voru ekki fáanleg

Verður fersk á ný ef hún er látin
liggja í ísvatni í nokkrar mínútur

ÞÚ VEIST
HVAÐAN ÞAÐ
KEMUR

íslenskt
grænmeti

islenskt.is

# Vörur sem standast kröfur okkar

**Ásgeir Hjartarson** hárgreiðslumeistari og **Bergþóra Þórsdóttir**, hárgreiðslu- og listförðunarfræðingur, munu í dag opna búð með Make Up For Ever förðunarvörunum innan Mask – Makeup & Airbrush Academy förðunarskólans.

„Þetta form á búð hér á landi hefur ekki verið til áður með Make Up For Ever förðunarvörum. Þetta kallast ekki „pro boutique“, heldur „showroom“ sem er nákvæmlega eins og „pro búð“ nema að það eru ekki innréttingar frá þeim og við megum ekki merkja húsnæðið okkar með stórum og miklum stöfum, heldur þarf þetta að vera svolítið falið og ekki í allra augsýn,“ segir Ásgeir Hjartarson hárgreiðslumeistari, en hann ásamt eiginkonu sinni Bergþóru Þórsdóttir, hárgreiðslumeistara og listförðunarfræðingi, mun opna búð í dag innan Mask – Makeup & Airbrush Academy förðunarskólans sem þau reka saman ásamt hárgreiðslustofunni Hairbrush.

„Við ætlum að halda aðeins upp á þetta í dag. Dj Tommi White verður að spila, við verðum með barþjóna á staðnum og ætlum að gefa nokkrum heppnum förðunarvörur í beinni og vera með einhvern smá kynningarafslátt,“ segir Ásgeir.

Með þessu fyrirkomulagi fá þau að njóta þeirra forréttinda að fá nýjar vörur frá Make Up For Ever á undan stórum búðum erlendis.

„Við komum til með að njóta þess að fá vörur um það bil mánuði áður en þær koma í stóru búðirnar eins og til dæmis Sephora,“ segir Ásgeir.

*En hvernig kom það til að þið vilduð taka inn þessar vörur?* „Begga lærði upp úr þessum vörum fyrir mörgum árum, eða um 1988, og hefur keypt og notað þessar vörur í gegnum tíðina. Við vorum hreinlega í vandræðum með að finna vörur í skólann þar sem merki í þessum gæðaflokki voru þá samningsbundin hér heima og við vildum ekki vera með einhvern samtíning heldur vörumerki sem er þekkt og stenst allar kröfur okkar,“ útskýrir Ásgeir.

„Make Up For Ever er mjög sterkt varðandi skóla og þjónar fagheiminum vel. Þeir eru nýtískulegir og gæðin eru á heimsmælikvarða,“ segir Ásgeir ánægður.



**Ásgeir Hjartarson og Bergþóra Þórsdóttir opna búð með Make Up For Ever förðunarvörunum innan Mask – Makeup & Airbrush Academy förðunarskólans.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VIÐ ERUM AÐ EINBLÍNA MEIRA Á FÓLK SEM ER AÐ VINNA VIÐ FAGIÐ OG FÓLK SEM HEFUR BRENNANDI ÁHUGA Á GÓÐUM VÖRUM OG KANN AÐ FARA MEÐ ÞÆR.**

Vörurnar frá Make Up For Ever hafa verið gífurlega vinsælar og hafa förðunarfræðingar hér á landi lengi beðið eftir því að vörunar yrðu fáanlegar hér. Það sem gerir vörurnar vinsælar er meðal annars gæði og flott markaðssetning.

*Hvað er það sem gerir þessar vörur vinsælar?* „Þeir eru með örar breytingar, nýta sér nýjustu tækni í þróun og framleiðslu varanna, en fyrst og fremst gæði,“ segir hann.

Allir geta keypt vörurnar, en Ásgeir bendir þó á að þau séu fyrst og fremst að fókusera á fagið sjálft og fólk sem starfar innan förðunargeirans.

„Við erum að einblína meira á fólk sem er að vinna við fagið og fólk sem hefur brennandi áhuga á góðum vörum og kann til að fara með þær. Við komum til með að geta boðið upp á svokölluð „pro kort“ sem gefur handhöfum 20 prósenta afslátt í búðinni en með skilyrðum og gegn vægri greiðslu,“ segir Ásgeir.

Spurður út í verðið segir Ásgeir vörurnar vera á svipuðu verði og önnur þekkt merki. „Sumt er dýrara og annað ódýrara. En við myndum segja að Make Up For Ever sé algjörlega í takt hvað varðar verð og gæði. Við höfum fengið aragrúa af skilaboðum þar sem línunni er fagnað loksins almennilega hér á landi,“ segir Ásgeir og bætir við að þau séu virkilega spennt.

gudrunjona@fettabladid.is









**Margrét og Henrik tóku vel á móti Guðna Th. og Elizu.** NORDICPHOTOS/AFP

# Blómakápan greinilega í uppáhaldi

Það er greinilegt að blómakápan frá fransk-kanadíska hönnuðinum Marie Saint Pierre er í miklu uppáhaldi hjá Elizu Reid, forsetafrú Íslands, sem var í opinberri heimsókn í Danmörku ásamt eiginmanni sínum, Guðna Th. Jóhannessyni. Kápa Elizu vakti athygli þegar hún klæddist henni við þingsetningarathöfnina í byrjun desember og nú aftur, í Danmerkurheimsókninni.

Margrét Þórhildur Danadrottning og Henrik prins tóku vel á móti þeim hjónum á þriðjudaginn í höllinni Amalíuborg sem er bústaður dönsku konungsfjölskyldunnar. Eliza skein skært í blómakápunni, ljósum kjól og Camper-skóm. Guðni sjálfur klæddist svo svörtum jakkafötum og var með vínrautt bindi. Margrét drottning var smart eins og hún á að sér að vera en hún klæddist hvítri pilsdragt og var með túrkísblátt skart. Henrik var í gráum jakkafötum og með ljósfjólublátt bindi við.

Þess má geta að blómakápan hennar Elizu kemur úr vetrarlínu seinasta árs. Kápan kallast Pyrola og á vef hönnuðarins segir að kápan „sé fyrir alla sem vilja gleyma sér í blómagarði“. Kápan er kragalaus með blómi á barminum. Kápan kostar rétt rúmar 200.000 íslenskar krónur.

**200.000 kr.**

**KOSTAR KÁPAN Í VEFVERSLUN MARIE SAINT PIERRE.**



**Eliza Reid klæddist kápunni flottu líka við þingsetningu í desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VETRARMARKAÐUR

# ELLINGSEN

# 30–90% AFSLÁTTUR

## VIÐ BREYTUM OG BÆTUM
## ALLT ÞARF AÐ FARA



MIKIÐ ÚRVAL AF
ÚTIVISTARBÚNAÐI
BAKPOKAR-TJÖLD-SVEFNPOKAR
MANNBRODDAR- GÖNGUSTAFIR O.M. FL
40% AFSLÁTTUR



ÖLL REIÐHJÓL
40% AFSLÁTTUR



ALLAR VEIÐIVÖRUR
40–80% AFSLÁTTUR



MIKIÐ ÚRVAL AF GÖNGU-
OG VETRARSKÓM
30–60% AFSLÁTTUR



SCOTT VÉLSLEÐAFATNAÐUR
OG FYLGIHLUTIR
30–60% AFSLÁTTUR



ALLIR NIKE OG
UNDER ARMOUR SKÓR
40% AFSLÁTTUR

ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR FRÍSTUNDINA Í ELLINGSEN

ELLINGSEN
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS

FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500

TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

18.01.17 – 24.01.17







1 8 vikna blóðsykurkúrinn
Michael Mosley

2 Petsamo
Arnaldur Indriðason







3 Tvísaga
Ásdís Halla Bragadóttir

4 Synt með þeim sem drukkna
Lars Mytting







5 Aflausn
Yrsa Sigurðuardóttir

6 Heiða
Steinunn Sigurðardóttir







7 Svartigaldur
Stefán Máni

8 Vögguvísurnar okkar
Ýmsir höfundar







9 Stúlkan sem enginn saknaði
Jónína Leósdóttir

10 Almanak Háskóla Íslands 2017
Þorsteinn S. / Gunnlaugur B.

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




Bryndís Gyða stefnir á meistaranám eftir að hún hefur lokið BA-náminu.

# Hlaut skólastyrk fyrir hæstu einkunn

**Bryndís Gyða Michelsen**, fyrrverandi fyrirsæta og stofnandi síðunnar Hún.is, stundar nú lögfræðinám við Háskóla Íslands af kappi. Bryndís er að massa námið því hún fékk hæstu meðaleinkunnina á seinustu önn, 8,37 nánar tiltekið, og skólastyrk í tilefni þess.

Upphaflega ætlaði Bryndís Gyða Michelsen í læknisfræði en eftir að hafa íhugað málið komst hún að því að lögfræði hentaði henni betur. „Lögfræðin fór að heilla mig eftir að ég átti strákinn minn og var að spekúlera hvað ég vildi læra. Ég er ansi sátt með valið og held að ég hafi valið hárrétt fag, lögfræðin er nefnilega einstaklega skemmtileg,“ segir Bryndís sem fékk ansi góðar fréttir um daginn þess efnis að hún hefði hlotið hæstu meðaleinkunnina sem gefin var í lögfræði á önninni.

„Það var ansi góð tilfinning að fá þessar fréttir. Ég vissi auðvitað í desember, eftir lokaprófin, hverjar einkunnir mínar voru og ég var ánægð með frammistöðu mína. En það er auðvitað mikill heiður að fá þennan skólastyrk sem háskólinn veitir þeim sem fá hæstu einkunn. Styrkurinn felst í greiðslu skólagjalda fyrir önnina. Mér finnst þetta frábært framtak hjá skólanum því þetta virkar án efa sem hvati fyrir nemendur.“

Bryndís Gyða kveðst alla tíð hafa átt auðvelt með bóklegt nám. „Já, bóklegt nám hefur alltaf legið vel fyrir mér en lykillinn að árangri er að mínu mati samviskusemi og að mæta í alla tíma og hlusta. Ég glósa mikið, bæði á fyrirlestrum og upp úr þeim bókum sem ég les í tengslum við námsefnið og það skiptir miklu máli til þess að ná góðum tökum á efninu,“ útskýrir Bryndís.

**EN ÞAÐ ER AUÐVITAÐ MIKILL HEIÐUR AÐ FÁ ÞENNAN SKÓLASTYRK SEM HÁSKÓLINN VEITIR ÞEIM SEM FÁ HÆSTU EINKUNN. STYRKURINN FELST Í GREIÐSLU SKÓLAGJALDA FYRIR ÖNNINA.**

„Ég er nú á þriðju önn og ég býst við að vera komin með BA-gráðuna eftir tæp tvö ár. Þá mun ég fara í mastersnám og þegar því er lokið langar mig að fara til útlanda og bæta við mig þekkingu þar og læra meira,“ segir Bryndís, spurð um hvað sé fram undan hjá henni. „Ég mun sérhæfa mig en hef ekki enn ákveðið í hverju það verður, það held ég að komi í ljós eftir því sem lengra líður á námið.“

**gudnyhronn@365.is**



**Bryndísi hefur alltaf gengið vel í bóklegu námi.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




**HRÍFANDI OG HJARTNÆMT VERÐLAUNAVERK!**

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Frosta Logasonar




## Félagslegur réttlætisriddari

Þegar ég verð orðinn stór ætla ég að verða réttlætisriddari. Það verður gaman. Þá ætla ég að ríða fram á óupplýstan ritvöll samfélagsmiðlanna og láta ljós mitt skína við öll möguleg tilefni. Umræðan um kynbundinn launamun býður upp á fjölmörg lækifæri.

Ég ætla líka að vera mikið í að móðgast fyrir hönd annarra. Eins og til dæmis þegar dýraverndunarsamtök ætla að gefa fátæku fólki pelsa. Þá ætla ég að titra af reiði og uppskera mikla velþóknun fyrir. Skítt með það hvort heimilislausir vilji þiggja slíkar gjafir eða ekki.

Og þó að ég hafi aldrei mætt á einn einasta leik í íslenskri kvennaknattspyrnu ætla ég að tryllast yfir því að fjölmiðlar sýni íþróttinni ekki meiri áhuga. Ekki ónýtt að geta slegið sig til riddara í augum kvenþjóðarinnar án þess að hafa minnsta áhuga á því sem konur taka sér fyrir hendur.

Þegar einhver samborgari minn vogar sér svo að spyrja um kostnað ríkissjóðs vegna hælisleitanda ætla ég að stökkva fram, auglýsa hversu mikill yfirburða siðferðisviti ég er, og segja viðkomandi að éta drullu. Því mér er misboðið og þá er það ég sem ræð.

Félagslegir réttlætisriddarar þurfa nefnilega ekki að gangast undir hefðbundna kurteisi í samskiptum. Sérstaklega ekki þegar rætt er við miðaldra hvíta karla. Þeir hafa fyrir löngu tapað rétti sínum til tilverunnar.

Það besta við að vera félagslegur réttlætisriddari er að staðreyndir skipta ekki máli. Bara tilfinningar. Síðan er það rosalegur lúxus að þurfa aldrei að fara út úr húsi til þess að auglýsa meinta góðmennsku. Maður lætur liðið bara heyra það á Facebook.


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

KRÓNAN



539 kr. pk.
Avocado í neti 750 g, Perú og Suður Afríku

JANÚAR GLEÐI
DAGLEG OFURTILBOÐ ÚT JANÚAR

fimmtudagur 26 JANÚAR
VNR. 41100145
MATARSTELL fyrir 6
hvítt með silfurrönd
7.995kr.
Almennt verð: 14.995 kr.
47% AFSLÁTTUR

föstudagur 27 JANÚAR
VNR. 0113448
ELEGANT OAK
192x1285, 8mm
1.395kr./m²
Almennt verð: 2.197 kr./m²
37% AFSLÁTTUR

VNR. 19606030
JH VEGGFLÍS
10x30cm, 8mm, hvít glans
1.990kr./m²
Almennt verð: 3.300 kr./m²
40% AFSLÁTTUR

Krono Original High Quality Made by Kronospan

laugardagur 28 JANÚAR
VNR. 13315038
STÁLA VASKUR
P-50, 53x37x18cm
14.995kr.
Almennt verð: 47.495 kr.
68% AFSLÁTTUR

VNR. 15332663
ELDHÚSTÆKI CONCETTO
m/ barka
18.995kr.
Almennt verð: 28.995 kr.
34% AFSLÁTTUR

VNR. 52253215
LED LOFTLJÓS
2x5W, 800lm, 32cm
2.490kr.
Almennt verð: 5.995 kr.
58% AFSLÁTTUR

TAKMARKAÐ MAGN AF HVERRI VÖRU

Allar verðupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Hvert tilboð gildir í einn dag meðan birgðir endast.

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN